

A photograph of a mountain landscape at night. A bright green aurora borealis (northern lights) is visible in the sky, illuminating the scene. The mountain is dark and rugged, with some snow visible on its peaks. The foreground shows a dark, grassy field with a few small lights in the distance.

ÁRSSKÝRSLA RÍKISÚTVARPSINS OHF.

1. september 2010 - 31. ágúst 2011




ÁRSSKÝRSLA RÍKISÚTVARPSINS OHF.

1. september 2010 til 31. ágúst 2011

AÐALFUNDUR RÍKISÚTVARPSINS OHF.

30. janúar 2012

SKIPURIT RÍKISÚTVARPSINS OHF.



SKIPURIT JÚNÍ 2011

STJÓRN

Svanhildur Kaaber, formaður
Margrét Frímannsdóttir
Ari Skúlason
Kristín Edwald, til 28. janúar 2011
Magnús Stefánsson
Magnús Geir Þórðarson, frá 28. janúar 2011

VARAMENN

Hlynur Hallsson
Signý Ormarsdóttir
Sigríður Ása Richardsdóttir
Helgi Pétursson
Þórey Anna Matthíasdóttir

ÚTVARPSSTJÓRI/FRAMKVÆMDASTJÓRI

Páll Magnússon

ÁRSSKÝRSLA RÍKISÚTVARPSINS OHF.

1. september 2010 til 31. ágúst 2011

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Hljóðvarp	5
Rás 1	5
Rás 2	25
Sjónvarp	31
Fréttapjónusta	49
Önnur starfsemi	53
Lykiltölur tengdar dagskrá	58
Ársreikningur	63
Áritun óháðra endurskoðenda	65
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	66
Yfirlit um heildarafkomu	67
Efnahagsreikningur	68
Yfirlit um sjóðstreymi	69
Yfirlit yfir eigið fé	70
Skýringar	71-85

INNGANGUR



Sigurður Óli Jensson malar leikmynd sem notuð var við tökum í Áramótaskaupinu

Niðurstaða þess rekstrarárs Ríkisútvarpsins sem hér er gert upp er í samræmi við þau markmið sem félagið setti sér. Annað árið í röð er rekstrarniðurstaðan í heild jákvæð og þetta er þriðja árið í röð sem hagnaður fyrir fjármagnsliði losar 500 milljónir króna. Þetta verður að teljast bærileg niðurstaða – ekki síst í ljósi þess að á sama tíma skertu stjórnvöld tekjur RÚV af almannaþjónustu um 200 milljónir króna. RÚV hefur nú mátt þola niðurskurð á tekjum af útvarpsgjaldi þrjú ár í röð. Nú er svo komið að árlegar þjónustutekjur eru að raunvirði um 900 m.kr. lægri en þær voru árið 2009, áður en skerðingar hófust. Á sama tíma hefur útvarpsgjaldið sem almenningur þarf að greiða hækkað úr 17.200 kr. í 17.900 kr. eða um 4,1%.

Aðrar kennitölur en þær sem snúa beint að rekstri eru einnig afar jákvæðar. Svo skemmtilega vill til að hlutdeild RÚV í heildarhlustun á útvarp á Íslandi og heildaráhorf á sjónvarp er nákvæmlega sú sama, 51% í báðum tilvikum. Þetta sýnir traustari stöðu Ríkisútvarpsins meðal þjóðarinnar en almannaðjónustumiðlar njóta almennt í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Við þessar miklu vinsældir bætast svo reglulegar kannanir sem sýna mikla og vaxandi yfirburði RÚV yfir alla aðra fjölmiðla þegar spurt er um traust.

Ýmis viðmið sem við settum okkur um dagskrá, og mæla má í tölum, náðust einnig. Hlutfall íslensks efnis á

kjörtíma í sjónvarpi var rúmlega 53%, hlutfall efnis frá Bandaríkjunum fór undir 25% og hlutfall íslenskrar tónlistar á Rás 2 náði 50% svo nokkur dæmi séu nefnd. Þessar góðu niðurstöður breyta því þó ekki að auðvitað ber dagskráin þess merki að þjónustutekjurnar til RÚV hafa verið skornar niður um nýu hundruð milljónir. Árin 2007-2009 gat RÚV leyft sér að taka þátt í framleiðslu á íslenskum þáttaröðum á borð við Mannaveiðar, Svartir englar og Hamarinn. Vegna niðurskurðarins hefur því miður þurft að draga verulega úr þátttöku RÚV í verkefnum af þessu tagi.

Að raunvirði hafa þjónustutekjurnar til RÚV lækkað um 24% en raunvirði útgjalda ríkisins í heild hefur lækkað um 14%. Svo mikill niðurskurður getur haft mjög alvarleg keðjuverkandi áhrif og sú er eflaust reyndin hjá RÚV. Lykillinn að því að gerðar verði þáttaraðir eins og þær sem nefndar voru hér að framan er að RÚV og aðrir innlendir aðilar fjármagni um 60%. Við það stórukast líkurnar á að þau 40% sem á vantar komi frá erlendum aðilum. Þar sem RÚV þurfti að draga jafn heiftarlega úr kostnaði og raun ber vitni brast grundvöllur margra verkefna af þessu tagi. Hefði RÚV fjármagn sem næmi allt að 40% í svona verkefni gæti það riðið baggamuninn með tilheyrandi ávinningi fyrir þjóðfélagið allt.

Verkefnin eru mjög ólík og heildarkostnaður við framleiðslu þeirra er mismikill. Sé gert ráð fyrir um 120 m.kr. kostnaði að meðaltali við framleiðslu á íslenskri þáttaröð og að RÚV leggi til 40% væri það um 50 m.kr. Hefði framlag til RÚV verið skorið niður til jafns við aðrar stofnanir hefði félagið haft um 400 m.kr. meira til ráðstöfunar á síðasta rekstrarári og það hefði dugað til að taka þátt í að framleiða átta þáttaraðir af svipaðri gerð og getið er um hér að ofan. Það hefði þýtt að einn leikinn þáttur gæti verið á dagskrá sjónvarps í viku hverri.

RÚV hefði trúlega ekki lagt allar 400 milljónirnar í leikið sjónvarpsefni, hluti hefði farið í kaup á íslenskum kvikmyndum, heimildamyndum, tónlist og jafnvel öðru. Með auknu ráðstöfunarfé getur RÚV sett sér metnaðarfullri

markmið um kaup á dagskrárefni og í auknum mæli verið meðframleiðandi dagskrárefnis.

Flestir þættir í starfseminni sem félagið hefur sjálft tök á eru jákvæðir þótt við vildum auðvitað og ætlum okkur gera betur á ýmsum sviðum. Enn býr RÚV hins vegar við þá utanáðkomandi meinsemd að hafa í raun verið sett á fjárlög, þar sem útvarpsgjaldið rennur ekki lengur óskipt til félagsins heldur taka stjórnvöld 700 milljónir, ef miðað er við áætlaða innheimtu, eða um fimmtung af gjaldinu

til annarra þarfa ríkissjóðs. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um að það er ótækt að RÚV þurfi að deila útvarpsgjaldinu þannig með stjórnvöldum á hverjum tíma. Það er ekki aðeins að fjárhagslegri stöðu félagsins sé teft í tvísýnu með þessu fyrirkomulagi heldur er lífsnauðsynlegu ritstjórnarlegu sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart ríkisvaldinu stefnt í hættu. Þessu verður að breyta.

Páll Magnússon
útvarpsstjóri



Aðstæður á vettvangi geta oft verið erfiðar

HLJÓÐVARP



Jónatan Garðarsson dagskrárgerðarmaður

RÁS 1

Á starfsárinu bauð Rás 1 vandaða dagskrá í tilefni af áttatíu ára afmæli Ríkisútvarpsins. Minni óvissa ríkti um reksturinn en starfsárið á undan og dregið var úr notkun eldra efnis sem gripið var til þegar niðurskurðurinn árið 2009-2010 kom fram af fullum þunga. Aukin áhersla hefur á ný verið lögð á að kaupa dagskrárefni af sjálfstætt starfandi dagskrárgerðarfólki, m.a. til þess að auka fjölbreytni í dagskrá.

Litlar breytingar hafa orðið í röðum starfsmanna á Rás 1 en unnið er markvisst að því að fá ungt fólk í dagskrárgerð þegar tækifæri gefast. Hafa þær tilraunir tekist vel og unga fólkið gert ýmsar áhugaverðar tilraunir í útfærslu á efni.

Í júní 2010 varð sú breyting á daglegri stjórn Rásar 1 og Rásar 2 að deildarstjórinn tók yfir daglega dagskrárstjórn í sjónvarpi samhliða daglegri stjórn rásanna tveggja. Þetta hafði í för með sér nokkrar breytingar á vinnuferlum og eru þeir enn í mótun. Þessi breyting hefur m.a. leitt til þess að fleiri starfsmenn Rásar 1 hafa tekið að sér verkefni fyrir sjónvarp með góðum árangri og aukin samvinna er milli tónlistardeildar Rásar 1 og sjónvarps þegar kemur að vali á tónlist til upptöku fyrir sjónvarp.

Á miðju ári 2010 lauk samningi um kaup á tónlistarefni frá Evrópu til flutnings að næturlagi. Í kjölfarið var ákveðið að endurflytja á nóttunni valda dagskrárlíði frá deginum áður. Lögð var áhersla á að vanda uppröðun

þátta að næturlagi og er gengið út frá því að þar skiptist á tónlistarþættir og talmálþættir. Þessi tilhögun hefur fallið í góðan jarðveg hjá hlustendum og verður henni framhaldið.

Á árinu hlaut útvarpsleikhúsið Norrænu útvarpsleikritaverðlaunin fyrir verkið *Djúpið* og var leikritið einnig tilnefnt til verðlauna á Grand Prix hátíðinni í Berlín. Samstarf við Háskóla Íslands var eftt á árinu og aðsókn á námskeið í dagskrárgerð sem RÚV og HÍ standa saman að hefur aukist.

TALAÐ MÁL

Haldið var áfram að útvarpa helstu dagskrárþáttum á Rás 1 líkt og verið hefur. Vegna niðurskurðar síðustu ára er þess tæpast að vænta að ráðist sé í kostnaðarsama nýbreytni. Stefnan

RÁS 1



Bergljót Haraldsdóttir verkefnastjóri tónlistar

hefur fyrst og fremst verið að halda sjó og sjá til þess að meginstöðirnar séu styrktar.

Áttatíu ára afmæli

Ríkisútvarpið átti áttatræðisafmæli 20. desember og var þess að sjálfsögðu minnst með ýmsu móti. Kjörorð afmælisins voru þessi: *Ríkisútvarpið, samkomuhús þjóðarinnar í áttatíu ár*. Á Rás 1 hófst þáttaröð laugardaginn 9. október sem stóð fram í desember. Fyrst var þátturinn *Ljósið tendrað*, um upphaf starfseminnar, í umsjá Elínar Lilju Jónsdóttur og síðan þáttur um málrækt og málvernd í útvarpi og önnuðust hann Bergljót Baldursdóttir og Ásgrímur Angantýsson, málfarsráðunautur. Þá tóku við átta þættir undir nafninu *Útvarpsraddir*, þar sem fjallað var um jafn

Helstu flokkar dagskrárefnis hljóðvarps		
	Rás 1 [klst.]	Rás 2 [klst.]
Samfélags- og dægurmál	910	845
Skemmtiefni	244	376
Trúmál	104	0
Leikið efni	53	0
Vísinda- og fræðsluefni	3.468	11
Sígild / létt sígild tónlist	2.138	0
Dægurtónlist	638	5.289
Fréttir og fréttatengt efni	931	1.571
Íþróttir	0	258
Auglýsingar	261	390
Kynningar	13	20
SAMTALS	8.760	8.760

marga útvarpsmenn, karla og konur, sem sett hafa svip á dagskrána á þessu langa tímabili. Þeir voru þessir og er umsjónarmanna getið í svigum: Sigrún Ögmundsdóttir, fyrsti þulurinn (Elín Hirst), Þorsteinn Ö. Stephensen leiklistarstjóri (Viðar Eggertsson), Ingibjörg Þorbergs tónlistarfulltrúi (Ingveldur G. Ólafsdóttir), Jón Múli Árnason þulur (Þorgrímur Gestsson), Gunnvör Braga Sigurðardóttir, umsjónarmaður barnaefnis (Vernharður Linnét og Sigurlaug M. Jónasdóttir), Margrét Jónsdóttir fréttamaður (Guðmundur Gunnarsson), Bjarni Felixson íþróttafréttamaður (Kristján Sigurjónsson) og Stefán Jón Hafstein dagskrárstjóri Rásar 2 (Ágúst Bogason).

Á afmælisdaginn sjálfan, 20. desember, var bein útsending úr stúdíói 12 óslitið frá klukkan 13 til 18. Þangað var boðið mörgum gestum og flutt lifandi tónlist, en umsjónarmenn voru Sigurlaug M. Jónasdóttir og Ævar Kjartansson.

Í janúar hófst þáttaröðin *Aldarspegill í útvarpi*, flutt síðdegis á laugardögum í umsjá Eggerts Þórs Bernharðssonar sagnfræðings. Þar var í átta þáttum fjallað um hvernig viðburðir sögunnar spegluðust í útvarpinu. Hver þáttur var helgaður einum áratug, frá 1930 til 2010, og brugðið upp fjöldamörgum svipmyndum úr segulbandasafni allt frá elstu upptökunni sem þar er varðveitt, viðtali við Jóhannes Kjarval listmálara fimmtugan árið 1935.

Fastir þættir

Nokkur skipti hafa orðið á umsjón-



Nathalia Druzin Halldórsdóttir og Margrét Sigurðardóttir

armönnum helstu þátta, en flestir þáttastjórnendur eru enn sem áður þaulreynt dagskrárgerðarfolk.

Á sunnudagsmorgnum hélt Ævar Kjartansson áfram samræðum sínum um heimspekileg og þjóðfélagsleg álitamál. Í september voru á dagskrá þættirnir *Framtíð lýðræðis* sem Ævar stýrði í samvinnu við Ágúst Þór Árnason. Frá október og fram í janúarbyrjun voru þættirnir *Heimur hugmyndanna* þar sem samverkamaður Ævars var Páll Skúlason. Þá tóku við umræðuþættir þar sem fjallað var um

horfur í þjóðlífinu á ýmsum sviðum eftir efnahagshrunið. Þættir þessir bera nafnið *Landið sem rís* og Jón Ormur Halldórsson stjórnar þáttunum með Ævari. Í júnímánuði var sérstakri athygli beint að arfleifð Jóns Sigurðssonar forseta og saga hans og stefnumál borin upp að ljósi samtíðarinnar. Tilefnið var að tvö hundruð ár voru liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar 17. júní 1810. Þá var Ágúst Þór í apríl og maí með sérstaka þáttaröð um stjórnskipunina, *Stjórnamarskrá að eigin vali*.

RÁS 1

Hanna G. Sigurðardóttir var umsjónarmaður morgunþáttarins *Vítt og breitt* frá mánudegi til föstudags. Til áramóta starfaði Guðrún Gunnarsdóttir með Hönnu og eftir áramót og fram á sumar Sigurlaug M. Jónasdóttir.

Samfélagið í nærmynd var undir stjórn Leifs Haukssonar og Hrafnhildar Halldórsdóttur fram undir vetrarlok. Þá fór Leifur til starfa við *Landann* í sjónvarpinu, en Guðrún Gunnarsdóttir kom að stjórn *Samfélagsins* ásamt Hrafnhildi.

Víðsjá var sem fyrr á dagskrá fimm daga vikunnar, hófst kl. 16.05 að vetrinum en rúmlega 17 um sumarið. Umsjónarmenn frá september fram að áramótum voru Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Guðni Tómasson, Sigríður Stephensen og Árni Kristjánsson, sem kom í stað Eiríks Guðmundssonar en hann var í leyfi til ritstarfa. Eiríkur tók aftur við starfi sínu í janúar og fór Árni þá að sinna annarri dagskrárgerð. Undir vor kom Haukur Ingvarsson aftur í lið umsjónarmanna eftir langa fjarveru vegna ritstarfa. Sem fyrr gerði *Víðsjá* menningarviðburðum skil og fylgdist vel með öllu sem við bar á þeim vettvangi. Á föstudögum voru oft þættir um ákveðin efni af sérstöku tilefni. Umsjónarmenn *Víðsjár* gerðu einnig staka menningar-sögulega þætti.

Um veturinn var *Spegillinn* í umsjá fréttastofu að loknum kvöldfréttum kl. 18.00. Um sumarið var hins vegar flutt úrval úr síðdegisútvarpi Rásar 2 á þessum tíma. Nýr vikulegur þáttur

hófst í september og stóð fram í maí. Hann nefndist *Málstofan* og fjallaði um íslenskt mál, sögu þess, ýmiss konar málsnið og beitingu máls í ólíku samhengi. Flytjendur voru ýmsir málfræðingar, en Ásgrímur Angantýsson, málfarsráðunautur, hafði umsjón með þáttunum.

Á þriðjudagskvöldum yfir veturinn var sem fyrr á dagskrá þátturinn *Í heyrenda hljóði*, upptökur frá málstofum og þingum, ekki síst á vegum Háskóla Íslands. Umsjónarmaður þáttarins var Ævar Kjartansson. Var þar haldið áfram að ræða þjóðfélagsaðstæður eftir bankahrunið. Einnig voru málþing um trú og kirkjumál.

Þáttur Brynhildar Björnsdóttur og Kristínar Evu Þórhallsdóttur,

Leynifélagið, var á dagskrá allt árið, mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga. Þátturinn hefur löngu unnið sér fastan sess meðal yngstu hlustendanna. Þar er fjallað um ýmis áhugamál barna, miðlað hvers konar fróðleik og framhaldssaga lesin. *Leynifélagið* tók þátt í Degi íslenskrar náttúru með umhverfisráðuneytinu með sérstakri útsendingu að morgni dags. Slík útsending var líka á Degi barnabókarinnar. Umsjónarmenn *Leynifélagsins* sóttu ráðstefnu í Danmörku sem fjallaði um notkun útvarps, sjónvarps og vefsins í miðlun barnaefnis.

Á föstudagsmorgnum hélt áfram þátturinn *Sagnaslóð* með sömu umsjónarmönnum, Birgi Sveinbjörnssyni og Jóni Ormari Ormssyni. Gunnar



Guðni Tómasson ræðir við Mugison

Stefánsson leysti þá af hluta sumars með þættinum *Af minnisstæðu fólki*. Ýmsar þáttaraðir voru fluttar og komu þar við sögu umsjónarmenn sem ekki hafa áður starfað á Rás 1, en gátu sér gott orð fyrir þætti sína. Má þar telja átta þætti um uppnám efnahagslífsins á síðustu árum, *Ris og fall flugelda-hagkerfa*, sem Þórður Víkingur Friðgeirsson annaðist. Magnús Sveinn Helgason gerði fimm þætti undir fyrir-sögninni *Fjármálamiðstöðin Ísland*. Einnig má nefna fjóra þætti um kynferðisofbeldi á Íslandi í umsjá Eddu Jónsdóttur. Þeir voru á síðustu mánudum ársins 2010 en þá tók við fimm þátta röð, *Fulltrúar framtíðarinnar*, þar sem rætt var við ungmennti á aldrinum fjórtán til átján ára í umsjón Hildar Björgvinsdóttur. Frá febrúarmánuði og fram á vor var þáttaröðin *Þær höfðu áhrif*, um konur sem mörkuðu spor í söguna, í umsjá Erlu Tryggvadóttur. Loks má nefna fastan þátt háskólanema sem heitir *Fólk og fræði*; þar var fjallað um hinar sundurleitustu fræðigreinar.

Jónas Jónasson hélt áfram sínum rótgróna þætti, *Kvöldgestum*, á föstudagskvöldum. Á sunnudagsmorgnum kynnti hann gömul samtöl sín úr safni útvarpsins, *Sumar raddir*.

Líkt og í fyrra var mjög mikið af gömlu völdu efni á dagskrá og ekki rúm til að telja það upp, en reynt var að gæta fjölbreytni í valinu. Úrvalspættir úr safninu voru fluttir á fimmtudagskvöldum undir nafninu *Útvarpsperlur*. Af lengri þáttaröðum sem voru endurfluttar má telja átta þátta röð, *Styrjaldarleiðtogarnir*, sem Páll



Víðsjá undirbúin. Þorgerður E. Sigurðardóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Guðni Tómasson og Ingi Björn Guðnason

Heiðar Jónsson og Dagur Þorleifsson gerðu árið 1972. Loks er ástæða til að nefna að 17. júní var endurfluttur langur og vandaður heimildapáttur um Jón Sigurðsson forseta frá 1979, gerður af Einari Laxness.

BÓKMENNTIR

Umfjöllun um bókmenntir á dagskrá Rásar 1 á síðasta reikningsári var með hefðbundnum hætti. Vegna áframhaldandi samdráttar var sem fyrr takmarkað svigrúm til að gera nýja þætti um einstök skáld og verk þeirra. Eins og undangengin ár vógu temapættir *Víðsjár* á föstudögum nokkuð upp á móti, þar sem fjallað var um ólík menningarleg málefni, skáld og aðra listamenn. Nefna má þátt um Gyrði Elíasson fimmtugan og þátt um Thor Vilhjálmsson við andlát hans. Þá voru gerðir sérstakir þættir um þær Svövu Jakobsdóttur og Jakobínu Sigurðardóttur en sumarsögur *Víðsjár* voru að þessu sinni eftir þær. Einnig var gerður þáttur um Matthías Jochumsson í tilefni þess að 175 ár voru liðin frá fæðingu hans. Af erlendum höf-

undum hugaði menningarþátturinn *Víðsjá* aðallega að heimspekingum og baráttufólki með þáttum um Vandana Shiva, Hönnu Arendt og Noam Chomsky. Þá var sérstakur þáttur um rokkskáldið Bob Dylan sjötugan.

Í marsmánuði var fylgst grannt með því þegar tilkynnt var að Gyrðir Elíasson hlyti Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2011 fyrir smásagnasafnið *Milli trjánna*. Norðurlandaráð bauð nokkrum blaðamönnum, m.a. einum fulltrúa Rásar 1, til Óslóar til að fylgjast með viðburðinum. Þáttur um verk Gyrðis var á dagskrá í kjölfarið.

Að vanda var útvarpað beint frá setningu Alþjóðlegrar bókmenntahátíðar í Reykjavík í byrjun september og nánast hver einasta samkoma tekin upp af dagskrárgerðarfólki Rásar 1. Þessu efni var útvarpað í *Víðsjá* á meðan á bókmenntahátíð stóð en einnig í bókmenntaþættinum *Skorningum*. Samkomur Alþjóðlegrar ljóðahátíðar í Reykjavík í október voru einnig hljóðritaðar. Það efni var nýtt bæði í *Víðsjá*

RÁS 1

og *Skorningum*. Þá átti Ríkisútvarpið Rás 1 fulltrúa á Bókakaupstefnunni í Frankfurt í október 2010 en haustið 2011 verður Ísland heiðursgestur kaupstefnunnar. Á grundvelli heim-sóknarinnar voru gerðir þrír þættir um þessa stærstu og elstu bókakaup-stefnu í heimi og undirbúninginn fyrir þátttöku Íslendinga.

Sem fyrr voru þættir um bókmenntir og menningarsögu á sunnudags-morgnum. Í september voru fluttir þættir Þórdísar Gísladóttur og Þor-gerðar E. Sigurðardóttur, *Á kerlingaslóðum*, um minningabækur víð-förulla íslenskra kvenna. Fluttir voru tveir þættir frá málþingi í Fljótum í Skagafirði um skáldkonuna Guðrúnu frá Lundi, *Er enn líf í Hróttadal?* Einnig var í september þáttur sem Gunnar Stefánsson tók saman, *Heim-urinn og þú*, um skáldið Heiðrek Guðmundsson á aldarafmæli hans. Í byrjun október gerði Gunnar annan þátt af hliðstæðu tilefni, hét hann

Sagnaskáld af Suðurlandi og fjallaði um Guðmund Danielsson. Hinn 10. október hófst fjögurra þátta röð um rússneska skáldjöfurinn Leo Tolstoj, ævi hans og verk, í tilefni hundruð-ustu ártíðar hans í nóvember. Árni Bergmann sem oft hefur frætt hlust-endur um rússneskar bókmenntir tók þessa þætti saman. Í nóvember og desember var sem fyrr á þessum tíma á sunnudögum þátturinn *Bókabíng* í umsjá Gunnars Stefánssonar, þar sem lesið var úr nýjum bókum, aðallega ís-lenskum skáldverkum, ævisögum og fræðiritum.


Um jólin var ýmislegt bókmenntalegt efni: Eiríkur Guðmundsson fjallaði um skáldið Gísla Brynjúlfsson og Arthúr Björgvin Bollason gerði þátt um Goethe í Frankfurt. Þá var um jólin útvarpað erindi Péturs Gunnarssonar um Sigurð Nordal frá afmælisdegi Sigurðar. Eins voru fluttir aðrir þættir af vettvangi lista, m.a. þáttur Guðna Tómassonar um Erling Jónsson

myndhöggvara og þáttur Ævars Kjartanssonar um kristin minni í myndlist.

Eftir áramót hófst umfjöllun um Jón Sigurðsson forseta, afmælisbarn árs-ins. Voru á dagskrá fyrstu sunnudags-morgna ársins þættir frá málþingi á Skagaströnd haustið áður þar sem fræðimenn ræddu um forsetann og stöðu hans meðal þjóðarinnar frá ýmsum sjónarhornum.

Um miðjan janúar hófst fjögurra þátta röð sem Yrsa Þöll Gylfadóttir, ungur rithöfundur og bókmenntafræðingur, tók saman og fjallaði um hnignun eða dekadens í bókmenntum og listum í lok nítjándu aldar og byrjun hinnar tuttugustu. Að því loknu tók Þorgrímur Gestsson við með fjóra þætti sem hann nefndi *Færeyjar út úr þokunni* og var þar fjallað um ýmislegt í sögu og menningu granna okkar. Í mars gerði Soffía Auður Birgisdóttir tvo þætti um bandarísku skáldkonuna Carson McCullers og sögu hennar, Kaffihús tregans.

Frá marslokum til páska var á dagskrá fjögurra þátta röð þar sem Tryggvi Gíslason fjallaði ítarlega um Jónas Hallgrímsson og íslenska ljóðahefð. Um páskana voru tveir þættir af tagi bókmennta, þáttur Eiríks Guðmunds-sonar um danska heimspekinginn Sören Kierkegaard og Margrét Eggerts-dóttir gerði þátt um sálma samtíðar-skálda en fjallað var um Sigurbjörn Einarsson, biskup, Aðalstein Ásberg Sigurðsson, Gerði Kristnýju, Hjört Pálsson, Jónu Hrönn Bolladóttir og Vilborgu Dagbjartsdóttur.



Svanhildur Jakobsdóttir niðursokkin í vinnu



Arndís Björk Ásgeirsdóttir

Undir vorið voru á sunnudagsmorgnum tveir þættir Auðar Aðalsteinsdóttur og Ástu Gísladóttur um George Eliot og sögu hennar, Silas Marner. Hún kom út í íslenskri þýðingu árið 2010 eins og Kaffihús tregans. Á sumardaginn fyrsta gerði Gunnar Stefánsson þátt um skóginn í bókmenntum í tilefni af alþjóðlegu ári skóga. Á hvítasunnu gerði Gunnar þáttinn *Hvítasunna í skáldskap og ræðum*.

Fríða Björk Ingvarsdóttir gerði tvo þætti um þekkt þýsk skáld en hún fjallaði annars vegar um W.G. Sebald og hins vegar um Günter Grass og ólíkt uppgjör þessara tveggja manna við Hitlers-Þýskaland.

Þar næst gerði Hjalti Snær Ægisson tvo þætti um Dante og Gleðileikinn

guðdómlega í tilefni af því að út kom þýðing Erlings E. Halldórssonar á Gleðileiknum.


Í júnímánuði og fram í júlí var endurflutt þáttaröð frá 1999 þar sem Kolbeinn Óttarsson Proppé fjallaði í fimm þáttum um ýmis þjóðernistákn undir heildarheitinu *Fáni og flattur þorskur*. Að því loknu, í júlí og fram í ágúst, var Fríða Björk með aðra þáttaröð, fjóra þætti sem hétu *Konur, geðveiki og sköpunarþráin* og fjallaði hún um sjálfsævisöguleg skáldverk kvenna.

Í lok ágúst voru svo tveir þættir hljóðritaðir á málþingi á Borg í Grímsnesi. Þar var fjallað um skáldskap Einars Más Guðmundssonar, aðallega þrjár tengdar skáldsögur hans sem sækja efnivið sinn í Grímsnesið. Þá var út-

varpað í tveimur hlutum Ritþingi með Pétri Gunnarssyni rithöfund, upptöku úr Gerðubergi.

Bókmenntaþátturinn *Skorningar* var á dagskrá á sunnudögum kl. 18.17.

Jórunn Sigurðardóttir hefur umsjón með þáttunum ásamt bókmenntafræðingunum Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur og Magnúsi Erni Sigurðssyni. Í þáttunum er ýmist fjallað um eitt bókmenntaverk eða fleiri, innlent eða erlent og höfund þess. Einnig er fjallað um leikritun og ákveðin fyrirbæri bókmenntanna og samfélagslegt samhengi þeirra eru tekin fyrir. Í aðdraganda jóla taka þættirnir mið af miklum fjölda nýútkominna bóka og þá er m.a. leitast við að draga upp sýnilegar línur og áherslur í útgáfunni. Í janúar og febrúar var gerð grein fyrir bókmenntaverkum sem tilnefnd voru til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs eins og venja er. Marta Guðrún Jóhannesdóttir kom þá til liðs við þáttinn. Í *Skorningum* er einnig fjallað um helstu bókmenntaverk og



Steinunn Harðardóttir

RÁS 1



Jónas Sigurðsson tónlistarmaður og Magnús R. Einarsson dagskrárgerðarmaður

bókmenntaverðlaun utan Norðurlandanna, svo sem í Þýskalandi, Bretlandi og víðar.

Árið um kring er í *Víðsjá* sagt frá bókmenntaviðburðum og nýjum bókum, bæði íslenskum og erlendum, og rætt við höfunda og fræðimenn. Bókmenntagagnrýni var á sínum stað frá miðjum september og fram í febrúar og má enn lesa þá gagnrýni á vefnum og hlusta á hana í hlaðvarpi þáttarins. Gagnrýnendur voru þau dr. Gauti Kristmannsson, Auður Aðalsteinsdóttir og Pröstur Helgason.

Bókmenntaverðlaun Ríkisútvarpsins voru að vanda veitt í desember. Að þessu sinni hlutu Eiríkur Guðmunds-

son og Kristín Marja Baldursdóttir verðlaunin. Á páskum gerði Soffía Auður Birgisdóttir þátt um Kristínu Marju af þessu tilefni.

Af endurfluttu efni sem setti mikinn svip á dagskrána, voru ýmsir þættir bókmenntalegs efnis. Þar á meðal má nefna tíu þætti Árna Sigurjónssonar, *Skrafað um meistara Þórberg*, frá 1989, þátt Hjalms Sveinssonar frá 2003 um Dag Sigurðarson, þátt Jörunnar Sigurðardóttur um ítalska rithöfundinn Daciú Maraini frá 2007 og þátt Jóns Karls Helgasonar um það þegar Halldóri Laxness voru afhent Nóbelsverðlaunin 1955. Einnig voru endurfluttir þættirnir *Sex dagar í desember*,

frá 1993, þáttur Gunnars Stefánssonar *Í dag er ég ríkur* um Sigurð Sigurðsson frá Arnarholti frá 2000 og þáttur Jóns Özurar Snorrasonar um Einar H. Kvaran, *Höfuðstaður í mannsmynd* frá 1995. Þá má nefna þrjá þætti Friðriku Benónýsdóttur um uppvöxt Sigurðar Breiðfjörð frá 1991, þátt Magnúsar Rafnssonar um glæpasagnadrottninguna Agöthu Christie frá 1990, þátt Eiríks Guðmundssonar um Konráð Gíslason frá 1999, dagskrá í umsjón Jóns Proppé sem byggð var á verkum Nínu Bjarkar Árnadóttur frá 2001 og fjóra þætti Elísabetar Jökulsdóttur um erótík í nokkrum skáldsögum Halldórs Laxness frá árinu 2000.

FRAMHALDSSÖGUR

Útvarpssagan var lesin fimm daga vikunnar allt árið og að auki kvöldsaga um sumarmánuðina, frá júníbyrjun til ágústloka. Hér eru taldar útvarpsögur á tímabilinu, lesnar í þessari röð: *Húsið* eftir Guðmund Daníelsson, Jóhann Sigurðarson las; *Stormur* eftir Einar Kárasen, höfundur las; *Himnaríki og helvíti* eftir Jón Kalman Stefánsson, höfundur las. Í desember var að venju síðustu ára lesin *Aðventa* eftir Gunnar Gunnarsson, lesari að þessu sinni Ragnheiður Steindórsdóttir. Milli jóla og nýárs var útvarpsagan *Fjandinn hleypur í Gamaliel* eftir William Heinesen, Þorgeir Þorgeirson þýddi, Kristján Franklín Magnús las. Eftir áramót kom *Höll minninganna* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson, Þórhallur Sigurðsson las. Því næst voru á dagskrá í 25 lestrum kaflar úr skáldævisögu Guðbergs Bergssonar, *Bernskan*,

höfundur las. Síðan komu þessar sögur: *Rán* eftir Álfrúnu Gunnlaugsdóttur, Kristbjörg Kjeld las; *Kamala*, saga frá Indlandi eftir Gunnar Dal, Sunna Borg las (hljóðrituð 1988); *Náðarkraftur* eftir Guðmund Andra Thorsson, höfundur las; *Þriðja ástin* eftir Nínu Björk Árnadóttur, höfundur las (hljóðritun frá 1999) og *Hin hljóðu tár*, ævisaga Ástu Sigurbrandsdóttur, Sigurbjörg Árnadóttir skráði söguna og las. Loks er að telja sögur tveggja Nóbelshöfunda: *Og sólin rennur upp* eftir Ernest Hemingway, Karl Ísfeld þýddi, Baldur Trausti Hreinsson las og *Hver myrti Móleró?* eftir Mario Vargas Llosa, Sigrún Ástríður Eiríksdóttir þýddi, Guðrún S. Gísladóttir las.

Kvöldsögur í júní, júlí og ágúst voru tvær langar sögur, klassísk verk úr íslenskum bókmenntum, bæði úr safni útvarpsins. Þetta voru *Njáls saga*, lestur Einars Ólafs Sveinssonar frá 1972 og *Ofvitinn* eftir Þórberg Þórðarson, Þorsteinn Hannesson las, hljóðritað 1975.

ÚTVARPSLEIKHÚSIÐ

Ný framleiðsla

Í útvarpsleikhúsinu hefur verið lögð sérstök áhersla á framleiðslu og flutning nýrra íslenskra verka og því hefur hlutur þeirra verið síst minni en oft áður. Sú menningarpólitíska stefna Útvarpsleikhússins hefur hlotið þó nokkra athygli og viðurkenningu. Á tímabilinu voru sjö verk frumflutt.

Ýmis uppátæki Útvarpsleikhússins til að kynna verk sín mæltust vel fyrir. Hér skal nefna þrjú atriði: Boðið var upp á forflutning á útvarps-

leikritinu *Herbergi 408* í Bíó Paradís. Þangað kom fólk og hlustaði í myrkriinu á útvarpsleikrit í stað þess að horfa á kvikmynd. Boðið var upp á popp og kók.

Leikritið *Náföl* var sent út 1. apríl á samtengdum rásum útvarps kl. 13 og kynnt sem hinn nýi útvarpsþáttur *Kallinn*, enda gerist leikritið í útvarpsþættinum *Kallinum* 1. apríl á ónefndri útvarpsstöð. Þátturinn er dæmigerður

hlutverki, séra Sigvalda, frá árinu 1957 vakti mikla ánægju hlustenda. Leikritið var sent út fyrsta sunnudag ársins, 2. janúar, og stóð í tvo og hálfan tíma. Þetta var réttum áttatíu árum eftir að fyrst var flutt leikrit í Ríkisútvarpinu. Mesta hlustun var á Rás 1 af öllum útvarpsstöðvum landsins meðan á útsendingunni stóð en yfir 30.000 manns hlustuðu þennan dimma janúardag.



Leikritið *Fyrir hamarinn* eftir Guðmund Oddsson var flutt í Útvarpsleikhúsinu í nóvember 2010.

popúlistapáttur á „frjálsri“ útvarpsstöð. Viðbrögð hlustenda voru áhuga-verð. Hlustendur Rásar 1 vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið, en hlustendur Rásar 2 reyndu að hringja inn í „þáttinn“ til að hreppa vinninga, eins og pizzur og annað léttmeti.

Uppataka af *Manni og konu*, með Brynjólfi Jóhannessyni í sínu fræga

Frumflutt verk ársins

Djúpið eftir Jón Atla Jónasson. Eingleikur með Ingvari E. Sigurðssyni í leikstjórn höfundar. Tónlist: Hilmar Örn Hilmarsson. Hljóðvinnsla: Einar Sigurðsson.

Haukur og Lilja eftir Elísabetu Jökulsdóttur. Tónlist: Jarþrúður Karlsdóttir, nemandi í tónsmíðum við Listahá-

RÁS 1

skóla Íslands. Hljóðvinnsla: Einar Sigurðsson. Leikstjórn: Steinunn Knútsdóttir.

Fyrir hamarinn eftir Guðmund Oddsson. Leikstjórn: Steinunn Knútsdóttir. Hljóðvinnsla: Einar Sigurðsson. Leikstjórn og útvarpsaðlgun: Bjarni Jónsson.

Gamalt fólk fer ekki út á kvöldin eftir Þorstein Marelsson. Leikstjórn: Hallmar Sigurðsson. Hljóðvinnsla: Einar Sigurðsson.

Herbergi 408 eftir Hrafnhildi Hagalín

Verkið var frumflutt sem útvarpsleikrit 3. apríl, eftir að hafa þjónað hlutverki aprílhabbs eins og sagt er frá hér að framan.

Í speglinum sefur kónguló eftir Kristínu Ómarsdóttur. Leikstjóri: Kristín Jóhannesdóttir. Hljóðvinnsla: Einar Sigurðsson.

Útvarpsleikrit 50 ára og eldri

Reglulega hafa verið fluttar perlur úr safni útvarpsins sem eru orðnar 50 ára eða eldri. Að þessu sinni var

Kaflar úr leikritum Williams Shakespeare, Rómeó og Júlíu, Óþelló og Makbeð, í samantekt Ævars R. Kvaran. Þýðing: Matthías Jochumsson. Leikstjóri: Ævar R. Kvaran. Hljóðritun frá 1954.

Zykov fólkið eftir Maxim Gorki. Leikstjóri: Helgi Skúlason. Þýðandi: Ólafur Jónsson. Hljóðritun frá 1959.

Þrjár álnir lands eftir Leo Tolstoj. Leikstjóri: Lárus Pálsson. Þýðandi: Bjarni Benediktsson frá Hofteigi. Hljóðritun frá 1959.

Loginn helgi eftir Sommerset Maugham. Leikstjóri: Indriði Waage. Þýðendur: Karl Guðmundsson og Flosi Sigurbjörnsson. Hljóðritun frá 1959.

Deleríum búðónis eftir Jón Múla og Jónas Árnasyni. Tónlist: Jón Múli Árnason. Leikstjóri: Einar Pálsson. Hljóðritun frá 1954.

Maður og kona eftir Emil Thoroddsen og Indriða Waage, eftir samnefndri skáldsögu Jóns Thoroddsen. Leikstjóri: Valur Gíslason. Hljóðritun frá 1960.

Apakötturinn eftir Johanne Luise Heiberg. Leikstjóri: Baldvin Halldórsson. Þýðandi: Jón J. Aðils. Hljóðritun frá 1958.

Browning þýðingin eftir Terence Rattigan. Leikstjóri: Lárus Pálsson. Þýðandi: Bjarni Benediktsson frá Hofteigi. Hljóðritun frá 1955.

Eigi má sköpum renna, þrileikur eftir Eugene O'Neill. Leikstjóri: Gísli Halldórsson. Þýðandi: Árni Guðnason. Hljóðritun frá 1960.

Leiklistarþættir og stök leikrit

Verkefnisstjóri leiklistar hefur gert ýmsa þætti um leiklist og sviðslistamenn sem hafa verið á dagskrá Rásar 1



Leikritið Náföl var aprílhabb Útvarpsleikhússins, flutt samtímis á Rás 1 og Rás 2 1. apríl 2011

og Steinunni Knútsdóttur. Leikstjórn: Höfundar. Tónlist: Kira Kira (Kristín Björk Kristjánsdóttir). Hljóðvinnsla: Sigurður Ingvar Þorvaldsson. Framleitt af Netleikhúsinu Herbergi 408 fyrir Útvarpsleikhúsið.

Náföl eftir Ævar Þór Benediktsson. Leikstjórn: Guðmundur Ingi Þorvaldsson. Tónlist: Þórður Gunnar Þorvaldsson. Hljóðvinnsla: Einar Sigurðsson.

ekki síst haft í huga að halda upp á 80 ára afmæli Ríkisútvarpsins og minna þannig á þann fjársjóð sem RÚV á í fórum sínum þar sem eru upptökur af útvarpsleikritum frá því upptökur hófust árið 1946. Þessar perlur úr safninu hafa flestar verið fluttar síðla á fimmtudagskvöldum einu sinni í mánuði. Verkin eru:

Ástin, metnaðurinn og afbrýðin.



Leikararnir Ingvar E. Sigurðsson og Magnús Jónsson við upptökur í Útvarpsleikhúsinu

auk annarra tilfallandi þátta í dagskrá rásarinnar. Einnig hefur verkefnisstjórnin stjórnað nokkrum þáttanna *Lostafulli listræninginn*, þar sem fjallað er um menningu og listir á líðandi stundu og fundið til og sett á dagskrá *Útvarpsperlur*, en þær eru fastur dagskrárliður árið um kring. Þó að nýframleiðslu leikrita hafi verið haldið í lágmarki hefur Útvarpsleikhúsið sent út í hverri viku, alltaf á sunnudögum kl. 14. Markmiðið hefur verið að útvarpa nýjum verkum og þess á milli nýlegum leikritum úr safni, sem og nýjum og nýlegum þáttum tengdum leiklist.

Nýleg endurflutt leikrit

Nokkur nýleg leikrit voru endurflutt á árinu. Verkin eru:

Uppfræðsla Litla trés, fjölskylduleikrit í fjórum þáttum eftir Forrest Carter. Útvarpsleikgerð: Benóný Ág-
isson. Leikstjóri: Lárus Ýmir Óskars-
son. Hljóðritun frá 2007.

*Svo ég geti verndað þig betur, stelp-
an mín* eftir Daciu Maraini. Þýðandi
og leikstjóri: Vilborg Halldórsdóttir.
Hljóðritun frá 2007.

Kvöldstund með Ódó eftir Ásdís
Thoroddsen. Leikstjóri: Ásdís Thor-
oddsen. Hljóðritun frá 2007. *Gabriels-
guðspjall* eftir Svein Einarsson. Leik-
stjóri: Höfundur. Hljóðritun frá 2008.
Framtíð eftir Svein Einarsson. Leik-

stjóri: Höfundur. Hljóðritun frá 1994.

Engill í vesturbænum eftir Jón Hjart-
arson eftir samnefndri sögu Kristínar
Steinsdóttur. Tónlist: Karl Olgeirsson.
Leikstjóri: Sigrún Edda Björnsdóttir.
Hljóðritun frá 2008.

Besta jarðarförin eftir Kristján
Hreinsson. Leikstjóri: Kristín Jóhann-
esdóttir. Hljóðritun frá 2001.

Andvaka, leikrit í tveim hlutum eftir
George Tabori. Þýðandi og leikstjóri:
María Kristjánsdóttir. Hljóðritun frá
2008.

Símavinir eftir Jónas Jónasson. Leik-
stjóri: Höfundur. Hljóðritun frá 1990.

Það er hó! eftir Jónas Jónasson. Leik-
stjóri: Höfundur. Hljóðritun frá 1980.

Sólborgarmál í tveimur þáttum.

RÁS 1

Handrit og leikstjórn: Klemenz Jónsson. Hljóðritun frá 1986.

Dauði trúðsins í fimm þáttum, byggt á skáldsögu Árna Þórarinssonar. Útvarpsleikgerð: Hjálmar Hjálmarsson.

Leikstjóri: Guðmundur Ingi Þorvaldsson. Hljóðritun frá 2008.

Ýmsir þættir

Á ábyrgð Útvarpsleikhússins hafa verið ýmsir tilfallandi þættir í dagskrá sem hafa verið fluttir á hátíðum og einnig á hefðbundnum útsendingartíma Útvarpsleikhússins á sunnudögum. Verkefnisstjórinn hefur gert portrettþætti um horfna listamenn eins og Þorstein Ö. Stephensen leikara, leikstjóra og fyrsta leiklistarstjóra útvarps, Helgu Bachmann leikkonu, sem féll frá á árinu, og þátt um Odd Björnsson leikskáld, heiðursverðlaunahafa Grímunnar 2011. Einnig staka þætti í þáttaröðunum *Okkar á milli* og *Lostafullu listræninginn*.

Starf með ungu fólki

Reglulega kemur ungt fólk í starfskynningu, dvelur um tíma við upp-tökur útvarpsleikrita og fylgist með vinnunni við þau. Einnig hefur Útvarpsleikhúsið átt gott samstarf við tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Nemendur í tónsmíðum hafa tekið að sér að semja tónlist fyrir útvarpsleikrit og nemendur í hljóðfæraleik hafa leikið á hljóðfærin.

Tilraunir og nýsköpun

Segja má að í hverju frumfluttu útvarpsleikriti fari fram bæði tilraunir og nýsköpun. Þó er vert að vekja athygli á tveim sérstökum þáttaröðum sem Útvarpsleikhúsið flutti á starfs-

árinu og falla sérstaklega undir þennan flokk. Fyrst skal nefna þáttaröðina *Vort dramatíska líf*, fjóra fléttuþætti um dramatíska atburði úr samtíma okkar á Íslandi. Þættirnir voru unnir af þeim Eiríki Orra Ólafssyni, Elísabetu Indru Ragnarsdóttur, Frey Arnarsyni og Þorgerði E. Sigurðardóttur. Þau gerðu þættina á námskeiði RANA (Radiophonic Narration) undir hand-



Djúpið eftir Jón Atla Jónasson í flutningi Ingvars E. Sigurðssonar hlaut Norrænu útvarpsleikhúsverðlaunin 2011

leiðslu útvarpsfléttusérfræðingsins danska, Rikke Houd og samkennara hennar. Þorgerður E. Sigurðardóttir setti þættina saman og gerði kynningar sem leiddu áheyrendur inn í eðli og sérstöðu svona þáttagerðar. Þættirnir voru á dagskrá í febrúar og mars. Þá gerðu tveir ungir útvarpsmenn, þeir Árni Kristjánsson leikstjóri og Magnús Örn Sigurðsson bókmenntafræðingur, athyglisverðar tilraunir með útvarpsleikhúsið í sex þáttaröð sem þeir nefndu *Skapalón*. Þeir þættir voru á dagskrá í júní og júlí.

Verðlaun og viðurkenningar

Árleg verðlaunahátíð evrópskra ljósvakamiðla, Prix Europa, var haldin í Berlín seinni hluta októbermánaðar. Í keppnina höfðu verið send yfir hundrað útvarpsverk og af þeim hlutu 38 náð fyrir augum dómnefndar. Útvarpsleikhúsið átti tvö þeirra verka sem tilnefnd voru, *Einfara*, sex leikrita röð sem Hrafnhildur Hagalín



Tvö íslensk verk voru tilnefnd til Prix Europa verðlaunanna

Bragason með tónlist eftir Önnu Þorvaldsdóttur og í leikstjórn Símonar Birgissonar. Það var mikill heiður fyrir Útvarpsleikhúsið að ná svo langt með tvö verka sinna.

Gríman – íslensku sviðslistaverðlaunin voru veitt í júní. Þrjú verka Útvarpsleikhússins hlutu tilnefningu sem útvarpsverk ársins. Þetta voru: *Djúpið*, höfundur og leikstjóri: Jón Atli Jónasson, *Gamalt fólk fer ekki út á kvöldin*, eftir Þorstein Marelsson í leikstjórn Hallmars Sigurðssonar og *Í speglinum sefur kónguló* eftir Kristínu Ómarsdóttur í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur. Grímuhátíðin var 16. júní í Borgarleikhúsinu. Þar var tilkynnt að *Djúpið* hefði sigrað sem útvarpsverk ársins. Daginn eftir, 17.

júní, var tilkynnt á fundi Norrænna útvarpsleikhúsa sem haldinn var í Guðbrandsdal í Noregi að *Djúpið* hlyti Norrænu útvarpsleikhúsverðlaunin 2011.

Í byrjun júní var úthlutað styrkjum til framleiðslu á útvarps- og sjónvarps-efni í síðustu úthlutun Menningar-sjóðs útvarpsstöðva. Útvarpsleikhúsið og samstarfsaðilar þess hlutu þrjá styrki til jafnmargra verkefna. Útvarpsleikhúsinu gefst því kostur á að ráðast í aðeins viðameiri verkefni en það hefur getað á allra síðustu árum. Þótt upphæðin sé ekki stór munar um hana því hún eykur fjármagn Útvarpsleikhússins til starfsemi sinnar um næstum 50%.

TÓNLIST

Tónlist er mikilvægur hluti af dagskrá Rásar 1. Á rekstrarárinu var hlutur tónlistar um þriðjungur af dagskrá Rásar 1 milli 06.30 og 00.10.

Klassísk tónlist var í öndvegi í þáttum sem voru á dagskrá á virkum dögum kl. 14 en á meðal umsjónarmanna voru Arndís Björk Ásgeirsdóttir, Una Margrét Jónsdóttir, Ólöf Sigursveinsdóttir, Ingibjörg Eypórsdóttir, Halla Steinunn Stefánsdóttir og Árni Blandon.

Áfram voru fastir liðir eins og venjulega þar sem fjallað var um og leikin tónlist af öllum gerðum og úr öllum áttum. Má þar nefna heimstónlistarþátt Sigríðar Stephensen, *Til allra*



Jóhann Sigurðarson leikari við upptökur í Útvarpsleikhúsinu

RÁS 1



Lydía Grétarsdóttir tækniamaður að störfum

átta, *Trío*, þátt Magnúsar R. Einarssonar og *Fimm fjórðu*, djassþátt Lönu Kolbrúnar Eddudóttur. Af nýjum þáttaröðum má nefna tólf þátta röð Kristínar Bergsdóttur um *Tropicalia*-hreyfinguna í Brasilíu og þætti Péturs Grétarssonar, *Gullfiskinn* auk *Eyðieyjunnar*, þátta Margrétar Örnólfsdóttur, þátta Vernharðs Linnets um sögu fjölradda sveiflusöngs og þátta-raðar Randvers Þorlákssonar um sögu söngleikjanna.

Ný tónlist var kynnt í þáttaröð þar sem leiknar voru hljóðritanir frá Alþjóðlega tónskáldapínginu en þar

hittast fulltrúar útvarpsstöðva frá öllum heimshornum, kynna tónverk frá heimalandi sínu og skiptast á upptökum af nýjum tónverkum. Þess má geta að framlag Ríkisútvarpsins, verk Daníels Bjarnasonar *Bow to String*, hlaut sérstaka viðurkenningu á þinginu. Tónskáldasjóður Ríkisútvarpsins hefur styrkt þátttöku RÚV á þinginu undanfarin ár. Ákveðið var að auka umfjöllun um samtímatónlist í tónlistardagskrá Rásar 1 og var þátturinn *Ópus* endurvakinn eftir nokkurt hlé. Oftast er íslensk samtímatónlist í brennidepli, rætt er við tónskáld og verk þeirra leikin en stundum er

haldið út fyrir landsteinana og verk tónskálda nágrannalandanna kynnt. Tónlistarhátíðir fá gott rými í þættinum og má þar nefna Myrka músíkdaga og Norræna músíkdaga, og annað það sem efst er á baugi í nýrri tónlist hverju sinni.

Fjölmarga heimildarþætti er tengdust tónlist var einnig að finna á dagskrá Rásar 1. Hundruðustu ártíðar Gustavs Mahlers var minnst í hátíðardagskrá, brugðið var upp svipmynd af tónlistarikonunni Ólöfu Arnalds, fjallað um lifandi tónlistararf okkar í meðförum kammerkórsins *Carminu* og gerðir

þættir í minningu Rutar Magnússon söngkonu og Ólafs Gauks Þórhalls-sonar tónlistarmanns. Einnig hljóðrit-aði Rás 1 tónleika undir stjórn Eyþórs Gunnarssonar, í tengslum við að 90 ár voru liðin frá fæðingu Jóns Múla Árnasonar vorið 2011, og var þeim útvarpað í hátíðardagskrá 17. júní.

Una Margrét Jónsdóttir fjallaði um íslenska leikjasöngva í nýrri þáttaröð, *Inn og út um gluggann*. Una Margrét hefur rannsakað slíka söngva frá árinu 1999 og farið um landið til að hljóðrita þá. Hún fjallaði um þetta efni í þáttaröðinni *Allir í leik* árið 2004. Í nýju þáttaröðinni voru fluttar hljóðrit-anir sem gerðar voru síðar. Þess má geta að Una Margrét fékk snemma á árinu 2011 verðlaun Hagþenkis fyrir bókina *Allir í leik*.

Tónlistin er mönnum bæði félagi og skemmtun. Fjölmargir þættir miða að því að skapa notalegt andrúms-loft með góðri tónlist sem oft heyrir ekki annars staðar og má þar nefna þætti eins og *Morgunstund með KK* þar sem Kristján Kristjánsson leikur tónlist af ýmsu tagi alla virka morgna, *Óskastund* Gerðar G. Bjarklind, *Stefnumót* Svanhildar Jakobsdóttur og *Skurðgröfuna*, nýja þáttaröð Samúels Jóns Samúelssonar á laugar-dagskvöldum.

Í þætti Lönu Kolbrúnar Eddudóttur, *Litlu flugunni*, er áhersla lögð á eldra efni, tónlist fyrri tíma og viðtöl, bæði efni úr safni útvarpsins sem og ýmislegt sem berst frá hlustendum. Mikið samstarf er haft við Hrein Valdimars-son á bandverkstæði Ríkisútvarpsins,



Hin eina sanna Gerður G. Bjarklind sér um Óskastundina

sem afritar og hljóðhreinsar eins og hægt er, m.a. gamlar lakkplötur og gömul dagskrársegulbönd. Reynt er eftir föngum að taka viðtöl við þá listamenn sem enn eru til frásagnar. Þessir þættir njóta mikilla vinsælda meðal útvarpshlustenda. Á starfsárinu kom Jónatan Garðarsson einnig að umsjón *Litlu flugunnar*. Umfjöllun um íslenska tónlist var mikil, m. a. þættir um tónskáldin og tónlistarmennina Valdimar J. Auðunsson, Jóhannes G. Jóhannesson, Steingrím M. Sigfússon, Jenna Jóns, Ástu Sveinsdóttur, Jón Jónsson frá Hvanná, Svavar Gest, Ágúst Metúsalem Pétursson, Hjördísi Pétursdóttur, Svavar Benediktsson og Jón Múla Árnason. Einnig var rifjað upp ýmislegt gamalt efni frá Norðurlöndunum s.s. með Snoddasi og Noru Brockstedt.

Erlent samstarf

Samstarf Ríkisútvarpsins við Sam-band evrópskra útvarpsstöðva (EBU) er þýðingarmikill þáttur í starfi tónlistardeildar og hafa hlustendur notið þessa samstarfs í reglulegum útsendingum. Ríkisútvarpið og íslenskt tónlistarlíf hafa með þessu samstarfi verið virkir þátttakendur í frjóu samfélagi evrópsks tónlistarlífs því hljóðritanir Ríkisútvarpsins standa öðrum evrópskum útvarpsstöðvum til boða auk þess sem RÚV hefur verið þátttakandi í alþjóðlegum samsendingum til milljóna hlustenda um allan heim, til dæmis á árlegum tónleikadögum EBU.

Í ár var útvarpað beint daglangt frá jólatónleikadegi EBU 19. desember. Í þetta sinn var framlag Ríkisútvarpsins til jólatónleikadagsins útsending frá tónleikum Hamrahlíðarkórsins

RÁS 1

í Háteigskirkju. EBU óskaði eftir samstarfi í mars þegar heiðra átti hljómsveitarstjórnann Gennadi Rozhdestvenskíj, heiðursstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í tilefni af áttæðisafmæli hans. Ríkisútvarpið bauð tvær tónleikahljóðritanir frá tónleikum í mars, þar sem Rozhdestvenskíj-fjölskyldan var í aðalhlutverki: Rozhdestvenskíj sem stjórnandi og einleikarar voru eiginkona

hans Viktoría Postnikova píanóleikari og sonur þeirra, fiðluleikarinn Alexander Rozhdestvenskíj. Sem ítarefni fylgdi viðtal Arndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur við stjórnandann á þessum tímamótum.

Í júlí og ágúst bauð Rás 1 hlustendum sínum að slást í hóp tónleikagesta á hinum fjölmörgu tónlistarhátíðum sem haldnar eru vítt og breitt um

Evrópu á sumrin. Á meðal hátíða sem útvarpað var frá að þessu sinni má nefna Listahátíðina í Björgvin, Celta tónlistarhátíðina í Englandi, Styriarte tónlistarhátíðina í Graz, kammertónlistarhátíðina í Mettlach, Bach-hátíðina í Anspach, tónlistarhátíðina í Porvo í Finnlandi, Kapsvár kammertónlistarhátíðina í Ungverjalandi, Bozar tónlistarhátíðina í Brussel, Salzborgarhátíðina í Austur-



Haukur Ingvarsson dagskrárgerðarmaður

ríki, kammertónlistarhátíðina í Cork á Írlandi og Edinborgarhátíðina í Skotlandi. Síðast en ekki síst er að telja eina frægustu tónlistarhátíð heims, Proms-hátíðina, sumartónlistarhátíð Breska útvarpsins, en á meðal þeirra sem þar komu fram má nefna hljóm-sveitir og kóra breska útvarpsins, píanóleikarana Mörthu Argerich og Emanuel Ax, fiðluleikarann Viktoríu Mullovu og hljómsveitarstjórana Ilan Volkov, Bernard Haitink og Myung-Whun Chung.

Tónleikaröðinni *Endurómi úr Evrópu* var útvarpað milli kl. 19 og 20 fimm daga vikunnar. Þar var flutt tónlist af ýmsu tagi frá tónleikum og tónlistarhátíðum víðs vegar um Evrópu. Fyrsta laugardag hvers mánaðar var óperukvöld, en þá var útvarpað frá völdum sýningum í helstu óperuhúsum heims, og má þar nefna sérstaklega sýningar Metrópólitan óperunnar sem voru í beinni útsendingu.

Mikið samstarf er einnig við tónlistardeildir ríkisútvarpsstöðvanna á Norðurlöndum og við Eystrasalt. Stöðvarnar skiptast á hljóðritunum frá sumar-tónlistarhátíðum og standa sameiginlega að tónleikaröð sem boðin er til EBU, „Nordic-Baltic Concert Series“, þar sem hver stöð leggur til eina sinfóníska tónleika. Framlag Ríkisútvarpsins var hljóðritun frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem Osmo Vänskä stjórnaði verkum eftir Jón Leifs og Ludwig van Beethoven og sænska slagverkssveitin Kroumata lék einleik í slagverkskonsertinum ORA eftir Áskel Másson. Framlag til Nordic-Baltic djassraðarinnar var



Sverrir Guðjónsson og Kristinn Evertsson tæknumaður við dagskrárgerð

hljóðritun með tríói píanóleikarans Eyþórs Gunnarssonar frá Vetrardjassdögum í Reykjavík 2010.

Hljóðritun á tónlist

Einn mikilvægasti þátturinn í starfi tónlistardeildarinnar og Ríkisútvarpsins alls er hljóðritun á tónlist. Með beinum útsendingum frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands gegnir Rás 1 lykilhlutverki við miðlun tónlistar til allra landsmanna. Rás 1 fylgdist náið með flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu. Opnunartónleikum hljómsveitarinnar í maí var útvarpað beint og var sóst eftir þeirri upptöku frá systurstöðvum okkar í Bretlandi og Danmörku.

Útsendingar frá viðburðum eins og sýningum Íslensku óperunnar, Jazzhátíð og Listahátíð í Reykjavík eru einnig mikilvægir þættir dagskrár-

innar sem og vikulegar útsendingar í sunnudagsþættinum *Úr tónlistarlífinu* en þar eru leiknar hljóðritanir frá því sem hæst ber í tónlistarlífinu hverju sinni. Á meðal tónleika sem útvarpað var frá á síðasta ári, má auk þess sem þegar er talið, nefna tónleika á Norrænu-baltnesku kórahátíðinni og tónleika Nordic Voices á norrænu listahátíðinni *ting* þar sem flutt var verkið Opus 42 eftir Lasse Thoresen. Þá má geta verðlaunaverks Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2010, útsendingar frá tónleikum í Salnum þar sem flutt voru áður óþekkt sönglög eftir Árna Thorsteinsson, flutnings Mótettukórs Hallgrímskirkju á Jóhannesarpassíu Bachs og tónleika Kammersveitar Reykjavíkur. Útvarpað var tónleikum frá tónlistarhátíðunum í Skálholti og Reykholti, tónleikum úr tónleikaröðinni Tíbrá, tónleikum Tríós Reykjavíkur, og tón-

RÁS 1



Guðrún Gunnarsdóttir og Hrafnhildur Halldórsdóttir rýna í samfélagið í nærmynd

leikum Elektra ensemble. Þá var útvarpað frá Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði, hádegistónleikaröðinni Klassík í hádeginu, tónleikum Kammermúsíklúbsins í Bústaðakirkju og vortónleikum stúlknaðsins Graduale Nobili. Loks ber að geta útsendingar frá tónlistarhátíðinni Myrkum músíkdögum, en hátíðin var sett með tónleikum sem fram fóru í Útvarphúsinu og sendir voru út beint. Ríkisútvarpið hefur verið í samstarfi við tónlistarhátíðina *Við Djúpið* undanfarin ár og að þessu sinni var lokatónleikunum útvarpað beint frá Hömrum á Ísafirði.

Ríkisútvarpið var einnig í samstarfi við Listaháskóla Íslands og Sýrland með samantekt frá tólf útskriftartónleikum tónlistarnemenda Listaháskólans 2011. Þar komu fram ungir einleikarar og frumflutt voru ný tónverk úr smíðju nýrra íslenskra tónskálda.



Arndís Hrönn Egilsdóttir



Tónlist upp um alla vegg

Hljóðritun tónleikanna var í höndum nemenda í hljóðtækninámi Sýrlands og Tækniskólans.

Ríkisútvarpið stendur einnig fyrir stúdíoupptökum sem hafa verið skrautfjöldur í hátíðardagskránni, sérstaklega um jól og páska. Á meðal fastra liða er jólagag Ríkisútvarpsins sem pantað er árlega hjá íslensku tónskáldi, en jólagag ársins 2010 var *Þeir hringdu hljómpungum klukkum* eftir Sigurð Sævarsson.

Af öðrum stúdíoupptökum sem Ríkisútvarpið stóð fyrir og útvarpað var í hátíðardagskrá má nefna hljóðritun á barokksónötum í flutningi Matthíasar Birgis Nardeau óbóleikara og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur píanóleikara, *Yfir heiðan morgun*, sellókonsert eftir Hjálmar H. Ragnarsson sem Bryndís Halla Gylfadóttir flutti með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hljóðritun Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fiðlukonsert eftir Jean Sibelius þar sem einleikari var Sigrún Eðvaldsdóttir.

Tónverkakeppni

Að lokum má nefna tónverkakeppni sem staðið var fyrir á áttatíu ára afmæli Ríkisútvarpsins. Þegar RÚV hélt upp á sjötíu ára afmæli sitt árið 2000, var efnt til tónverkakeppni, en þá hlaut Haukur Tómasson viðurkenningu fyrir verkið *Saga*. Nú, tíu árum síðar, var vel við hæfi að endurtaka leikinn, horfa þannig ekki eingöngu til fortíðar heldur einnig til framtíðar og nýta þessi tímamót til nýsköpunar. Efnt var til keppni um nýtt kammerverk til flutnings í páskadagskrá



Eldri borgarar frá Hæðargarði syngja í Stúdíói 12 í tilefni 80 ára afmælis Ríkisútvarpsins

Rásar 1. Í skilmálum keppinnar var tekið fram að tónverkið skyldi vera fyrir 4-10 flytjendur, 7- 12 mínútur að lengd, en keppnin var opin íslenskum tónskáldum og tónskáldum sem haft höfðu fasta búsetu hér á landi í a.m.k. eitt ár. Fjögurra manna dómnefnd, skipuð þeim Bjarna Rúnari Bjarnasyni tónmeistara Ríkisútvarpsins, Hauki Tómassyni tónskáldi, Karólínu Eiríksdóttur tónskáldi og Unu Sveinbjarnardóttur fiðluleikara, valdi úr þrettán innsendum verkum og var niðurstaða dómnefndar kynnt í beinni útsendingu í þættinum *Víðsjá* þann 1. mars. Verðlaunin hlaut Guðmundur Steinn Guðmundsson fyrir verkið *Mardiposa* og var verðlaunaféð, 500 þúsund krónur, greitt úr Tónskálda-sjóði Ríkisútvarpsins. Umsögn dóm-

nefndar um verkið er á þessa leið: „*Mardiposa* er nýstárlegt verk sem vekur upp spurningar um eðli tónlistarflutnings, hlutskipti flytjenda og áhrif tölvunnar á tónlistariðkun í framtíðinni. Í stað hefðbundinnar nótnaskriftar lesa hljóðfæraleikarar verkið af tölvuskjá þar sem nóturnar streyma áfram. Hljóðfærunum er beitt á óvenjulegan máta og áhersla lögð á rytmískan hljóðheim sem er í senn kankvís og spennuþrunginn. Verkið er skýrt og hnitmiðað í formi og krefst þess að hlustendur taki afstöðu.“ Verkið var hljóðritað og flutt í hátíðardagskrá Rásar 1 á páskadag.

Djass

Samstarf Ríkisútvarpsins og Jazzhátíðar Reykjavíkur (áður RúRek) hefur staðið frá upphafi hátíðarinnar, í rúma tvo áratugi, og hefur jafnan verið hljóðritaður fjöldi tónleika eða þeir sendir út beint á Rás 1. Ýmsir tónleikar voru að venju hljóðritaðir á Jazzhátíð 2011. Má þar nefna tónleika með tríói panamíska píanóleikarans Danilo Perez, flygladúett Eypórs Gunnarssonar og Davíðs Þórs Jónssonar, og tónleika hinnar heimspektu íslensku bræðingssveitar Mezzoforte, sem nú lék í fyrsta sinn á Jazzhátíð Reykjavíkur. Af öðrum djasstónleikum sem voru hljóðritaðir á vegum Rásar 1 má nefna tónleika Isabel Sörling group frá Svíþjóð, Norðurlandameistara í ungdjassi, í Norræna húsinu í apríl

RÁS 1

2011. Einng var hljóðrituð Íslandsheimsókn trommuleikarans Péturs Östlund í maí.

Ein djass-stúdíóhljóðritun var gerð á starfsárinu. Frelsissveit Nýja Íslands, oktett undir stjórn Hauks Gröndal og Óskars Guðjónssonar, fékk einn vinnudag í stúdíói 12 með Georg Magnússyni tæknumanni og Bjarna Rúnari Bjarnasyni tónmeistara og hljóðritaði frumsamda efnisskrá eftir Hauk og Óskar.

Í ársbyrjun sendi Ríkisútvarpið upptöku í djasskeppni EBU; tvíæring fyrir djasstónlistarmenn undir þrítugu, sem var hleypt af stokkunum 2007. Fulltrúi Íslands var að þessu sinni kvartettinn Reginfirra og komst vel frá sínu, en náði ekki í úrslit. Þetta var í annað sinn sem útvarpið sendi hljóðritun í þessa keppni.

NÁMSKEIÐ Í ÞÁTTAGERÐ

Samstarf Háskóla Íslands og Ríkisútvarpsins heldur áfram að styrkjast. Sumarnámskeið í þáttagerð og vinnslu fræðilegs efnis fyrir útvarp var haldið í þriðja sinn um sumarið og luku því fimmtíu nemendur. Umsjónarmaður námskeiðsins var Kristín Einarsdóttir þjóðfræðingur. Afraksturinn hefur birst hlustendum Rásar 1 í þáttunum *Fólk og fræði*, og í innslögum í þáttunum *Samfélagið í nærmynd*. Áhugi á námskeiðinu hefur verið mjög mikill og stendur til að bjóða framhaldsnámskeið fyrir minni hóp þar sem meiri áhersla yrði á dagskráargerðina sjálfra.

Á árinu voru allir Þjóðbókarþættirnir sem gerðir hafa verið settir á hlað-

varpið og eru þar öllum aðgengilegir eins og annað efni. Efni sem unnið hefur verið af nemendum í þjóðfræði

nemur um það bil 28 klukkustundum og er um 200 stuttir þættir og innslög.



Hanna G. Sigurðardóttir vekur hlustendur með morgunþættinum Vítt og breitt

RÁS 2



Hallgrímur Thorsteinsson, Guðfinnur Sigurvinsson og Linda Blöndal, umsjónarmenn Síðdegisútvarpsins

RÁS 2

Rás 2 var í sókn á þessu starfsári og frá áramótum hefur hlustun frá 6.45-12.00 aukist. Skýringin á þessu er lifandi og fjölbreytt morgunútvarp og frumlegt samspil umsjónarmanna *Virkra morgna*, sem greinilega hefur náð eyrum fólks á öllum aldri. Aukin áhersla á íslenska tónlist, beinar útsendingar og atburðatengdar upptökur og útsendingar einkenndu starfsárið. Menningarhúsið Hof á Akureyri hýsti óvenjulegar útsendingar undir heitinu *Gestir út um allt*. Þar eru gömlu gildin í heiðri höfð, auglýsingar sungnar og gamaldags revíústíll svífur yfir vötnum. Rás 2 vill þjóna hlustendum sem best hvar sem þeir búa og

var því sem fyrr öflug á Bræðslunni á Borgarfirði eystra og á Aldrei fór ég suður á Ísafirði svo eitthvað sé nefnt. Starfsmenn Rásar 2 hafa lengi búið við þröngan húsakost í Efstaleiti en undir lok starfsársins var ákveðið að flytja starfsemina til í húsinu og eru nú Rás 1 og Rás 2 á sama starfssvæði og gengur sambýlið mjög vel.

Rás 2 hefur markvisst aukið flutning á íslenskri tónlist undanfarin ár og lætur nærri að íslensk tónlist hafi numið um 50% af útsendu efni á tímabilinu. Rásin hefur ávallt gegnt veigamiklu hlutverki við að kynna til sögunnar ungt íslenskt tónlistarfólk og margir úr þeim hópi hafa stigið sín fyrstu

skref í samstarfi við Rás 2. Þetta krefst þess að starfsmenn Rásarinnar séu opnir fyrir ólíkum tónlistarstefnum og óþekktu tónlistarfólki. Rásin var einnig í góðu samstarfi við eldri og reyndari tónlistarmenn og hljóm-sveitir landsins eins og undanfarin ár.

DAGLEGIR ÞÆTTIR

Rás 2 lagði að vanda áherslu á beinar útsendingar í daglegum þáttum. Vissulega er hún fyrst og fremst tónlistarrás en hefur mikið samstarf við íþróttadeildina og fréttastofuna og gegnir mikilvægu upplýsingahlutverki þar sem hún útvarpar alla virka daga. Helstu dagskrárliðir eru *Morgunútvarp Rásar 2* frá kl. 6.45 til 9.00 að

RÁS 2

morgni dags, *Síðdegisútvarpið* frá kl. 16-18 og *Spegillinn* eftir kvöldfréttir, auk þess sem öllum fréttatímum fréttastofu er útvarpað samhliða Rás 1. *Morgunútvarp Rásar 2* er undir stjórn Freys Eyjólfsssonar, Guðmundar Pálssonar, Margrétar Marteinsdóttur og Þórðar Helga Þórðarsonar, en Guðfinnur Sigurvinsson, Hallgrímur Thorsteinsson og Linda Blöndal hafa umsjón með Síðdegisútvarpinu.

Poppland á Rás 2 var áfram á dagskrá frá kl. 12.45 til 16 alla virka daga í umsjá Ágústs Bogasonar, Matthíasar Más Magnússonar og Ólafs Páls Gunnarssonar. Meðal dagskrárliða í *Popplandi* á liðnu starfsári voru plötur vikunnar, kvikmyndaumfjöllun, og lifandi flutningur tónlistarmanna.

Alla virka daga er dagskráin að degi til í beinni útsendingu en það tryggir meðal annars að rjúfa má dagskrá fyrirvaralaust ef koma þarf áriðandi skilaboðum til þjóðarinnar. Þetta öryggishlutverk taka starfsmenn Rásar 2 mjög alvarlega og eiga gott samstarf við fréttastofu Ríkisútvarpsins. Íþróttaviðburðum voru einnig gerð góð skil með lýsingum í útvarpi. Á það jafnt við um beinar lýsingar á mikilvægum landsleikjum og innlendum kappleikjum hvers konar. Til að mynda voru beinar útsendingar frá heimsmeistarakeppninni í handbolta í Svíþjóð áberandi í upphafi ársins.

Dagskrá Rásar 2 að degi til virka daga byggist á framlagi tólf fastra starfsmanna. Dagskrá sem send er út á kvöldin og um helgar er hins vegar að stórum hluta unnin af utanhúss-

fólki sem tekur að sér einstaka dagskrárliði. Þetta skapar fjölbreytileika í dagskrá og gefur jafnframt ungu dagskrárgerðarfólki tækifæri til að stíga sín fyrstu skref á þessu sviði.

KVÖLD- OG HELGARÞÆTTIR

Felix Bergsson og Margrét Blöndal sameina krafta sína á laugardagsmorgnum undir nafninu *Bergsson & Blöndal*. Margrét sendir út frá Akureyri en Felix er stundum í Efstaleiti og

Vinsældalisti Rásar 2 hélt sínu striki á laugardögum kl. 16.06-18.00 í umsjá Sighvats Jónssonar og Matthías Mór Magnússon spilaði rokk og ról af öllum stærðum og gerðum í þættinum *Luftgítar* á laugardagskvöldum.

Sírrý var áfram á dagskrá á sunnudagsmorgnum. Efnistökin hjá umsjónarmanninum, Sigríði Arnardóttur, eru ljúf og létt og jákvæðni er leiðarljósið. Meðal efnis er veðrið og



Gestir út um allt. Valgeir Guðjónsson, Felix Bergsson og Margrét Blöndal

stundum einhvers staðar allt annars staðar í heiminum. Meðal fastra liða eru Topp 10 listinn, Furðufréttir Bergsson og Blöndal, Hvunnadagshetjan, Maður vikunnar og Tónlistargetraun. *Helgarvaktin* með Heiðu Ólafsdóttur var á dagskrá á laugardögum frá 12.45 til 16.00 og í júní gekk Ævar Þór Benediktsson til liðs við hana. Góðir gestir, mannlífið í landinu og blönduð tónlist fyrir alla hlustendur Rásar 2 var í boði hjá Heiðu og Ævari á *Helgarvaktinni*.

stemningin víða um land hverju sinni. Einnig var fjallað um sígilt efni eins og samskipti kynjanna, mat, heilbrigði og hollustu, uppeldismál, spennandi bækur, landið okkar, skemmtanir og hvetjandi hugmyndir fyrir fólk sem vill leita að því jákvæða í lífinu. Guðni Már Henningsson stóð vaktina eftir hádegi á sunnudögum og þar hafa rokkuppskriftir Kela verts á Langa-holti vakið verðskuldaða athygli. Vilhelm Anton Jónsson stýrði spurn

inga- og skemmtipættinum *Nei hættu nú alveg* kl. 15-16 á sunnudögum og *Rokkland* Ólafs Páls Gunnarssonar var sem fyrr á dagskrá á sunnudögum eftir fjögurfréttir.

Meðal kvöldþátta á tímabilinu má nefna *Poppressu* Andreu Jónsdóttur sem var á dagskrá á mánudagskvöldum kl. 19.30-22.00 yfir vetrarmánuðina en kl. 22.05-00.00 í sumar. Í *Poppressunni* er fylgst með alls konar tónlistarfólki á öllum aldri og því gerð skil í tali og tónum, auk þess sem Andrea gluggar í erlenda og innlenda tónlistarpressu.

Hið opinbera í umsjá Ágústs Bogasonar og Ásgeirs Eypórssonar lagði áherslu á nýja íslenska tónlist, auk þess sem þar heyrðust reglulega bæði innlendar og erlendar tónleikaupptök. Þátturinn var á dagskrá kl. 19.30-22.00, sunnudags-, þriðjudags- og föstudagskvöld yfir vetrarmánuðina en á þriðjudags- og föstudagskvöldum í sumar. Á þriðjudagskvöldum var útvarpað tónleikaupptökum í bland við aðra tónlist en á föstudögum tók gestaplötusnúður *Hins opinbera* völdin í klukkutíma í senn.

Auglit Guðna Más Henningssonar var á dagskrá á miðvikudagskvöldum frá kl. 19.30 til 22.00 og Frank Hall stjórnaði þættinum *Eitt af öðru* frá kl. 22.05 til miðnættis sama dag til loka maímánaðar 2010. Að auki var Rás 2 með vikulegan íþróttabátt, *Sportrásina*, í umsjá Þórðar Helga Þórðarsonar eða Dodda litla yfir vetrarmánuðina og þrisvar í viku um sumarið. Þar var fylgst með öllum helstu íþróttavið-



Ágúst Bogason, Matthías Már Magnússon og Ólafur Páll Gunnarsson

burðum líðandi stundar og íþróttafólki gafst tækifæri til að koma í spjall auk þess sem flutt var létt tónlist og lýsingar frá kappleikjum.

Í þáttaröðinni *Veganesti* í umsjá Katrínar Helgu Andrésdóttur, Selmu Reynisdóttur og Sunnu Axelsdóttur, sem var á dagskrá á fimmtudagskvöldum haustið 2010, var fjallað um tónlistarhátíðir sem sett hafa mark sitt á söguna, s.s. Monterey Pop Festival, Woodstock, Reading, Glastonbury, Montreux Jazz Festival

o.fl. *Sokkabandið*, í umsjá systranna Þóru og Kristínar Tómasdætra, var á dagskrá á mánudagskvöldum um sumarið. Þátturinn var suðupottur fyrir stelpuleg málefni og rætt var um hugðarefni framtakssamra stelpna úr öllum krókum og kimum samfélagsins.

Skúrinn er klukkutíma langur þáttur sem er á dagskrá á fimmtudagskvöldum í umsjá Gunnars Gunnarssonar og Ragnars Gunnarssonar. Í þættinum eru ungar og efnilegar íslenskar

RÁS 2



Greifarnir í heimsókn á Rás 2



Magnús og Jóhann í Stúdíói 12

hljómsveitir sóttar heim og bílskúrsbönd af öllum stærðum og gerðum koma við sögu. Meðal hljómsveita sem stigu sín fyrstu skref í *Skúrnum* voru Of Monsters & Men og 1860 sem hafa báðar átt góðu gengi að fagna á vinsældalista Rásar 2 á árinu 2011. Fjórir náttthrafnar voru á dagskrá eftir miðnætti. Í *Streymi*, í umsjá Þorsteins Hreggviðssonar eftir miðnæturfrettir á mánudögum, var tekið á því helsta á tónlistarbloggum netsins. Daníel Ólafsson spilaði rapp og hip-hop í *Haferninum* aðfaranótt miðvikudaga og Sigvaldi Ástríðarson spilaði þungarokk aðfaranótt fimmtudaga frá kl. 00.05 til 01.00 í þættinum *Dordingli*, með aðaláherslu á íslenskt rokk. Þá

var dansþáttur þjóðarinnar, *Party Zone*, á dagskrá frá kl. 23 á fimmtudagskvöldum til eitt eftir miðnætti. Þá dró til tíðinda um sumarið þegar þúsundasti *Party Zone* þátturinn var sendur út og tímamótunum var fagnað með stórtónleikum í Laugar-dalshöllinni.

Færibandið, útvarpsþáttur Bubba Morthens, var á dagskrá Rásar 2 á mánudagskvöldum frá kl. 22.05 til miðnættis frá september til maí. Á tímabilinu fékk Bubbi í heimsókn nokkra af ástsælustu tónlistarmönnum landsins í gegnum tíðina og ferli þeirra voru gerð ítarleg skil, ásamt spjalli um daginn og veginn. *Næturvakt* Guðna Más Henningssonar og Inga Þórs Ingibergssonar stytta svo hlustendum stundir á föstudags- og laugardagskvöldum.

Gestir út um allt er nýr skemmtipáttur á Rás 2. Þátturinn var í beinni útsendingu af stóra sviðinu í menningarhúsinu Hofi á Akureyri eins og áður hefur komið fram og var á dagskrá síðasta sunnudag í mánuði frá upphafi ársins. Umsjónarmennirnir Margrét Blöndal og Felix Bergsson tóku á móti gestum ásamt dúettinum Hannesi og Helga og hljómsveit Hjörleifs Jónssonar. Frábærir listamenn komu í heimsókn og áhorfendur fylltu salinn í Hofi og tóku virkan þátt í gleðinni. Meðal dagskrárliða voru framhaldssagan *Draumur Dalastúlkunnar*, leikurinn *Hvað kemur næst?* þar sem gestir í sal fá að spreyta sig, leiknar auglýsingar, Húsráð frú Blöndal og tónlist í öllum regnbogans litum.



Fjallabréður í Stúdíói 12



Mugison á Tónaflóði Rásar 2 á Menningarnótt

TÓNLEIKAUPPTÖKUR OG SAMSTARF VIÐ TÓNLISTARMENN

Rás 2 hljóðritaði fjölmarga tónleika á tímabilinu og var í samstarfi við fjölda íslenskra tónlistarmanna og hljómsveita, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem á ferðum margra þeirra um landið.

Stórtónleikar Rásar 2 á menningarnótt voru eins og undanfarin ár einn allra stærsti viðburður ársins á Rás 2. Tónaflóð Rásar 2 var haldið í samstarfi við Reykjavíkurborg og Vodafone. Þar stigu á stokk Jón Jónsson,

White Sox All Star Band, Mugison og Bubbi og Sólskuggarnir. Tónleikarnir voru haldnir við Arnarhól og þeim lauk með tendrun ljósa í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Mikill mannfjöldi safnaðist saman á Arnarhóli og naut Tónaflóðsins, auk þess sem góð hlustun mældist á Rás 2 þetta kvöld, eins og endranær á menningarnótt. Tónleikarnir voru einnig í beinni útsendingu í sjónvarpinu.

Tónleikaupptökur Rásar 2 voru fjölmargar og fjölbreyttar. Meðal þeirra má nefna GRM í Austurbæ og Hofi á

Akureyri, The Swell Season á Nasa, Jónsa í Laugardalshöll, Gildruna í Austurbæ, Þjóðlagahátíð Reykjavíkur, AfroCubism í Hörpu, Eistnaflug í Neskaupsstað, Bad Livers & The Broken Hearts Band í Tjarnarbíói, Þorláksmessutónleika Rásar 2 með Baggalúti og afmælistónleika Magnúsar og Jóhanns að ógleymdri tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves 2010 þar sem tónleikar á fjórða tug hljómsveita voru hljóðritaðir.

Beinar útsendingar frá tónleikum og tónlistarviðburðum á árinu voru áber-

RÁS 2

andi eins og endranær. Hér má nefna úrslit Músíktílauna 2010, Ljósanótt í Reykjanæsbæ (Páll Óskar & Hjaltalín, Mannakorn & Ellen Kristjánsdóttir og Hjálmar), Aldrei fór ég suður (Mugison, Graffik, Valdimar, Pétur Ben, Sólstafr o.fl.), Bræðsluna 2011 (Glen Hansard, Jónas Sigurðsson og ritvélar framtíðarinnar, Hjálmar, Svavar Knútur og Vax), Vini Sjonna á Írskum dögum á Akranesi, LungA á Seyðisfirði (Gus Gus, Mammút, Sin Fang, Berndsen og Reptile & Retard), Tónaflóð 2010 o.fl.

Meðal annarra tónleika og tónlistarviðburða sem Rás 2 studdi við má nefna tónleikaröðina Fuglabúrið á Café Rosenberg, styrktartónleika Reykjadal í Mosfellsbæ, hljómsveitakeppnina Wacken Metal Battle, Póst rokk og ról, Músmos í Álafosskvos, Bjartmar og Bergrisarnir á ferð um landið, Eyjólfur Kristjánsson á Græna hattinum o.fl.

NÝSKÖPUN, KEPPNI OG SAMSTARF

Rás 2 hefur verið samstarfsaðili Iceland Airwaves frá upphafi og alls hljóðritað um 400 tónleika á hátiðinni frá því hún var fyrst haldin. Upptökunum hefur verið útvarpað í tónleikabáttum í kvölddagskrá Rásar 2 undanfarin ár. Völdum upptökum hefur Rásin dreift til aðildarstöðva EBU (European Broadcasting Union) og þannig komið íslenskri tónlist til milljóna útvarpshlustenda víða um heiminn. Árið 2010 varð engin breyting þar á og tónleikar nokkurra hljómsveita á Airwaves 2010 voru boðnir aðildarstöðvum EBU í ágúst.

Músíktílaunir eru fastur liður í tilveru Rásar 2 en þær voru að vanda sendar út beint. Að þessu sinni sigraði hljómsveitin Samaris, en árið 2010 bar hljómsveitin Of Monsters And Men sigur úr þítum og sú sveit er nú ein af þeim vinsælustu á landinu og þó víðar væri leitað. Músíktílaunir eru mikilvægur vettvangur fyrir ungt tónlistarfólk og gegnir Rás 2 þýðingarmiklu hlutverki við að koma þessum hópi á framfæri.

Samstarf Rásar 2 og Sjónvarpsins var töluvert á tímabilinu. Lögin í *Söngvakeppni Sjónvarpsins* voru kynnt á Rás 2 áður en þau voru flutt í sjónvarpinu. Fyrstu keppnirnar í spurningabættinum *Gettu betur* voru

sendar út á Rás 2 en fóru síðan yfir í sjónvarpið þegar átta liða úrslitin hófust. Rás 2 var einnig í samstarfi við tónlistarspurningabáttinn *Poppunkt*.

Ýmis konar keppni tengd tónlist fór fram á Rás 2 á tímabilinu og má þar nefna Lennon-koverlagakeppnina, sem haldin var í tilefni af því að 70 ár voru liðin frá fæðingu Bítilsins árið 2010. Dylan-koverlagakeppnin var haldin vorið 2011 í tilefni af 70 ára afmæli Bobs Dylan og einnig var Jólalagakeppni Rásar 2 á sínum stað. Leitað var að Stuðlagi íslensku þjóðarinnar og að vanda völdu hlustendur og starfsmenn Rásar 2 bestu íslensku og erlendu plötur ársins 2010.



Andri Freyr Viðarsson og Guðrún Dís Emilsdóttir, umsjónarmenn Virkra morgna

SJÓNVARP



Helgi Jóhannesson dagskrárgerðarmaður leiðbeinir keppendum á æfingu fyrir Söngvakeppni Sjónvarpsins

SJÓNVARP

Áfram var markvisst unnið að því að auka hlutdeild innlends efnis í sjónvarpinu kl. 19.00–23.00 en sá tími er kallaður kjörtími. Fram til þessa hefur höfuðáhersla verið lögð á vetrardagskrána, þ.e. tímabilið frá september til maí en nú tókst einnig að halda úti vandaðri sumardagskrá s.s. með sýningu á íslenskum bíómyndum og þáttaröðunum *Gulli byggir* og *Andri á flandri*. Markaðshlutdeild sjónvarps var að meðaltali 59,7% á kjörút-sendingartíma en þetta er aukning um 1,8% á milli ára.

Yfir vetrarmánuðina var boðið upp á fjölmargar frumsýndar íslenskar

heimildamyndir auk þess sem þáttaröðin *Á meðan ég man* var sýnd. Frumsýndar voru íslensku sjónvarpsþáttaraðirnar *Tími nornarinnar* og *Tríó*. Einnig voru frumsýndar íslenskar stuttmyndir og kvikmyndir í fullri lengd. Af skemmtipáttum má nefna *Hringekjuna* og þátt Elínar Hirst, *Samkomuhúsið*, sem gerður var í til-efni af 80 ára afmæli Ríkisútvarpsins.

Kastljós var á dagskrá allt árið að frátöldu sumarleyfi. Aðrir þættir sem hafa fest sig í sessi í dagskrá Sjónvarpsins síðastliðin ár, sneru aftur í september. Má þar nefna Edduverð-launapættina *Silfur Egils*, *Kiljuna* og *Útsvar*.

Söngvakeppni Sjónvarpsins, *Gettu betur*, *Popppunktur*, *Stundin okkar* og *Alla leið* áttu sinn fasta sess í dagskránni. *Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva* var haldin í Düsseldorf í Þýskalandi í maí. Sigurvegarar *Söngvakeppni Sjónvarpsins*, Vinir Sjonna, kepptu fyrir Íslands hönd og hafnaði lagið í 20. sæti.

Framboð á barna- og unglingaefni jókst lítillega á milli ára eða um 25 klst. og var ríflega 14% af heildarút-sendingartíma eða um 568 klst. Meðal innlends efnis má nefna *Stundina okkar* sem hóf á tímabilinu sitt fer-tugasta og fimmta starfsár. Áfram var lögð áhersla á talsetningu barnaefnis

SJÓNVARP

en með vönduðu talsettu barnaefni er yngstu áhorfendunum gert hátt undir höfði. Barnaefnið kemur m.a. úr smiðju Walts Disney en það er sýnt á sunnudagsmorgnum í *Disneystundinni*. Notaðar eru um það bil 15-20 leikraddir að meðaltali í hvern 24 mínútna talsettan þátt en fjöldi radda segir oft til um hversu metnaðarfull dagskrárgerðin er.

Á rekstrarárinu voru alls 733 klukkustundir af sjónvarpsefni textaðar á síðu 888 í Textavarpinu. Þar af voru 248 klst. af frumsýndu efni og 485 klst. af endursýndu. Á milli rekstrarára jókst frumflutt textað efni um 64 klst. en það er tæplega 35% aukning. Áfram verður haldið að veita heymarskertum og heymarlausum greiðan aðgang að dagskrá sjónvarps.

FLOKKUN EFNIS

Útsendingartími í sjónvarpi nam samtals 4.390 klst. eða að meðaltali um 12 klst. á dag. Fækkað hefur um 81 klst. á milli ára en hafa ber í huga að árið á undan var sent út frá stórmótum í íþróttum. Helgardagskrá sjónvarps var að venju lengri en á virkum dögum. Dagskrá Sjónvarpsins er flokkuð eftir uppruna og tegund samkvæmt skilgreiningu evrópskra sjónvarpsstöðva (EBU).

Af heildardagskrá var innlent efni 49,8% og erlent efni 50,2%. Hluttur innlends efnis af heild minnkar lítillega á milli ára en á sama tíma jókst innlent efni á kjörtíma um 2,1% þar sem aukin áhersla hefur verið á sýningu íslenskra bíómynda og innlendra þátta. Til dæmis voru fjölmargar bíómyndir




Sæmundur Sigurðsson tæknistjóri (fyrir miðju) ásamt starfsmönnum frá Exton

sýndar á sumarmánuðum og þáttaröðin *Andri á flandri* var einnig sýnd á þessum tíma. Á tímabilinu var innlent efni á kjörtíma 53,3% og erlent efni 46,7%. Að Íslandi meðtöldu er megnið af dagskrá sjónvarps eða tæplega 75% af evrópskum uppruna, 22,9% er frá Bandaríkjunum og 2,9% frá öðrum löndum. Athyglisvert er að efni frá Bandaríkjunum hefur annað árið í röð dregist saman á milli rekstrarára, var rúmlega 26% en er nú rúmlega 22,9%.

ÍSLENSKT EFNI

Breyting á dagskrá

Sýning þáttanna *Leiðarljós* (Guiding Light) hófst að nýju 27. júní en fyrri hluta ársins var þátturinn ekki á dagskrá þar sem samningar tókust ekki við seljanda. Á meðan endursýndi Sjónvarpið síðdegis frá mánudegi til föstudags íslenskt efni úr safni og má þar nefna myndir um Hallbjörgu Bjarnadóttur söngkonu, Davíð Stefánsson skáld, mynd um Pingvallavatn, þætti um *Stríðsárin á Íslandi*





Trjálfarnir í Stundinni okkar í lautarferð

og svo mætti lengi telja. Með þessum endursýningum jókst hlutfall íslensks efnis í dagskránni nokkuð á kostnað bandaríksks.

Til að auka þjónustu við áhorfendur og koma til móts við óskir þeirra var ákveðið að lengja dagskrá sjónvarps um páskana. Frá mánudeginum 18. apríl til mánaðamóta hófst dagskráin á hádegi í stað síðdegis eins og áður.

EDDUVERÐLAUNIN

Stundin okkar hlaut Edduverðlaunin í flokknum Barnaefni ársins.

Í flokknum Sjónvarpsmaður ársins voru m.a. tilnefnd þau Gísli Einarsson, Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og hlaut Gísli verðlaunin. *Landinn* hlaut Edduverðlaunin í flokknum Frétta- eða viðtalsþáttur

ársins en þátturinn *Skýrslan um bankahrunið* var einnig tilnefndur.

Í flokknum Menningar- eða lífsstíls-þáttur ársins voru tilnefndir þættirnir *Álfareiðin*, *Strákarnir okkar* og svo matreiðsluþættirnir *Fagur fiskur*

sem Saga film framleiddi fyrir RÚV en sá þáttur hlaut verðlaunin.

Ragna Fossberg var tilnefnd fyrir Gervi ársins bæði fyrir *Áramótaskaup Sjónvarpsins* og *Spaugstofuna*.

ÍSLENSKAR BÍOMYNDIR Á RÚV

Sumarið var sannkallað kvikmyndasumar á RÚV þar sem sýndar voru 28 íslenskar bíomýndir og stuttmyndir. Í *Sunnudagsbíói* voru sýndar tíu kvikmyndir þar af voru fjórar endursýndar en frumsýndar voru myndirnar *Góða hjartað* eftir Dag Kára, *Stuðmanna* myndin *Í takt við tímann* eftir Ágúst Guðmundsson, *Kóngavegur* eftir Valdísi Óskarsdóttur, *Skrapp út* eftir Sólveigu Anspach, *Jóhannes* eftir Porstein Gunnar Bjarnason og *Brim* eftir Árna Ólaf Ásgeirsson.

Kvikmyndabátturinn *Kviksjá* í umsjón Sigríðar Pétursdóttur hóf göngu sína 16. júní. Þátturinn var fyrst á miðvikudagskvöldum en fluttist svo yfir á fimmtudagskvöld. Í hverjum þætti var kynnt ein íslensk bíomýnd og að



Kvikmyndin Kóngavegur var sýnd á kvikmyndasumri RÚV

SJÓNVARP

lokinni sýningu hennar ræddi Sigríður við kvikmyndagagnrýnendurna Ásgrím Sverrisson og Ólaf H. Torfason um myndirnar. Sérstakur þáttur var gerður um stuttmyndir leikstjórans Rúnars Rúnarssonar. Þá fékk Sigríður leikstjórann sjálfan í viðtal og sýndar voru stuttmyndirnar *Síðasti bærinn*, *Smáfuglar* og *Anna*.

Fleiri íslenskar stuttmyndir voru frumsýndar en það voru myndirnar *Snjóór* eftir Jón Egil Bergþórsson, *Naglinn* og *Takk fyrir hjálpið*, báðar eftir Benedikt Erlingsson, *Karamellumyndin* eftir Gunnar Björn Guðmundsson og *Töframaðurinn* eftir Reyni Lyngdal.

Auk þess voru frumsýndar á RÚV

íslensku kvikmyndirnar *Duggholufólkið* eftir Ara Kristinsson, *Astrópía* eftir Gunnar Björn Guðmundsson og *Sveitabréðkaup* eftir Valdísi Óskarsdóttur. Af endursýndum íslenskum kvikmyndum má nefna myndirnar *Með allt á hreinu*, *Karلاكórinn*, *Heklu*, *Perlur og svín*, *Fálka*, *Nóa albínóa*, *Djöflaeyjuna*, *Veggfóður*, *Foreldra* og fleiri myndir úr íslenskri kvikmyndasögu.

SUMARDAGSKRÁ

Framboð af nýjum íslenskum þáttum var óvenju fjölbreytt um sumarið. Kastljós fór í sex vikna sumarfrí frá júlí fram í miðjan ágúst og á meðan var áhorfendum boðið upp á nýjar

þáttaraðir sem framleiddar voru af sjálfstæðum framleiðendum auk íslenskra kvikmynda og stuttmynda.

Á mánudagskvöldum var *Gulli byggir*. Í þeim bauð leikarinn og húsasmiðurinn Gunnlaugur Helgason áhorfendum í óvissuferð í Vesturbæinn þar sem verið var að gera upp kjallara í gömlu húsi og ýmislegt óvænt kom í ljós. Á fimmtudögum var *Grillað* þar sem matreiðslumennirnir Völundur Snær Völundarson, Sigurður Gíslason og Stefán Ingi Svansson sáu um að töfra fram girnilegar krásir sem allar voru eldaðar á grillinu. Á föstudögum var *Andri á flandri* en í þeim flakkaði útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðars-



Gunnlaugur Helgason eða Gulli byggir



Kristbjörg Kona Kristjánsdóttir gestur í Kastljósi, Vilmundur Þór Gíslason hljóðmaður og Sigmar Guðmundsson ritstjóri Kastljóss

son um Ísland ásamt bolabítinum Tómasi á húsbílnum Litla kút. Ný leikin gamanþáttaröð í sex þáttum, *Trío*, eftir Gest Val Guðmundsson var á dagskrá á fimmtudögum kl. 21.25 og hófst 9. júní. Meðal leikara voru Bergur Þór Ingólfsson, Sveinn Þ. Geirsson, Þórhallur Sverrisson og Tinna Hrafnisdóttir. Þáttaröðin *Með okkar augum*, hófst mánudaginn 4. júlí og var á dagskrá kl. 18.30. Þar spurði fólk með þroskahömlun ýmissa spurninga og fjallaði um málefni líðandi stundar. Þættirnir urðu sex og sá Elín Sveinsdóttir um dagskrárgerð. Síðan tóku við fimm beinar útsendingar frá norrænni strandmenningarhátíð sem

haldin var á Húsavík undir heitinu *Komdu að sigla*, Sigurlaug M. Jónasdóttir var kynnr í útsendingunum en framleiðandi var Bergur Már Bernburg fyrir Researchgruppen og Norræna húsið.

SAMFÉLAGSUMFJÖLLUN OG MÁLEFNI LÍÐANDI STUNDAR

Kastljós var á dagskrá alla virka daga en þátturinn fór þó í sex vikna frí eins og áður hefur komið fram. Í þættinum eru tekin fyrir málefni líðandi stundar, fjallað um menningu, listir og dægurmál hverskonar. Helstu fréttir samfélagsins á hverjum tíma eru þó iðulega í forgrunni. Nokkur fréttamál

voru áberandi í þættinum á árinu og má þar nefna viðamikla umfjöllun um læknaðóp þar sem sýnt var fram á hversu auðvelt er að nálgast það og hve hrikalegar afleiðingar neyslunnar eru fyrir ungt fólk. Í þættinum var einnig fjallað talsvert um afskriftir í bankakerfinu, einkum til sjávarútvegsfyrirtækja og stjórnarskráin var tekin til umræðu í aðdraganda kosninga til stjórnlagabings. Starfsmenn *Kastljóss* og Fréttastofa RÚV starfa náið saman þegar stórviðburðir verða t.d. unnu starfsmenn *Kastljóss* þátt um kosningarnar með fréttastofunni. Annað dæmi um slíkt samstarf voru þættirnir um Icesave-kosningarnar í

SJÓNVARP

apríl síðastliðnum. Ritstjóri *Kastljóss* var Sigmar Guðmundsson og umsjónarmenn auk hans voru Þóra Arnórsdóttir, Brynja Þorgeirsdóttir, Helgi Seljan, Jóhannes Kr. Kristjánsson og Margrét Erla Maack.

Silfur Egils var áfram í beinni útsendingu á sunnudögum kl. 12.30 í umsjón Egils Helgasonar. Í þættinum voru rædd málefni líðandi stundar auk ítarlegra viðtala við innlenda og erlenda gesti. Þar má til dæmis nefna Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, Lee Buchheit, formann Icesave-samninganefndarinnar, Michel Rocard, fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands, Uffe Ellemann-Jensen, fyrrverandi utanríkisráðherra Danmerkur, Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, Salvöru Nordal, formann Stjórnlagaráðs og formenn íslenskra stjórnsmálaflokka.

Ný þáttaröð, *Hvert stefnir Ísland?*, hóf göngu sína á miðvikudagskvöldum í febrúar. Umsjónarmenn voru Þórhallur Gunnarsson, Páll Skúlason og Ævar Kjartansson. Þátttakendur í sal ræddu um velferðarmál, umhverfis- og auðlindamál, menntamál, Ísland og alþjóðasamfélagið og leituðu svara við spurningunni „hvað er samfélag?“

Þórhallur Gunnarsson stjórnaði einnig þættinum *Návígi* sem hóf göngu sína í september en Egill Eðvarðsson stýrði upptökum. Þættirnir urðu 28 og tók Þórhallur á móti fólki úr ólíkum áttum. Einhverjir viðmælendanna deildu sárri lífsreynslu, aðrir svöruðu fyrir umdeildar ákvarðanir og enn aðrir veittu áhorfendum innsýn í lífs



Egill Eðvarðsson og Ástríður Viðarsdóttir í myndstjórn



*Þórhallur Gunnarsson ræðir við gesti í þættinum *Hvert stefnir Ísland?* Ragna Fossberg farðar viðmælenda í bakgrunni*



Frá æfingu fyrir Söngvakeppni Sjóнварpsins

hlaup sitt. Mörg viðtölin vöktu verðskuldaða athygli og má nefna Lilju Mósesdóttur sem sagði á hreinskilinn hátt frá afstöðu sinni til stjórnmála og Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari braut þá hefð Hæstaréttar að tjá sig ekki um dómsmál. Páll Skúlason prófessor gagnrýndi stjórnmálalífið harkalega, Björk Guðmundsdóttir var opinská í afstöðu sinni til náttúruverndarmála og Steinþór Pálsson bankastjóri Landsbankans varði ákvörðun bankans um að afskrifa lán einstakra fyrirtækja og umdeilt sölufurli stórfyrirtækja til lífeyrissjóða. Fólk úr menningarlífinu var ekki síður áberandi en meðal þess voru þau Baltasar Kormákur kvikmyndaleikstjóri, Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur, Guðmundur Oddur Magnússon prófessor, Jóhannes Kristjánsson eftirherma, Jón Viðar Jónsson leikhúsgagnrýnandi og tónlistarmaðurinn Mugison.

Söngvakeppni Sjóнварpsins var á sínum stað í dagskránni og hófst keppnin 15. janúar. Sextán höfundar mættu til leiks með fimmtán ný íslensk lög en að þessu sinni var gerð krafa til þátttakenda um íslenskan texta og gefið fyrirheit um þýðingu á vinningslagi. Keppnin fór fram í beinni útsendingu í sjónvarpssal undir stjórn Helga

Jóhannessonar. Fimm lög voru kynnt til leiks í hverjum þriggja undanúrslitabátta og voru tvö þeirra valin í úrslit af áhorfendum með símakosningu. Fyrir úrslitabáttinn voru öll lög in rifjuð upp í sérstökum þætti. Lagið Aftur heim eftir Sigurjón Brink, við texta eiginkonu hans Þórunnar Ernu Clausen, í flutningi Vín Sjonna, bar sigur úr býtum í Söngvakeppninni. Umsjónarmenn og kynnar keppinnar voru að þessu sinni Guðmundur Gunnarsson sem mætti nýr til leiks og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir.

Spekingarnir Dr. Gunni, Guðrún Gunnarsdóttir og Reynir Þór Eggertsson, ásamt Páli Óskari Hjálmtýssyni, hituðu þjóðina upp fyrir *Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva* í þáttunum *Alla leið* og spáðu í keppendur, framkomu, klæðnað og hvaða lög væru líkleg til sigurs.

Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva var að þessu sinni haldin í Düsseldorf í Þýskalandi. Undan



Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir kynnir Söngvakeppni Sjóнварpsins úr „Græna“ herberginu

SJÓNVARP



Vinir Sjonna, sigurvegarar í Söngvakeppni Sjónvarpsins 2011

keppnir fóru fram 10. og 12. maí og úrslitin þann 14. Fyrir Íslands hönd kepptu Vinir Sjonna með lagið Coming Home eftir Sigurjón Brink og Þórunni Ernu Clausen en lagið hafnaði í 20. sæti. Að þessu sinni lýsti Hrafnhildur Halldórsdóttir, útvarpskona keppninni beint frá Düsseldorf af mikilli innlifun. Þátttöku okkar í keppninni var gert hærra undir höfði en oft áður því Sjónvarpið vann sérstakan þátt sem fékk nafnið *Leiðin til Düsseldorf*. Þátturinn var sýndur á sunnudagskvöldi áður en keppnin hófst. Auk þess var fjallað um keppnina í Kastljósi og fréttum sem og á Rás 2.

SPURNINGAÞÆTTIR

Útsvar, spurningakeppni milli sveitar-

félaganna, hóf göngu sína í fjórða sinn á föstudögum um miðjan september. Þátturinn, sem var vinsælli en nokkru sinni, var áfram í umsjón þeirra Þóru Arnórsdóttur og Sigmars Guðmundssonar. Spurningahöfundur var sem fyrr Ólafur Bjarni Guðnason. Í úrslitaþættinum sem var sendur út frá Hofi á Akureyri, áttust við lið Akureyrar og Norðurbings sem bar sigur úr býtum eftir æsispennandi keppni.

Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanema, er árviss viðburður á RÚV. Endurnýjun varð í umsjónarhópi keppinnar þar sem Edda Hermannsdóttir kom til leiks sem nýr spyrill og Marteinn Sindri Jónsson sem stigavörður. Örn Úlfar Sævarsson var dómari og spurningahöfundur

í annað sinn. Lið frá þrjátíu framhaldsskólum hófu keppnina í útvarpi en átta lið komust áfram í keppnina í sjónvarpi sem hófst þann 19. febrúar. Úrslitakeppnin fór fram í beinni útsendingu frá Háskólabíói þar sem lið Kvennaskólans sigraði lið MR. Þetta var sögulegur sigur því nú var stúlka í sigurliði keppinnar í fyrsta sinn í tuttugu og fimm ára sögu hennar. Umsjón með keppninni hafði sem áður Andrés Indriðason og stjórn útsendingar annaðist Helgi Jóhannesson.

Poppunktur hóf göngu sína að þessu sinni í lok maí og var á laugardagskvöldum, þriðja sumarið í röð, í umsjón þeirra Dr. Gunna og Felix Bergssonar. Í þættinum kepptu hljómsveitir í ýmsum þrautum s.s. hljómsveitin



Sýnt var beint frá opnun Hörpu 13. maí 2011

spreytir sig, rokkkasti, látbragðsleik, poppkroti og þrautabaut Róða raunamædda auk þess sem könnuð var almenn þekking í poppfræðum. Hljómsveitirnar Skálmöld og Hljóm-sveitin ég voru stigahæstar og mætt-ust í úrslitum þar sem Skálmöld vann með eins stigs mun.

BEINAR ÚTSENDINGAR

Beinar útsendingar voru frá ýmsum viðburðum á árinu.

Íslensku tónlistarverðlaunin, voru afhent í beinni útsendingu frá Þjóðleik-húsinu í mars. Kynnar að þessu sinni voru útvarpsfólkið Freyr Eyjólfsson og Erla Ragnarsdóttir.

Íslendingar eignuðust langþráð tónlistarhús á árinu og RÚV sýndi beint

frá opnunarhátíð Hörpu, föstudaginn 13. maí. Útsendingin var þriggja tíma löng. Meðal þeirra sem komu fram á hátíðinni, auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Petri Sakari, voru hljómsveitirnar Dikta, Gusgus og Páll Óskar ásamt Memfismafiunni. Kórin Raddir Íslands söng, frumflutt var nýtt verk eftir Hauk Tómasson, Íslenska óperan flutti atriði og Víkingur Heiðar Ólafsson lék einleik, auk þess sem fleiri atriði voru á dagskránni. Útsendingunni stjórnaði Helgi Jóhannesson. Þetta var umfangsmikil útsending með fjórtán myndavélum og undirbúningur í samstarfi við Hörpu hófst tæpu ári fyrr. Kynnar í sjónvarpsútsendingunni voru Brynja Þorgeirsdóttir og Margrét Erla Maack. Sýnt var beint frá Tónaflóði, stórtón-

leikum Rásar 2 á Menningarnótt þann 20. ágúst. Þar komu fram meðal annarra Mugison, Bubbi Morthens og Jón Jónsson. Útsendingunni lauk með því að kveikt var á ljósum Hörpu og sýnt frá flugeldasýningu Menningarnætur.

Þú getur! var bein útsending frá tónleikum í Hörpu, 27. ágúst. Tónleikarnir voru haldnir til styrktar forvarna- og fræðslusjóðnum Þú getur! Fram kom fjöldi tónlistarmanna m.a. Margrét Eir, Thin Jim, Gissur Páll Gissurarson, Páll Rósinkrans, Júpíters og Kristján Jóhannsson. Útsendingu stjórnaði Helgi Jóhannesson.

HEIMILDAMYNDIR

Að vanda lagði sjónvarpið metnað sinn í að sýna fjölda íslenskra heim

SJÓNVARP

ilda- og fræðslumynda sem voru á dagskrá á sunnudagskvöldum. Má þar nefna myndir frá sjálfstæðum framleiðendum eins og *Frá torfbæ á forsíðu TIME*, *Sesselja – Að fylgja ljósinu*, *Íslenska alþjóðabjörgunar-sveitin*, *Saga af stríði og stolnum gersemum*, *Álfahöllin – Það hlær enginn að þjóð sem á Þjóðleikhús*, *Aldrei aftur! (Maybe I should have)*, *Eins og við værum*, *Skarfar – einstök aðlögun*, *Fíðruð fíkn*, *Rafmögnuð Reykjavík*, *Draumurinn um veginn*, *Með hangandi hendi*, *Kraftur – Síðasti spretturinn*, *Hallgrímur – Maður eins og ég*, *Skaftfelllingur*, *Roðlaust og beinlaust* og *Næsti hálf tími verður þrjú korter*, auk fleiri mynda.

Sjónvarpið framleiddi einnig þætti og myndir sem sýndar voru á árinu eins og *Okkar maður – Ómar Ragnarsson*, þar sem Sigurlaug M. Jónasdóttir ræddi við Ómar sem varð sjötugur á árinu, en í þættinum var farið yfir fjölbreyttan feril hans. Þá voru á sjónvarpsdagskránni þættirnir *Páll Óskar – Leiðin upp á svið*, einnig í umsjón Sigurlaugar M. Jónasdóttur og *Björgvin – Bolur inn við bein*, þar sem Þórhallur Gunnarsson ræddi við Björgvin Halldórsson sem varð sextugur á árinu.

Myndin *Vigdís, fífldjarfa framboðið* eftir Guðfinn Sigurvínsson og Ragnar Santos var sýnd í október en hún var einnig sýnd í norska og danska ríkis-sjónvarpinu.

Myndin *Reynir Pétur – Gengur betur* eftir Maríu Sigrúnu Hilmarsdóttur og Guðmund Bergkvist var sýnd í desember.

Meðal annarra heimildamynda sem sýndar voru má nefna: *Skjaldborg 2010*, *Járnkrossar – Ættargrafreiturinn á Mýrum*, *Krían – Þrisvar til tunglsins og aftur til baka*, *Garðars-hólmí*, *Undur vatnsins*, *Heita vatnið*, *Dularöfl Snæfellsjökuls*, *Íslensk alþjóða*, *Úr Háskólabíói í Hörpu* – *Hljómsveit á tímamótum*, *Rokknefndin*, *Flúreyjar*, *Þingeyrakirkja*, *Altunga* og *Þetta er svo lúmskt*.

LISTAHÁTÍÐ

RÚV hefur í áranna rás átt gott samstarf við Listahátíð Reykjavíkur og svo var einnig nú. Sjónvarpið sýndi

á rekstrarárinu upptökur sem gerðar voru á Listahátíð 2010 og teknir voru upp viðburðir á Listahátíð 2011 sem sýndir verða á komandi ári.

Myndheimur var yfirskrift fimm þátta seríu sem fjallaði um ljósmyndir á Listahátíð 2010. Myndirnar voru sýndar víðsvegar um borgina undir yfirskriftinni Raunveruleikatékk. Þættirnir voru í umsjón Markúsar Þórs Andréssonar. Umfjöllunarefni þáttanna var myndheimur tímans, raunveruleikatékk og myndheimur Ólafar Nordal, Unnars Arnar og Katrínar Elvarsdóttur. Um dagskrárgerð sá



Sigurlaug M. Jónasdóttir ræðir við Ómar Ragnarsson



Víkingur Heiðar Ólafsson á fyrstu tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu

Ragnheiður Thorsteinsson. Þættirnir voru sýndir á þriðjudögum í janúar. Upptaka frá tónleikum með Kristni Sigmundssyni söngvara ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands og Óperukórnum á Listahátíð 2010 var sýnd á páskadag. Fluttar voru ariur, forleikir og kórar, meðal annars úr Rakaranum frá Sevilla, Fidelio, Don Carlo og Hollendingnum fljúgandi. Upptöku stjórnaði Björn Emilsson.

Upptaka frá tónleikum með arabísk-andalúsísku hljómsveitinni Orquesta Chekara Flamenca de Tetuán á Listahátíð 2010 var sýnd annan dag páska. Hljómsveitin var stofnuð fyrir rúmlega 50 árum og blandar saman tónlistarhefðum frá Marokkó og Suður-Spáni. Upptöku stjórnaði Björn Emilsson.

Fyrsta maí var sýndur sérstakur kynningarþáttur um dagskrá Listahátíðar sem hófst 20. maí, kynnir þáttarins var Brynja Þorgeirsdóttir.

UPPTÖKUR Á LISTAHÁTÍÐ 2011

Í Hörpu voru teknir upp tónleikar með Ólöfu Arnalds og Skúla Sverrissyni, einnig tónleikar með Jonasi Kaufmann og Sinfóníuhljómsveit Íslands auk tónleika með spænsku hljómsveitinni Ojos de brujo. Flétta, nýtt kór- og hljómsveitarverk eftir Hauk

Tómasson í flutningi Schola cantorum, Mótettukórs Hallgrímskirkju og Kammersveitar Reykjavíkur var tekið upp í Hallgrímskirkju.

Í samstarfi við Listahátíð var sett upp sýningin Sex pör, í Tjarnarbíói. Sjónvarpið tók sýninguna upp og verið er að vinna sex þátta röð undir heitinu *Tónspor* þar sem koma saman sex tónskáld og sex danshöfundar sem fá dansara til að túlka verkin og fylgst er með ferlinu frá byrjun. Umsjón með þáttunum hefur Jónas Sen og dagskrárgerð annast Jón Egill Bergþórs-son.

Þann 7. apríl sýndi Sjónvarpið upptöku frá fyrstu tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu. Þar lék Víkingur Heiðar Ólafsson einleik á píanó í verki eftir Edvard Grieg, undir stjórn Vladímírs Ashkenazy. Hljómsveitin flutti einnig nýtt verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Velkomin Harpa



Þýski tenórinn Jonas Kaufmann kom fram á Listahátíð

SJÓNVARP

og 9. sinfóníu Beethovens ásamt stórum kór. Eftir tónleikana ræddi Arndís Björk Ásgeirsdóttir við þá Víking Heiðar og Ashkenazí.

Árstíðirnar fjórar var upptaka frá tónleikum í Langholtskirkju þar sem Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari lék Árstíðirnar fjórar eftir Vivaldi og fjóra fiðlukonserta með tangósveiflu eftir Astor Piazzolla undir stjórn Wolfram Christ ásamt Sinfóníuhljóm-sveit Íslands. Að loknum tónleikunum ræddi Eva María Jónsdóttir við Elfu Rún. Stjórn upptöku annaðist Helgi Jóhannesson. Upptakan var sýnd á nýársdag.

Óratorían Cecílía eftir Áskel Músson við texta Thors Vilhjálmssonar var á dagskrá 29. desember. Upptakan var gerð af Saga film í Hallgrímskirkju í nóvember árið áður. Flytjendur voru Þóra Einarisdóttir, Björn Jónsson, Ágúst Ólafsson, Bjarni Thor Kristinsson, Mótettukór Hallgrímskirkju og hljómsveit undir stjórn Harðar Áskelssonar.

Á gamlárskvöld að loknu Áramótaskaupi var á dagskrá *Álfareiðin*, upptaka úr myndveri Sjónvarps með salonkvintettinum *L'amour fou* sem flutti íslensk lög á víólu, kontrabassa, fiðlu, selló og píanó en kvintettinn skipa þau Guðrún Hrund Harðardóttir, Gunnlaugur Torfi Stefánsson, Hrafnhildur Atladóttir, Hrafnkell Orri Egilsson og Tinna Þorsteinsdóttir. Um dagskrárgerð sá Helgi Jóhannesson. *Átta raddir* var metnaðarfull átta þáttaröð um íslenska söngvara í umsjón Jónasar Sen. Gestir hans voru



Frá Tónaflóði Rásar 2 á Menningarnótt



Arndís Halla Ásgeirsdóttir og Jónas Sen í Átta röddum

Sigrún Hjálmtýsdóttir, Þóra Einarisdóttir, Bjarni Thor Kristinsson, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Arndís Halla Ásgeirsdóttir, Ásgerður Júníusdóttir og Garðar Thor Cortes að ógleymdri Björk Guðmundsdóttur. Þættirnir voru sýndir á sunnudagskvöldum í janúar og febrúar. Um dagskrárgerð sá Jón Egill Bergþórsson.

Upptaka frá Tónaflóði, stórtónleikum Rásar 2 á Arnarhóli á Menningarnótt 2010, var sýnd 27. desember.

Í janúar var sýnd upptaka frá úrslita-

kvöldi Músíktílauna 2010 og í júní var sýnd upptaka frá Músíktílaunum 2011.

Fyrir þá sem minna mega sín, árlegir styrktartónleikar Hvítasunnusafnaðarins Filadelfíu, voru á dagskrá á aðfangadagskvöld. Sérstakur gestur tónleikanna var að þessu sinni Eiríkur Hauksson.

Bókmenntaþátturinn *Kiljan* var að vanda í umsjón Egils Helgasonar á miðvikudagskvöldum. Sér til fulltingis við bókarýni hafði Egill þau Þorgerði

E. Sigurðardóttur, Illuga Jökulsson, Hauk Ingvarsson og Hrafn Jökulsson auk þeirra Kolbrúnar Bergþórsdóttur og Páls Baldvins Baldvinssonar. Kiljan einbeitir sér fyrst og fremst að nýútkomnum bókum, en einnig er fjallað um ýmislegt sem tengist bókum, rithöfundum og bókagerð. Stjórnendur þáttarins fóru austur í Skaftafellssýslur og norður á Siglu-fjörð og viððu að sér efni þar. Meðal gesta sem komu fram í þættinum má nefna Sofi Oksanen, Guðberg Bergsson, Gyrði Elíasson, Alice Walker og Kristínu Jónsdóttur, skáldkonu í Hlíð í Lóni. Um dagskrárgerð sá Ragnheiður Thorsteinsson.

Hönnunarkeppnin í umsjón Sigurðar H. Richter er árlegur þáttur og var hann á dagskrá í lok nóvember.

Í október hófu göngu sína þættirnir *Á meðan ég man*, alls átta þættir á mánudögum í umsjón Guðmundar Gunnarssonar. Í hverjum þætti var farið yfir fimm ára tímabil í sögu



Egill Helgason umsjónarmaður Kiljunnar, Ragnheiður Thorsteinsson dagskrárgerðarmaður og Halldóra Ingimarsdóttir aðstoðardagskrárgerðarmaður ásamt Braga Kristjónssyni bókakaupmanni

Sjónvarpsins með því að skoða fréttanna og efni úr safni RÚV. Einnig voru tekin viðtöl við fólk sem tengdist atburðunum á einn eða annan hátt.

Ferð til fjár, tveir þættir þar sem gerð var tilraun til að kenna Íslendingum fjármálalæsi voru á dagskrá í janúar. Umsjón hafði Guðmundur Gunnars-

son, Baldvin Z leikstýrði, framleiðandi var ABCD ehf.

Þættirnir *Nýsköpun – Íslensk vísindi*, í umsjón Ara Trausta Guðmundssonar, alls tólf þættir, hófu göngu sína að nýju 7. febrúar. Framleiðandi var Valdimar Leifsson fyrir Lífsmynd. Í þáttunum var fjallað um allt frá veðurspám til rafbílavæðingar á Íslandi.

Aftansöngur jóla var á sínum stað á aðfangadagskvöld, að þessu sinni í Hallgrímskirkju.

MATREIÐSLUÞÆTTIR

Fjórar íslenskar matreiðsluþáttaraðir voru á dagskrá á tímabilinu.

Þættirnir *Fagur fiskur í sjó*, sem hlutu Edduverðlaunin, voru á dagskrá á sunnudögum í september, umsjón hafði matreiðslumaðurinn Sveinn Kjartansson sem matreiðdi fisk á ýmsa vegu, Saga film framleiddi í samvinnu við Matís.



Ari Trausti Guðmundsson við tökum á þættinum Nýsköpun – Íslensk vísindi

SJÓNVARP



Selma Björnsdóttir var gestur Guðjóns Davíðs Karlssonar í Hringekjunni



Yesmine Olsson kenndi áhorfendum að elda indverska og arabíska rétti

Framandi og freistandi, voru fimm þættir þar sem Yesmine Olsson kenndi áhorfendum að elda indverska og arabíska rétti.

Matarveislan mikla var stakur þáttur sem gaf áhorfendum innsýn í matarhátíðina Food and Fun sem haldin var í tíunda sinn. Umsjón hafði Sigurlaug M. Jónasdóttir.

Grillað með Völundi Snæ Völundarsyni, Sigurði Gíslasyni og Stefáni Inga Svanssyni var á dagskrá á fimmtudögum í sumar.

SKEMMTIÞÆTTIR

Hringekjan, nýr skemmtiþáttur á laugardagskvöldum var á dagskrá í október, nóvember og desember. Þátturinn var í umsjón Guðjóns

Davíðs Karlssonar leikara sem tók á móti góðum gestum alls staðar að af landinu og þau Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Viktor Már Bjarnason og Ari Eldjárn brugðu á leik. Katla Margrét fór víða um land og tók fólki tali, hæfileikaríkt ungt fólk kom fram ásamt öðrum listamönnum sem tengjast stöðum sem heimsóttir voru.

Á annan dag jóla stjórnaði Elín Hirst þættinum *Samkomuhúsinu* þar sem hún tók á móti gestum í sjónvarpssal í tilefni af 80 ára afmæli Ríkisútvarpsins.

BARNAEFNI

Stundin okkar hóf fertugasta og fimmta starfsár sitt 3. október og Björgvin Franz Gíslason sitt þriðja og síðasta starfsár sem umsjónarmaður. Af íbúum Stundarinnar var það helst að fréttu að Fransína mús flutti til Afríku og Björgvin tók við af henni sem húsvörður á ævintýraganginum, en á þeim gangi gerast öll ævintýri heimsins. Björgvin fékk leikarann Gunnar Helgason til liðs við sig við handritsskrif en hann er áhorfendum Stundarinnar að góðu kunnur. Dagskrárgerð annaðist Eggert Gunnarsson. Samstarf þeirra félaganna gat af sér Edduverðlaun í floknum Barnaefni ársins.

Í byrjun október var aukið við dagskrárgerð fyrir börn þegar Brynhildur Björnsdóttir og Kristín Eva Þórhallsdóttir tóku að sér stutta þætti sem sýndir voru inn á milli erlends barnaefnis í *Morgunstund barnanna* um helgar. Þær stölluð þekkja ungir hlustendur úr Leynifélaginu á Rás 1.



Gunnar Björn Guðmundsson leikstjóri og leikarar í *Áramótaskaupinu*

Á annan í páskum var frumsýnd ný íslensk leikin mynd fyrir börn, *Sá stóri*, eftir Ara Kristinnsson. Myndin var hluti af samstarfi RÚV innan EBU og segir frá þeim Dísu og Tomma sem leiðist að veiða smáfiska af bryggjunni. Þau verða sér úti um bát og stefna á haf út til að setja í þann stóra.

LEIKIÐ EFNI

Í lok mars frumsýndi Sjónvarpið sakamálaþættina *Tími nornarinnar*. Þættirnir, sem voru fjórir, eru byggðir á samnefndri bók eftir Árna Þórarinnsson sem tilnefnd var til Íslensku bókmenntaverðlaunanna árið 2005. Þættirnir fjalla um blaðamanninn Einar sem er hættur að skrifa löggufréttir af höfuðborgarsvæðinu og fluttur til Akureyrar. Fyrsta verk hans fyrir norðan er að skrifa um konu sem deyr

af slysförum í flúðasiglingu og rannsókn á hvarfi ungs leikara sem seinna finnst myrtur. Leikstjóri er Friðrik Þór Friðriksson og meðal leikenda eru Hjálmar Hjálmarsson, Inga María Valdimarsdóttir og Jóhann Sigurðarson.

Ný íslensk gamanþáttaröð, *Trío*, var frumsýnd 9. júní en þættirnir sem voru sex talsins voru á dagskrá á fimmtudagskvöldum. Í þáttunum kynntust áhorfendur blaðberanum Friðberti og nágrönnum hans. Höfundur og leikstjóri var Gestur Valur Svansson en fyrirtækið Clear River Productions ehf. framleiddi.

ÁRAMÓTASKAUP

Áramótaskaup ársins 2010 var, eins og árið áður, í leikstjórn Gunnars

B. Guðmundssonar sem hafði sér til fulltingis handritshöfundana Önnu Svövu Knútsdóttur, Ara Eldjárn, Halldór E. Högurð, Ottó Geir Borg og Sævar Sigurgeirsson. Menn og málefni liðins árs voru tekin fyrir á hraðan og harðan máta og víða var dansað á línunni. Eftir rússíbana sjálfsskoðunar fór þjóðin í uppbyggilega göngu inn í framtíðina með söng sem lifir áfram og hljómar á flestum útvarpsstöðvum.

ENDURSÝNINGAR

Á árinu voru fjögur *Áramótaskaup* endursýnd. Í september voru Skaupin frá 2007 og 2008 endursýnd. Í október var fyrsta Skaup Sjónvarpsins frá árinu 1968 endursýnt og í byrjun desember Skaupið frá árinu 1969.

SJÓNVARP

Ísland	49,8%	49,8%	Ísland
Danmörk	3,2%		
Finnland	0,4%		
Svíþjóð	1,8%		
Noregur	1,4%	56,6%	Norðurlönd
Bretland	12,4%		
Frakkland	2,8%		
Þýskaland	1,3%		
Önnur Evrópulönd	1,2%	74,3%	Evrópa
Bandaríkin	22,9%		
Kanada	2,2%	99,4%	Evrópa og N-Ameríka
Ástralía	0,2%		
Önnur lönd	0,4%	100,0%	Öll lönd

Í desember voru endursýndir leiknu sjónvarpsþættirnir *Nonni og Manni*, alls sex þættir, eftir sögum Jóns Sveinssonar í leikstjórn Ágústs Guðmundssonar. Sýning þáttanna hófst annan dag jóla og var sýndur einn þáttur á dag um hátíðarnar en þættirnir voru frumsýndir 1988.

Kallakaffi, tólf leiknir gamanþættir frá árinu 2005, voru endursýndir síðdegis á föstudögum í mars, apríl og maí. Þættirnir eru framleiddir af Saga film í leikstjórn Hilmar Oddssonar.

ERLENT EFNÍ

Mikið kapp var lagt á að gera erlenda dagskrá RÚV sem vandaðasta og tengja hana atburðum líðandi stundar. Skipting á milli erlendar og innlendrar dagskrár stóð að mestu í stað á milli ára. Nam erlenda efnið 50,2% af efni RÚV á tímabilinu.

Skipting dagskrárefnis á rekstrarárinu er sem hér segir:

Evrópskt efni var í hávegum haft á nýliðnu rekstrarári. Að íslensku efni meðtöldu nam það 74,3% af útsendu

efni. Það hefur aukist um tæplega 3% milli ára og er það rúmlega þrefalt meira en efni frá Bandaríkjunum sem var 22,9%.

Eins og undanfarin ár var leikið efni frá Norðurlöndunum veigamikilið í dagskránni. Sunnudagskvöldin hafa fest sig í sessi fyrir leikna norræna efnið

og má þar nefna þættina *Himinbláa 3* (Himmelblå), *Hvaleyyjar* (Hvaler) og *Lífverðina* (Livvakterne). Þá bauð RÚV upp á *Winter lögreglufoingja* (Kommissarie Winter) á þriðjudögum og *Liðsaukann* (Rejseholdet) á mánudagskvöldum. *Liðsaukinn* er úr smiðju danska ríkissjónvarpsins (DR) og talað er um að þessir þættir hafi rutt brautina fyrir hið svokallaða *danska sjónvarpsvor*. Einnig voru sýndir fjólmargir heimildarþættir frá Norðurlöndunum sem flestir eru til komnir í samvinnu norrænu ríkissjónvarpsstöðvanna (Nordvision). Má þar nefna þættina *Ásu lækni* (Dr. Åsa), *Heilabrot* (Hjärnstorm 2), *Önnu mat* (AnneMad), og mjög svo umtalaðan þátt frá norska ríkissjónvarpinu NRK sem nefndist *Prenna* (Trekant). Þar var fjallað á hispurlausan hátt um kynlíf ungs fólks í Noregi.



Danska spennuþáttaröðin *Lífverðirnir* (Livvakterne)



David Attenborough

Sú nýbreytni var tekin upp í jóladagatali RÚV að ráðist var í að kaupa jóladagatal frá norska ríkissjónvarpinu, NRK. Þættirnir hétu *Jól í Snædal* (Jul i Svingen: Linus & Friends). Mikill metnaður var lagður í talsetningu á þáttunum sem vöktu ánægju hjá öllum aldurshópum áhorfenda RÚV.

RÚV jók við sýningar á norrænu barnaefni sem fengið var í nánú samstarfi norrænu ríkissjónvarpsstöðvanna og tók einnig þátt í framleiðslu á þáttaröð er nefnist *Kom og leg*, þar sem barnaleikjum á Norðurlöndunum voru gerð skil. RÚV framleiddi fimm þætti þar sem íslenskir barnaleikir voru kynntir til sögunnar.

Eins og undanfarin ár átti breskt efni, bæði leikið efni og heimildamyndir, mikinn þátt í útsendu erlendu efni eða 12,9%. Nokkuð stór hluti þess kom frá BBC. Má þar nefna heimildamyndaflokkana *Sögu vísindanna*

(History of Science), *Uppruna lífsins* (First Life), *Horfna heimar* (Ancient Worlds), *Undur sólkerfisins* (Wonders of the Solar System) og *E efni í matvælum* (E numbers: An edible adventure).

Margir telja að leikið efni frá Bretlandi sé það besta sem völ er á. Hér skulu nefndir þættir eins og *Njósnaðeldin 8* (Spooks), *Dauðir rísa* (Waking the Dead), *Þögnin* (The Silence), *Luther* og síðast en ekki síst *Downton Abbey*, þáttaröð sem hlaut sex Emmyverðlaun 2010 og sýnd var á sunnudagskvöldum. Annað leikið efni eins og *Mo*, *Sakfelldur* (The Accused) og *Hernumið land* (Occupation) sem var einnig tilnefnt til alþjóðlegu Emmyverðlaunanna 2010 hefur verið á dagskrá RÚV síðastliðið ár. Þá birtust einnig fastagestir á skjánum, *Martin læknir* (Doc Martin) og *Kingdom lögmáður* (Kingdom), ásamt gamalkunnum glæpakempum eins

og Lewis, Barnaby og Taggart sem hafa fundið sér samastað á föstudagskvöldum ásamt nýrri útgáfu af Sherlock Holmes.

Mikill metnaður var lagður í að sýna menningar- og samfélagstengdar heimildamyndir á miðvikudagskvöldum. Umtöluðustu og mest verðlaunuðu heimildamyndir í heiminum um þessar mundir voru sýndar og má þar nefna *Í stríð við sorpið* (Garbage Warriors), *Voginn* (The Cove), *Armadillo*, *Skíni ljós* (Shine a Light), *Kókaín kúreka* (Cocaine Cowboys 2) og *Mann á vír* (Man on Wire).

Efni frá Bandaríkjunum var 24,5% af útsendri dagskrá á árinu en það er aðeins minna en árið áður þegar það var 26,1%. Vinsælir þættir svo sem *Bræður og systur* (Brothers and Sisters), *Aðþrengdar eiginkonur* (Desperate Housewives), *Sportlaust* (Without a Trace) og *Lækna miðstöðin* (Private Practice) sneru aftur ásamt þáttaröðinni *Glæpahneigið* (Criminal Minds) sem var flutt um set af mánudögum á fimmtudaga kl. 22.25. Við það jókst áhorfið til muna og var þetta vinsælasti erlendi þátturinn í íslensku sjónvarpi. Á tímabilinu hófu nýir þættir göngu sína og má þar nefna *Krabbann* (Big C) og *Sönnunargögn* (Body of Proof).



Downton Abbey

ÍÞRÓTTIR

Fyrirfram hefði mátt búast við að árið yrði rólegt í þeim skilningi að þá var hvorki stórmót í knattspyrnu né Ólympíuleikar. Íslenskir íþróttamenn sáu þó til þess að íþróttarárið var bæði viðburðaríkt og eftirminnilegt.

Íslenska kvennalandsliðið í handknattleik tryggði sér í fyrsta sinn í sögu liðsins þátttökurétt í lokakeppni á stórmóti og ungmennalandslið Íslands í knattspyrnu skipað leikmönnum 21 árs og yngri gerði slíkt hið sama. Bæði liðin kepptu því á EM á árinu og voru bæði mótin sýnd á RÚV. HM kvenna í knattspyrnu fylgdi fast í kjölfarið á U21 mótinu þar sem nýir heimsmeistarar Japana voru krýndir í fyrsta sinn, í beinni útsendingu á RÚV.

Þrjár nýjar þáttaraðir hófu göngu sína á árinu. Í október hóf íþrótt- og mannlífspátturinn *Sportið* göngu sína. Markmið þáttarins er að nálgast íþróttir frá nýju sjónarhorni og kynna með því móti ýmsar íþróttagreinar og íþróttafólk fyrir stærri áhorfendahópi. Í apríl hófust upphitunarþættir fyrir EM undir 21 árs undir nafninu *Vormenn Íslands*. Þar voru framtíðarstjórnur íslenskrar knattspyrnu kynntar.

Haustið 2010 varð einnig sú breyting að uppgjörsþáttur um handboltann hóf göngu sína að nýju eftir langt hlé og þróaðist að lokum yfir í íslenska „vetrarboltann“ þar sem sjónum er beint að stærstu boltagreinum landsins.



María Björk Guðmundsdóttir dagskrárgerðarmaður á EM U21 karla í knattspyrnu sem fór fram í Danmörku

Þættir um *Skólahreysti* og íslensku golfmótaröðina hafa verið sýndir á RÚV en framleiddir utanhúss. RÚV tók þá til framleiðslu á árinu. Mikil breyting var gerð á uppbyggingu og efnistöfum þáttanna með góðum árangri. Vilji er til að halda áfram á sömu braut.

Leikjum íslenska karlalandsliðsins á HM í handbolta var lýst beint á Rás 2 og var hlustun gríðarlega mikil. Eftir HM hófst tími bikarúrslita í ýmsum boltagreinum með beinum útsendingum frá bikarúrslitunum í blaki, körfubolta og handbolta. Í apríl hófst úrslitakeppnin í handbolta sem lauk með stórskemmtilegum einvígjum bæði í karla- og kvennaboltanum þar sem kvennalið Vals og karlalið FH urðu sigurvegarar.

Sem fyrr voru knattspyrnumennirnir gerð skil í *Íslenska boltanum* og hefur þátturinn, undir stjórn þeirra Hjartar Hjartarsonar, Óskars Hrafn Þorvaldssonar og Péturs Hafliða Marteinsonar aldrei verið vinsælli. Einnig var sérstakur þáttur um kvennaknattspyrnuna á dagskrá, *Mörk vikunnar*,

auk þess sem bikarúrslit kvenna voru í beinni útsendingu.

Til viðbótar við þetta hefur íþróttadeildin leitast við að sinna smærri íþróttagreinum með þáttagerð og beinum útsendingum. Dæmi um það eru beinar útsendingar frá Íslands-mótinu í hópfirmleikum, badminton, meistaradeildinni í hestaíþróttum og meistaramótum í frjálsum íþróttum.

RÚV leggur metnað í að fjalla um innlent íþróttalíf og helstu íþróttaviðburði erlendis í fréttum. *Innlendur íþróttanna* ber þess merki að vel tókst til en þar var fjallað um það sem bar hæst í flestum íþróttagreinum sem stundaðar eru hér á landi.

Á Rás 2 hafa verið beinar lýsingar frá stærstu íþróttaviðburðum ársins og þar hóf *Sportrásin* einnig annað starfsár sitt. Í þættinum er farið um víðan völl í íslensku íþróttalífi og fylgst með gangi mála á helstu vígstöðvum. Leikin er tónlist í bland við þessa umfjöllun og þátturinn hefur hlotið góðar viðtökur.

FRÉTTAÞJÓNUSTA



Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir þingfréttamaður og Freyr Arnarson töku- og hljóðmaður að störfum á Bessastöðum

ÞRIÐJA ÁRIÐ Í ELDLÍNUNNI

Sameinuð fréttastofa RÚV fagnaði tveggja ára afmæli sínu í september. Þriðja starfsárið einkenndist af sviptingum og krefjandi fréttamálum, ekki síður en tvö þau fyrri, en þó má segja að fréttastofan hafi sjóast og fréttamenn kippi sér ekki upp við átök og ólgu. Starfsmenn fréttastofunnar standa enn sem fyrr frammi fyrir þeirri áskorun að flytja þjóðinni áreiðanlegar fréttir af þjóðfélaginu, efnahagsmálum, stjórnmálalífinu, menningarmálum og sviptingum á erlendum vettvangi, um leið og þeir fylgja eftir uppgjöri efnahagshruns-

ins og reyna að benda áhorfendum á hjartari hliðar samfélagsins.

Í upphafi starfsársins í október voru hávær mótmæli við Alþingishúsið við setningu Alþingis og stefnuræðu forsætisráðherra. Fréttastofan tók ákvörðun um að senda út bæði frá mótmælunum og ræðunum á sama tíma, enda var það ein af leiðunum til að uppfylla hlutverk hennar um upplýsingagjöf frá Alþingi og fréttamiðlun til almennings um mikilvægan atburð.

Kosið var til stjórnlagabings 27. nóvember. RÚV fékk það umfangs-

mikla verkefni að fjalla um aðdraganda þeirra og kynna 523 frambjóðendur fyrir kjósendum. Niðurstaðan varð sú að halda úti stjórnlagabingsvef og fjalla um málefni kosninganna í fréttaskýringum, fréttum og þáttum fréttastofunnar í samstarfi við Kastljós og aðra þætti í útvarpi og sjónvarpi. Frambjóðendur komu fram í viðtalskyningum á Rás 1 og á ruv.is dagana fyrir kosningarnar, skjámyndir með upplýsingum um frambjóðendur voru birtar utan hefðbundins útsendingartíma og að lokum var sendur út ítarlegur umræðuþáttur 25. nóvember.

FRÉTTAÞJÓNUSTA

Fréttastofan fjallaði um aðdraganda, framkvæmd og niðurstöður Icesave-kosninganna 9. apríl í fréttum, sérstökum þáttum í útvarpi og sjónvarpi og á vefnum í samstarfi við ritstjórn Kastljóss. Í vikunni fyrir þjóðar-atkvæðagreiðsluna voru sýndir sjónvarpsþættir um mögulegar afleiðingar þess að samþykkja eða hafna lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave og 7. apríl var sýndur ítarlegur umræðuþáttur þar sem flestum flötum málsins var velt upp. Lögð var áhersla á upplýsandi, sanngjarna og mál-efnalega umfjöllun um þetta flókna deiluefni og farið yfir fyrstu niðurstöður atkvæðagreiðslunnar í stuttri kosningavöku aðfaranótt 10. apríl.

Enn reyndi á almannavarnahlutverk RÚV og fréttastofunnar þegar eldgos hófst í Grímsvötnum 21. maí. Fréttastofan flutti þjóðinni bæði fréttir af hamförunum sjálfum og þeirri hættu sem af þeim stafaði, en ekki síður af áhrifum þeirra á byggðina í nágrenni Kirkjubæjarklausturs, öskufalli, landspjöllum, skepnudauða og æðruleysi



Björgvin Kolbeinsson (RÚVAK) tekur myndir á Skálanesi við Seyðisfjörð

íbúa gagnvart náttúruöflunum. Starfsmenn fréttastofunnar unnu mikið og erfitt starf við skelfilegar aðstæður.

ÁSKORANIR OG UPPHEFÐ

Verkefnið voru næg, en fréttastofan

naut þess að uppskera meiri viðurkenningu á alþjóðavettvangi en nokkur íslensk ritstjórn hefur getað státað af til þessa. Í nóvember fékk RÚV viðurkenningu fyrir sjónvarpsfréttaumfjöllun ársins 2010 (Award for Television News Coverage) á vettvangi EBU – Sambands evrópskra sjónvarpsstöðva. Viðurkenningin, sem kennd er við Norðmanninn Gunnar Høydal, var veitt fyrir frammistöðu fréttastofunnar í umfjöllun um eldgosið í Eyjafjallajökli og afleiðingar fjármálahrunsins. Óðinn Jónsson, fréttastjóri RÚV, tók við viðurkenningunni á fréttapingi EBU í Aþenu (EBU News Assembly) úr hendi Ingrid Deltenre, framkvæmdastjóra EBU.



Linkabíll RÚV í öskumístri

Í ágúst bárust þær gleðifregnir að Fréttastofa RÚV hefði verið tilnefnd til alþjóðlegu Emmyverðlaunanna fyrir fréttaflutning sinn af gosinu í Eyjafjallajökli. RÚV var ein fjögurra sjónvarpsstöðva utan Bandaríkjanna sem hlutu tilnefningu að þessu sinni. Þótt hún þyrfti að lúta í lægra haldi fyrir 4.000 fréttamanna ritstjórn í Brasilíu, var tilnefningin ein og sér mikil viðurkenning á starfi fámennrar fréttastofu fjarri meginstraumi alþjóðlegra fréttu.

Hér heima voru *Landinn* og *Skýrslan um bankahrunið* tilnefnd til Edduverðlaunanna í flokki fréttu- og viðtalsþátta og *Strákarnir okkar* í flokki menningar- og lífsstílsþátta. Við þetta bættist að Gísli Einarsson var tilnefndur sjónvarpsmaður ársins. *Landinn* og *Gísli* hrepptu hnossið – sjálf Edduverðlaunin – og juku þar með hróður sinn og fréttastofunnar.

Loks má geta þess að fréttastofa RÚV deildi verðlaunum Bláðamannafélags

Íslands fyrir bestu umfjöllun árið 2010 með fréttastofu Stöðvar 2 og Morgunblaðinu. Verðlaunin voru veitt fyrir umfjöllun um gosið í Eyjafjallajökli.

Mikilvægasta viðurkenningin hlýtur þó að teljast sú að fréttastofa RÚV ber áfram höfuð og herðar yfir aðra í könnunum á trausti almennings til fjölmiðla. Í nýjustu mælingu Markaðs- og miðlarannsóknna (MMR) á trausti til fjölmiðla kváðust 71,5% aðspurðra treysta fréttastofunni best en 49,8% sögðust treysta þeim fjölmiðli sem næstur kom.

INNRA STARF FRÉTTASTOFUNNAR

Skapast hefur hefð fyrir haustfundi fréttastofunnar sem yfirleitt er haldinn skömmu eftir afmæli hennar 16. september. Þar eru lagðar línur fyrir fréttaveturinn framundan og starfsmenn þetta raðir sínar. Haustfundurinn 2010 var haldinn í Keflavík. Þar var m.a. fjallað um aukið hlutverk

fréttastofunnar í veffréttum. Ákveðið var að veffréttir yrðu eflar, m.a. með breytingum á vaktatöflum, þar sem fréttamenn erlendra fréttu tækju að ganga vefvaktir. Skipaðir voru vinnuhópar starfsmanna fréttastofunnar til að fjalla m.a. um fréttavinnslu á vefnum, vinnulag og efnistöð í fréttum. Markmiðið var að bæta fréttavinnsluna, auka gæði fréttu í öllum miðlum og jafna álagið yfir daginn. Þetta tókst að nokkru leyti en ekki þó að öllu. Fréttastofan bindur vonir við að nýtt, miðlægt vinnslukerfi og nýr vefur ruv.is einfaldi vinnulagið í fréttum. Fyrir dyrum standa frekari skipulagsbreytingar með aukinni áherslu á fréttavinnslu fyrir vefinn og aukið hlutverk dagskrárgerðarmanna við vinnslu einstakra sjónvarpsfréttu.

Fréttastofa RÚV steig nýtt skref sunnudaginn 3. október þegar fréttu- og þjóðlífsþættinum *Landanum* var ýtt úr vör. Ritstjóri var Gísli Einarsson og dagskrárgerð var í höndum Karls Sigtryggssonar. *Landinn* varð fljótlega einn vinsælasti þátturinn í íslensku sjónvarpi, enda hefur honum tekist það ætlunarverk sitt að kynna þjóðina fyrir sjálfri sér og velta upp nýjum og áhugaverðum málum um land allt, með öðrum hætti en gert er í almennum fréttum. Þá hefur umfjöllun um viðfangsefni og hagsmunamál landsbyggðarfólks stórauðist á RÚV með tilkomu *Landans*.

Hádegisútvarpið tók til starfa um svipað leyti. Það var jákvæð og skemmtileg viðbót við fréttadaginn, þar sem engu var líkara en flutt væru



Karl Sigtryggsson dagskrárgerðarmaður við upptöku á *Landanum*

FRÉTTAÞJÓNUSTA

póstkort frá ýmsum áhugaverðum stöðum milli hádegisfjirlits og hádegisfréttar. Vinnsla þáttarins reyndist hins vegar of tímafrek fyrir ritstjórnina, og ekki síst fyrir starfsmennina úti á landi. Því var ákveðið að leggja þáttinn niður í vor og setja í staðinn meiri kraft í *Landann* til að halda honum gangandi yfir hábjargræðistímann í sumar.

Innan vébanda dægurmáladeildar Fréttastofu RÚV eru útvarpsþættirnir *Morgunútvarpið* og *Síðdegisútvarpið* á Rás 2, fréttaskýringaþátturinn *Spegillinn* á báðum rásum, *Vikulokin* á Rás 1, og vinnsla á dægurmálaefni fyrir vefinn. *Spegillinn* var sem fyrr tekinn af dagskrá í sparnaðarskyni sumarið 2011 en í hans stað vann dægurmáladeildin þáttinn *Syrpuna* með úrvali úr *Morgunútvarpi*, *Hádegisútvarpi* og *Síðdegisútvarpi*.

Veturinn 2010-2011 sendi fréttastofan út *Mál dagsins*, fréttaskýringar í sjónvarpsfréttatímanum á sunnudögum. Reyndustu fréttamenn fréttastofunnar unnu fréttaskýringarnar um mál af erlendum og innlendum vettvangi. Fréttastofan vonast eftir svigrúmi til að auka fréttaskýringar í framtíðinni.

Ný starfsstöð RÚV á Akureyri, á háskólasvæðinu við Norðurslóð 2, var formlega tekin í notkun 10. desember. Nýtískulegt og vel búið húsnæðið, ásamt nálægðinni við háskólasamfélagið nyrðra, hefur reynst starfsstöðinni mikil lyftistöng.

Fréttastofan bryddaði upp á þeirri nýbreytni í febrúar að halda einyrkja-



Nýja fréttasettið

námskeið fyrir alla starfsmenn RÚV, þar sem kennd voru undirstöðuatriðin í að fullvinna fréttir í „sjálfþökufréttamennsku“ (videojournalism), taka myndir og klippa þær. Færri komust að en vildu á námskeiðinu, sem á endanum var skipað 17 nemendum og stýrt af „sjálfþökujöxlum“ á borð við Gísla Einarsson og Rúnar Snæ Reynisson.

Í lok mars tók fréttastofan í notkun nýtt fréttasett fyrir sjónvarpsfréttirnar, og nýtt sjónvarpsfréttastef hljómaði í fyrsta sinn í viðtækjum landsmanna. Nýja útlitið hefur mælst vel fyrir, enda býður það upp á nýstárlega möguleika til að brjóta upp fréttatímann með viðtölum og myndum í beinni útsendingu. Nýja umgjörðin nýtist líka til að senda út frá stórviðburðum í aðdraganda kosninga og frá umræðuþáttum.

Á rekstrarárinu var unnið að endurhönnun á vef RÚV og veftréð var endurskipulagt enda að grunni til frá

því um síðustu aldamót. Ný vefstefna RÚV var samþykkt og hrundið í framkvæmd, en hún fól m.a. í sér að vefurinn yrði framvegis viðfangsefni allra deilda og starfsmanna fyrirtækisins fremur en að fréttastofan hefði þar forræði. Úr varð að nýmiðladeild tók til starfa í lok tímabilsins og fylgdi vinnunni eftir.

Fréttamaðurinn – fréttareglur og vinnuleiðbeiningar fyrir starfsmenn Fréttastofu RÚV var birtur á vef RÚV í fyrsta sinn. Þar geta notendur glöggvað sig á þeim grundvallarreglum sem fréttastofan byggir starf sitt á. Á starfsárinu urðu engar breytingar á stjórn Fréttastofu RÚV: Fréttastjóri er Óðinn Jónsson og varafréttastjóri þau Broddi Broddason, Ingólfur Bjarni Sigfússon og Sigríður Hagalín Björnsdóttir. Yfirmaður dægurmáladeildar er Margrét Marteinsdóttir, íþróttastjóri er Kristín H. Hálfánardóttir og tæknistjóri Viðar Oddgeirsson. Með stjórnendahópnum vinnur rekstrarstjórinn, Kristín E. Björnsdóttir.

ÖNNUR STARFSEMI



Helga Lára Sigurjónsdóttir fulltrúi á Safnadeild

SAFNAMÁL

Safnkostur Safnadeildar Ríkisútvarpsins er gríðarlega mikið notaður í dagskrárgerð. Einnig er nokkuð gestkvæmt á safninu. Þangað koma t.d. menntaskólanemar til að búa sig undir Gettu betur og kvikmyndagerðarmenn í rannsóknarvinnu. Einungis starfsmenn geta fengið lánuð gögn á safninu og á tímabilinu voru lánuð út um 30.000 eintök eða 15% fleiri en árið áður. Meginástæða aukningarinnar er lengd sjónvarpsdagskrá enda er sjónvarpsefni ríflega helmingur allra útlána.

Stefna um bókasafnið var skilgreind á haustdögum enda eru bækur hluti safnkostsins. Með skilgreindri aðfangastefnu verða nauðsynleg gögn aðgengileg og viðhald safnkosts verður í samræmi við eftirspurn og þarfir notenda. Hagræðing næst með því að allar bækur í eigu Ríkisútvarpsins verði skráðar í bókasafn, óháð staðsetningu.

Í sumar tók safnadeild öðru sinni þátt í átaksverkefni Vinnumálastofnunar og ríkisins fyrir námsmenn og atvinnuleitendur. Ráðnir voru fimm starfsmenn í tvo mánuði til ýmissa starfa m.a. afritunar tónlistar á geisladiskum, undirbúnings fyrir afritun hljóðbanda, skráningar sjónvarpsfrétta á filmum 1966-1973 og skráningar útvarpsleikrita, sem nú er lokið.

Öll íslensk tónlist sem RÚV á í safni sínu á geisladiskum hefur verið afrituð í safnakerfið til mikillar hagræðingar fyrir alla dagskrárgerð. Unnið er að afritun erlendra tónlistar á geisladiskum í safnakerfið.


Áfram var haldið þökkun og frágangi skjala og var 1.900 skjalaöskjum á 16 brettum skilað til Þjóðskjalasafns.

Safnadeild tekur þátt í samstarfi safna- stjóra útvarps- og sjónvarpsstöðva á Norðurlöndunum. Markmið sam-

starfsins er m.a. að samræma upplýsingar og samnýta þær. Hópur starfsmanna frá söfnunum vinnur að stöðlun skráningar upplýsinga (MetaData) til þess m.a. að auðvelda samnýtingu.



1900 skjalaöskjum var skilað til Þjóðskjalasafns



Hafrún Arnþórsdóttir bókasafnsfræðingur



Linda Wright bókasafnsfræðingur

ÖNNUR STARFSEMI

JAFNRÉTTIS- OG MANNAUÐSMÁL

Innleiðing starfsmannasamtala var undirbúin á árinu með gerð fræðslu-myndbands, í samvinnu við grafík-deild, og undirbúningseyðublaða fyrir stjórnendur og starfsfólk. Að innleiðingu lokinni munu starfsmenn eiga kost á árlegu samtali við næsta yfirmann sinn m.a. um frammistöðu í starfi, gagnkvæmar óskir og væntingar og starfsumhverfi.

Vinnustaðagreining var undirbúin á árinu. Tilgangur hennar er m.a. að fá fram viðhorf starfsfólks til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um stöðu starfsmannamála og geta nýst til endurbóta á starfsumhverfi.

Umsóknir um sumarafleysingastörf á fréttastofu voru 387. Ríkisútvarpinu var úthlutað níu stöðugildum í átaksverkefni velferðarráðuneytisins og Vinnumálastofnunar til að fjölga störfum fyrir námsmenn og atvinnuleitendur og barst 1.061 umsókn um störf.

Góð þátttaka var í Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna, fræðslu og hvatningarverkefnum ÍSÍ sem er ætlað að hvetja landsmenn til að huga að daglegri hreyfingu og auka hana eftir mætti.

Börnum og barnabörnum starfsmanna var boðið að heimsækja vinnustaðinn á vordögum og þáðu um 150 börn boðið. Dagskráin var metnaðarfull og börnin gátu skoðað allar deildir. Þau fengu m.a. að vera útvarpsfólk, velja lag og gera stutta útvarpskynn-



María Sigrún Hilmarsdóttir fréttamaður í nýja fréttasettinu

ingu. Björgvin Franz og Leynifélagarnir Brynhildur og Kristín Eva heilsuðu upp á börnin við góðar undirtektir.

Endurskoðuð jafnréttisáætlun var samþykkt á stjórnarfundum 21. júní og í kjölfarið kynnt öllum stjórnendum. Henni fylgir framkvæmdaáætlun þar sem markmið eru skilgreind, talin þau verkefni sem ráðast þarf í til að þeim verði náð og tilgreint hverjir bera ábyrgð á því. Þar á meðal er árleg mæling á kynjahlutfalli þátta-stjórnenda og umsjónarmanna eftir dagskrárdeildum og mæling á kynjahlutfalli viðmælenda. Markmiðið er að jafna hlut kynjanna í umsjón þátta í öllum miðlum Ríkisútvarpsins og tryggja að hann sé sem jafnastur í viðtölum. Samkvæmt jafnréttislögum ber vinnuveitanda að greiða konum og körlum jöfn laun og veita þeim sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf. Gerð verður óháð launakönnun til að finna út hvort kynbundinn launamunur sé til staðar hjá félaginu.

MÁLFA

Málfarsráðunautur sér til þess að málstefnu Ríkisútvarpsins sé framfylgt. Áhersla er lögð á yfirlestur

frétta í aðalfréttatímum dagsins og að handrit fyrir útvarp og sjónvarp séu lesin yfir fyrir upptöku. Leiðbeiningar um framsögn og flutning eru einnig meðal verkefna málfarsráðunautar.

Í tilefni af 80 ára afmæli Ríkisútvarpsins önnuðust Bergljót Baldursdóttir og Ásgrímur Angantýsson málfarsráðunautur þátt um málrækt og málvernd í útvarpi. Ásgrímur hafði einnig umsjón með vikulegum þætti er nefndist *Málstofan* veturinn 2010-2011 í samstarfi við málfræðinga á Hugvísindasviði Háskóla Íslands sem sáu um efnistöð og flutning. Í þættinum var fjallað um íslenskt mál, sögu þess og málnotkun í fjölbreyttu samhengi.

TÁKNMÁLSTÚLKUN OG TEXTUN

Þjónusta við heyrnarlausum og heyrnar-skerta er í stöðugri endurskoðun. Á tímabilinu var textun á síðu 888 í textavarpinu aukið um 35% eða úr 184 í 248 klst. af frumfluttu íslensku dagskrárefni. Sem fyrr flytur RÚV heyrnarlausum daglega sjónvarpsfréttir á táknmáli. Allir landsmenn hafa aðgang að fréttum og upplýsingum á vef RÚV, í Textavarpinu og í þriðju-



Gísli B. Björnsson höfundur merkis Sjónvarpsins fer yfir tilurð þess

kynslóðar farsímum en auk þess hafa heyrnarskertir aðgang að upplýsinga-síðum um málefni sem tengjast þeim.

FJÖLÞJÓÐLEGT SAMFÉLAG

RÚV leggur metnað sinn í að gera fjölþjóðlegu samfélagi á Íslandi góð skil og á um það verkefni samstarf við Fjölmenningsarsetrið. Reynt er eftir megni að sinna þörfum íbúa frá öðrum löndum, t.d. með fréttum og upplýsingum á erlendum tungumálum. Áfram var í textavarpinu boðið upp á fréttir á pólsku og serbókróatísku.

MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Ný merki

Merki RÚV, Sjónvarpsins, Rásar 1, Rásar 2 og ruv.is voru sameinuð undir einu sterku merki 31. mars. Kannanir sýndu að flestir landsmenn tengja heitið RÚV við Sjónvarpið og endurnýjuð gerð af hinu góðkunna merki Sjónvarpsins varð fyrir val-

inu. Fjölmargar vörumerkjameðlingar höfðu sýnt að Sjónvarpsmerkið er eitt sterkasta vörumerki landsins og því þótti skynsamlegt að halda því. Eitt merki hefur þann kost að vera sameiningartákn allrar starfsemi fyrirtækisins og skerpa ásýnd þess en áður voru merkin fjögur. Ákveðið var að hið nýja merki Sjónvarpsins yrði RÚV í rauðum lit en samheiti allra miðla RÚV í bláum lit. Hönnuðir kusu merkið besta vörumerki landsins árið 2009.

Á sama tíma og hið nýja merki var tekið í notkun tók ásýnd og útlit miðla RÚV breytingum og voru þær unnar samhliða breytingunni á merkinu. Hér má nefna nýtt vefútlit, upphafsmynd fréttu og fréttasett. Stillimyndin hvarf einnig og við tóku skjámyndir með dagskrárkynningum og myndir úr vefmyndavélum Mílu.

Höfundur merkis Sjónvarpsins, Gísli B. Björnsson, hannaði merkið upphaflega fyrir Ríkisútvarpið - Sjónvarp á árunum 1965-1966 og tók hann þátt í að endurhanna merkið nú.



Gamla útfærslan á merkinu



Nýja útfærslan á merkinu

RÚV

Letur teiknað af Þorbirni Ingasyni grafískum hönnuði



Nýju merkin

ÖNNUR STARFSEMI


TRAUST

Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

– þeir sem sögðu „frekar/mjög mikið“



Könnun MMR á trausti almennings til helstu stofnana samfélagsins
26. október 2011



Vinsælasta sjónvarpsefnið

Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva var sem fyrr vinsælasti dagskrárliðurinn á rekstrarárinu. Úrslit keppninnar, sem sýnd voru í beinni útsendingu laugardagskvöldið 14. maí, mældust með mesta uppsafnaða áhorfið á tímabilinu. Rúmlega 80% landsmanna horfðu á úrslitabáttinn og nær allir sem horfðu á sjónvarp á þessum tíma höfðu stillt á keppnina. Í öðru sæti var fyrra undanúrslitakvöld söngvakeppninnar, þar sem Vinir Sjonna sungu fyrir Íslands hönd í Düsseldorf. Þar skammt á eftir og reyndar með mesta meðaláhorfið á tímabilinu var Áramótaskaup RÚV með 75% áhorf.

Vinsælasta útvarpsefnið

Líkt og undanfarin ár var vinsælasta útvarpsefnið útsending Rásar 1 frá Guðsþjónustu í Dómkirkjunni á aðfangadagskvöld. Alls hlustuðu um 100.000 manns á aldrinum 12-80 ára að hluta til eða alveg á útsendinguna

frá Dómkirkjunni þetta kvöld. En til viðbótar við þá sem höfðu kveikt á Rás 1 hlustuðu fjölmargir á útsendinguna í sjónvarpinu. Vinsælasti dagskrárliður Rásar 2 á rekstrarárinu var bein útsending frá leik Íslands og Noregs á HM í handbolta karla 20. janúar, en rúmlega 75 þúsund manns hlustuðu að einhverju leyti á þessa beinu lýsingu.

Þróun

Áhorf á RÚV reyndist meira á rekstrarárinu en árið á undan. Meðalmarkaðshlutdeild RÚV jókst úr 50% í 51% á milli ára.

Þróun hlustunar

Rás 1 og Rás 2 hafa átt undir högg að sækja í hlustunarmælingum undanfarin ár en nú varð breyting þar á þar sem Rás 2 jók markaðshlutdeild sína um 2% á milli ára.

Vefnotkun

Samkvæmt samræmdri vefmælingu Modernus fækkaði stökum notendum ruv.is lítilla milli rekstrarára. Einstakir notendur voru að meðaltali 30.232 á viku á rekstrarárinu 2009-2010 en sams konar mæling sýndi 28.917 notendur á viku rekstrarárinu. Athygli vekur mikil umferð á vefnum fyrstu vikur eldgossins í Eyjafjallajökli í apríl 2010. Þar er að hluta til um að ræða erlenda vefgesti sem skoðuðu vefstreymi frá Kötlu og Heklu. Þetta undirstrikar einnig beina tengingu vefsins ruv.is við stór fréttamál.

Traust

Enginn fjölmiðill nýtur viðlíka trausts og fréttastofa RÚV. Þetta er niðurstaða könnunar Markaðs- og miðlanagerðs (MMR) frá því í apríl um traust almennings til fjölmiðla. Alls sögðust 71,5% þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar bera mikið traust til fréttastofunnar en aðeins 7,0% sögðust bera lítið traust til hennar.

ÝMIS MÁLEFNI

Mikilvægur liður í starfsemi RÚV er að gera dagskrána sem aðgengilega sta fyrir almenning. Í þeim tilgangi eru æ fleiri hlutar hennar valdir til birtingar á vefnum, gerðir aðgengilegir í VOD-þjónustum eða gefnir út á hljóð- og mynddiskum. Einnig er boðið upp á útsendingu á netinu samhliða útsendingum í sjónvarpi og hljóðvarpi auk þess sem viðbótarefni er í boði á netinu. Með þessu móti getur fólk sótt efni og notið þess hvar og hvenær sem er.

Í bókhaldi er sérstaklega haldið utan um tekjur og gjöld af útgáfu- og sölu-starfsemi og þess gætt að tekjur standi undir viðbótarkostnaði. Á árinu voru tekjur af seldu efni og þjónustu 24,2 m.kr. en kostnaður vegna þess var 21,4 m.kr.

Íslensk tónlist var að venju fyrirferðarmikil í miðlum RÚV. Ekki er fjallað sérstaklega um hana í ársskýrslunni þar sem hún er í flestum tilfellum hluti af annarri dagskrárgerð og er hennar getið í þeirri umfjöllun. Þó má nefna að um helmingur þeirrar tónlistar sem leikin er á Rás 2 er innlendur.

Stefnumótunarvinna fyrir Ríkisútvarpið fer nú fram og mun félagið marka sér stefnu og framtíðarsýn til lengri og skemmri tíma. Að verkefninu koma allir starfsmenn og ráðgert er að því ljúki í apríl 2012. Fjölmargar undirstefnur verða markaðar s.s. dagskrárstefnur allra miðla félagsins, ritstjórnarstefnur og stefna í tæknimálum. Starfmannastefnan verður einnig endurskoðuð en jafnréttisáætl-

unin var endurskoðuð á rekstrarárinu eins og áður hefur komið fram. Gera má ráð fyrir áherslubreytingum þegar niðurstaða þessarar vinnu liggur fyrir.

Stjórn RÚV fundar reglulega einu sinni í mánuði. Þar eru málefni félagsins rædd, farið yfir hagtölur sem lúta að rekstri og útvarpsstjóri gerir grein fyrir helstu atriðum í starfsemi félagsins.

Í viðhorfsskönnun sem gerð var meðal almennings í lok rekstrarársins kom fram að fréttahlutverkið er sem fyrr talið mikilvægast í starfseminni. Í samanburði við fyrri viðhorfsskönnunir nefna heldur færri fréttar og öryggishlutverkið en þeim fjölga nokkuð sem nefna menningar- og fræðsluhlutverkið. Ytri aðstæður hafa hugsanlega haft áhrif á afstöðu svarenda því fyrri könnun var gerð á meðan eldgos stóð yfir. Samkvæmt könnuninni er mest ánægja með dagskrá Rásar 2 og það efni sem er í boði á vefnum. Af þeim sem taka afstöðu eru 84% ánægð með dagskrá Rásarinnar og þeir ánægðustu eru á aldrinum 25-34 ára. Meðal annarra atriða, sem fram koma í könnuninni, má nefna að vefurinn kemur betur út en í fyrri könnunum og almenningur er afdráttarlaust fylgjandi því að RÚV hafi sérstaka viðburðarás í sjónvarpi og sé á auglýsinga- og kostunarmarkaði. Greinileg óánægja er hins vegar með að ríkið noti hluta af útvarpsgjaldinu í annað en að fjármagna RÚV.

Meðal verkefna sem tæknideildin vann á tímabilinu má nefna að: Svæðisstöð RÚV á Norðurlandi flutti


í Sólborg á Akureyri en samhliða flutningunum var hljóðversbúnaður (stúdíóbúnaður) endurnýjaður.

Miðlægur búnaður í upptökubíl Sjónvarpsins, sem keyptur var 1986, var endurnýjaður fyrir stafræna myndvinnslu. Árið 2006 voru keyptar stafrænar myndavélar sem nú koma að fullum notum. Við það hafa myndgæði frá bílnum aukist verulega.


Lítið myndver var sett upp á fréttastofunni og er það notað er fyrir Tíu-fréttir Sjónvarpsins og til þess að auctelda fréttastofu að senda út stutta aukafréttatíma.

Hafin var endurnýjun á tækniinnviðum útvarpsins en þeir eru frá opnun Útvarpshússins 1987. Með endurnýjuninni er tekin upp stafræn tækni.

MARKAÐSHLUTDEILD 2010-2011 SJÓNVARP



MARKAÐSHLUTDEILD 2010-2011 ÚTVARP



LYKILTÖLUR TENGDAR DAGSKRÁ

	Rekstrarárið 1.9.'10-31.8.'11	Rekstrarárið 1.9.'09-31.8.'10	Rekstrarárið 1.9.'08-31.8.'09	Rekstrarárið 1.9.'07-31.8.'08	Viðmið í þjónustu- samningi 24.5.'11
SJÓNVARP					
Útsent innlent efni	2.185 klst.	2.267 klst.	1.986 klst.	1.930 klst.	-
Útsent erlent efni	2.205 klst.	2.204 klst.	2.466 klst.	2.230 klst.	-
Heildarútsendingartími	4.390 klst.	4.471 klst.	4.452 klst.	4.160 klst.	2.555 klst.
Meðalútsendingartími á dag	12 klst.	12,2 klst.	12,2 klst.	11,4 klst.	a.m.k. 7 klst.

Innlent efni	49,8%	50,7%	44,6%	46,4%	-
Erlent efni	50,2%	49,3%	55,4%	53,6%	-
Samtals	100%	100%	100%	100%	

Innlent efni á kjörtíma	53,3%	51,2%	49,4%	48,7%	44%*
Erlent efni á kjörtíma	46,7%	48,8%	50,6%	51,3%	56%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%

Ísland	49,8%	50,7%	44,6%	46,4%	-
Önnur Norðurlönd	6,7%	7,5%	7,1%	5,6%	5%
Norðurlönd alls	56,5%	58,2%	51,7%	52,0%	-
Önnur Evrópulönd	17,7%	14,0%	17,6%	17,3%	-
Evrópa alls	74,2%	72,2%	69,3%	69,3%	-
N-Ameríka (Bandaríkin og Kanada)	25,1%	27,0%	29,9%	28,1%	-
Aðrar heimsálfur	0,7%	0,8%	0,8%	2,6%	-
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	

Leikið efni	30,8%**	34,4%	37,5%	36,4%	-
Skemmtiefni	9,6%	10,5%	9,9%	10,2%	-
Listir, menning og vísindi	17,0%	12,8%	14,4%	13,0%	-
Íþróttir	12,8%***	18,7%	10,4%	17,5%	-
Fréttir og fréttatengt efni	15,7%	12,3%	15,1%	11,1%	-
Barna- og unglingaefni	14,1%	11,3%	12,7%	11,8%	-
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	

Barna- og unglingaefni	568 klst.	543 klst.	569 klst.	550 klst.	550 klst.
------------------------	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------

Textun á síðu 888 (frumsýningar)	248 klst.	184 klst.	169 klst.	114 klst.	167 klst.
Textun á síðu 888 (endursýningar)	485 klst.	326 klst.	347 klst.	336 klst.	-
Samtals	733 klst.	510 klst.	516 klst.	450 klst.	

Táknmálsfréttir	Alla daga	Alla daga	Alla daga	Alla daga	Alla daga
Táknmálstúlkun á fréttum og fréttatengdu efni	-	-	13 klst.	-	-

Nýsköpun og kaup á dagskrárefni	180 m.kr.	98 m.kr.	108 m.kr.	183 m.kr.	128 m.kr.****
Talsetning á barnaefni	76 m.kr.	80 m.kr.	67 m.kr.	52 m.kr.	76 m.kr.
Kaup á efni af sjálfstæðum framleiðendum	256 m.kr.	178 m.kr.	175 m.kr.	235 m.kr.	204 m.kr.

*Við lok samningstímans er gert ráð fyrir að hlutfall innlands efnis á kjörtíma verði 65%. **Þar af íslenskt 6,9% *** Hlutfallsleg skipting íþróttar í sjónvarpi var eftirfarandi: Handbolti 34%, fítbolti 31%, frjálfsar 14%, körfubolti 4%, golf 4%, hestar 3% og aðrar íþróttagreinar s.s. glíma, dans, blak og badminton um 1% hver. **** 4,2% af þjónustutekjum 2011 eða 128,3 m.kr., 5% árið 2012 og 6% 2013 til loka árs 2015.

RÁS 1	Rauntölur 1.9.'10-31.8.'11	Rauntölur 1.9.'09-31.8.'10	Rauntölur 1.9.'08-31.8.'09	Rauntölur 1.9.'07-31.8.'08
Samfélags- og dægurmál	910 klst.	925 klst.	913 klst.	868 klst.
Skemmtiefni	244 klst.	264 klst.	262 klst.	537 klst.
Trúmál	104 klst.	103 klst.	106 klst.	103 klst.
Leikið efni	53 klst.	37 klst.	21 klst.	85 klst.
Vísinda- og fræðsluefni	3.468 klst.	1.929 klst.	1.613 klst.	1.667 klst.
Sígild / létt sigild tónlist	2.138 klst.	3.727 klst.	3.803 klst.	3.486 klst.
Dægurtónlist	638 klst.	619 klst.	527 klst.	544 klst.
Fréttir og fréttatengt efni	931 klst.	903 klst.	1.278 klst.	1.152 klst.
Auglýsingar	261 klst.	241 klst.	228 klst.	261 klst.
Kynningar	13 klst.	12 klst.	9 klst.	81 klst.
SAMTALS	8.760 klst.	8.760 klst.	8.760 klst.	8.784 klst.
Meðalúts. á sólarhring	24 klst.	24 klst.	24 klst.	24 klst.

RÁS 2*				
Samfélags- og dægurmál	845 klst.	885 klst.	930 klst.	2.247 klst.
Skemmtiefni	376 klst.	258 klst.	226 klst.	79 klst.
Trúmál	0 klst.	0 klst.	0 klst.	1 klst.
Leikið efni	0 klst.	0 klst.	2 klst.	1 klst.
Vísinda- og fræðsluefni	11 klst.	8 klst.	10 klst.	28 klst.
Sígild / létt sigild tónlist	0 klst.	0 klst.	1 klst.	11 klst.
Dægurtónlist	5.289 klst.	5.524 klst.	5.546 klst.	4.369 klst.
Fréttir og fréttatengt efni	1.571 klst.	1.576 klst.	1.573 klst.	1.590 klst.
Íþróttir	258 klst.*	133 klst.	96 klst.	125 klst.
Auglýsingar	390 klst.	358 klst.	366 klst.	331 klst.
Kynningar	20 klst.	18 klst.	10 klst.	2 klst.
SAMTALS	8.760 klst.	8.760 klst.	8.760 klst.	8.784 klst.
Meðalúts. á sólarhring	24 klst.	24 klst.	24 klst.	24 klst.

* Um 50% af tónlist á Rás 2 er íslensk. ** Hlutfallsleg skipting íþróttar í útvarpi var eftirfarandi: Handbolti 71%, fótolti 22% og körfubolti 7%.

KYNJAHLUTFALL

Kynjahlutfall viðmælenda í fréttum og fréttatengdum þáttum útvarps og sjónvarps var 62,8% karlar og 37,2% konur.

RUV.IS

Stakir notendur á viku voru 106 þúsund. Áður útsent efni sem er aðgengi-legt á vefnum skiptist þannig að frá Rás 1 eru 3.652 klst., frá Rás 2 eru 3.645 klst. og frá sjónvarpi 1.351 klst.

DREIFIKERFI

Dreifikerfi sjónvarps nær til 99,9% þjóðarinnar og dreifikerfi útvarps til landsins alls.

KAUP AF SJÁLFSTÆÐUM FRAMLEIÐENDUM

Á tímabilinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011 varði Ríkisútvarpið alls 256 m.kr. án vsk. til kaupa á dagskrár-efni af sjálfstæðum framleiðendum. Skipting efnis og lengd var eins og taflan hér til hliðar sýnir.

Fyrir utan talsetningu barnaefnis eru þetta samtals 72 titlar með mismörgum þáttum og lengd þátta er breytileg. Alls greiddi RÚV 180 m.kr. vegna framangreindra titla. Sumt af þessu efni er ósýnt og greiðsla fyrir suma þætti getur skipst á fleiri en eitt rekstrartímabil. Í talsetningu á barnaefni var varið 76 m.kr.

Einnig má nefna að auk þess að verja 256 m.kr. til kaupa á framleiddu efni leigði RÚV ýmis tæki og búnað af sjálfstæðum framleiðendum fyrir um 10 m.kr. Jafnframt keypti RÚV þjónustu af einstaklingum sem tengjast kvikmyndagerð.



Vilhjálmur Guðmundsson tókumaður á góðviðrisdegi

Heimildarmyndir og heimildarþættir	Framleiðandi	Lengd
Hallgrímur - maður eins og ég	Lykilverk ehf.	0:55
Eins og við værum	Steypa ehf.	0:30
Með hangandi hendi	Krumma Films ehf.	1:32
Land míns föður	Poppoli ehf.	0:58
Röðlaust og beinlaust	Hugó film ehf.	0:48
Áfangastaður Skjaldborg 2011	Edisons lifandi ljósmyndir ehf.	0:28
Draumurinn um veginn	Kvikmyndaverstöðin ehf.	1:47
Álfahöllin	JKH-kvikmyndagerð ehf.	0:57
Saga af stríði og stolnum gersemum	Seylan ehf.	0:55
Walking on Sound	Seylan ehf.	1:30
Fiðruð fíkn	Markell ehf.	1:21
Konsúll Thomsen keypti bíl (3 þættir)	Seylan ehf.	2:00
Af síldinni öll erum orðin rík	Seylan ehf.	0:47
Heita vatnið	Plús Film ehf.	0:56
Fjallamenn á Fimmvörðuhálsi	Seylan ehf.	0:27
Það kom svolítið rafmagn	Seylan ehf.	0:45
Suðurganga Nikulásar	Seylan ehf.	1:20
Jón og séra Jón	Viðsýn ehf.	1:28
Skarfar - einstök aðlögun	Kvik ehf.	0:52
Kraftur - síðasti sprettur	Skotta ehf.	0:45
Backyard	Kjartansson ehf.	1:13
Flúreyjar	Republik ehf.	0:68
Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin	Saga Film ehf.	0:70
Höllin	Mont ehf.	0:52
Björgun og barátta – Varðskipið Óðinn 50 ára	Ljósop ehf.	0:25
Eldur í jökli	Profilm ehf.	0:48
Sesselja	THOR eignarhaldsfélag ehf.	0:48

Kvikmyndir		
Veðramót	Umbi sf.	1:38
Ungfrúin góða og húsið	Umbi sf.	1:36
Karлакórinn Hekla	Umbi sf.	1:33
Órói	Kvikmyndafélag Íslands ehf.	1:33
Með allt á hreinu	Sagnaland ehf.	1:31
Í takt við tímann	Sagnaland ehf.	1:30
Hvítir mávar	Sagnaland ehf.	1:18
Sveitabrúðkaup	Sveitabrúðkaup ehf.	1:35
Mamma Gógó	Kvikmyndafélagið Hughrif ehf.	1:25
Jóhannes	100Ljón ehf.	1:14
Kóngavegur	Kóngavegur ehf.	1:39
Hluti af „Katalog FPF“	Fríðrik Þór Fríðriksson	
Gauragangur	Gemsar ehf.	1:34
Brim	Gemsar ehf.	1:28
Skrapp út	Gemsar ehf.	1:28
Misty Mountain	Gemsar ehf.	0:30
The Good Heart	Gemsar ehf.	1:36
Nói Albínói	Gemsar ehf.	1:28

Leiknar þáttaraðir	Framleiðandi	Lengd
Trío (6 þættir)	CRP ehf.	2:36
Kexvexmiðjan (6 þættir)	Röntgenmyndir ehf.	2:42
Tími nornarinnar (4 þættir)	Kvikmyndafélagið Hughrif ehf.	3:20

Menningar-, fræðslu- og skemmtipættir		
Grillað (8 þættir)	Gunnar Konráðsson	3:20
Gulli byggir (6 þættir)	Krumma Films ehf.	2:42
Músíktílaunir	Immi ehf.	0:57
Nýsköpun - íslensk vísindi (12 þættir)	Lífsmýnd ehf.	5:12
Óratorían Cecília	Saga Film ehf.	1:09
Úr Háskólabíói í Hörpu	Immi ehf.	0:41
Andri á flandri (6 þættir)	Stórveldið ehf.	3:00
Fagur fiskur í sjó (10 þættir)	Saga Film ehf.	4:10
Yesmine - framandi og freistandi í eldhúsinu heima (5 þættir)	Bókaútgáfan Brekka ehf.	5:00
Páll Óskar og Sinfó í Hörpu	Saga Film ehf.	1:36

Stuttmyndir		
Stuttmyndadagar í Reykjavík	Kvikmyndafélag Íslands ehf.	
Freyja		0:13
Shirley		0:05
In Memoriam		0:09
Örstutt jól	Gemsar ehf.	0:10
Anna	Gemsar ehf.	0:36
Njálsgata	Númer 9 ehf.	0:21

Handritsþróun		
Hullinn	Son ehf.	
Jón Oddur og Jón Bjarni	Gemsar ehf.	
Sveitalíf	Ýmsir	

Íþróttir		
Íslenska golfmótaröðin 2011 (6 þættir)	Saga Film ehf.	4:12
Landsmót hestamanna	Kukl ehf.	3:00
Mótókross (7 þættir)	Kukl ehf.	3:09
Landsleikir í knattspyrnu (3 leikir)	Saga Film ehf.	6:00
Þáttur um landsmót UMFÍ	Skotta ehf.	0:30

Talsetning á barnaefni	Stúdíó Sýrland	
------------------------	----------------	--

Ríkisútvarpið ohf.

Ársreikningur

1.9.2010 - 31.8.2011

Ríkisútvarpið ohf.
Efstaleiti 1
150 Reykjavík
kt. 600307-0450

Ríkisútvarpið ohf.

Ársreikningur

1.9.2010 - 31.8.2011

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	65
Skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra	66
Yfirlit um heildarafkomu	67
Efnahagsreikningur	68
Yfirlit um sjóðstreymi	69
Yfirlit um eigið fé	70
Skýringar	71-85

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar Ríkisútvarpsins ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisútvarpsins ohf. fyrir reikningsárið 1. september 2010 til 31. ágúst 2011 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um eigið fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisútvarpsins ohf. á reikningsárinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011, efnahag þess 31. ágúst 2011 og breytingu á handbæru fé á reikningsárinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 29. desember 2011.

Deloitte hf.

Birkir Leósson
endurskoðandi

Signý Magnúsdóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra

Hagnaður Ríkisútvarpsins ohf. á reikningstímabilinu nam kr. 16.205.151 sem er í samræmi við áætlanir félagsins. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 5.560.371.136, bókfært eigið fé í lok reikningstímabilsins er kr. 736.764.925 og eiginfjárlutfall félagsins er 13,25%.

Í lok reikningstímabilsins var einn hluthafi í félaginu eins og við stofnun þess, en félagið er í eigu íslenska ríkisins.

Að álitum stjórnar og framkvæmdarstjóra Ríkisútvarpsins ohf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok reikningstímabilsins, rekstrarárangri reikningstímabilsins og fjárhagslegri þróun á reikningstímabilinu.

Stjórn og framkvæmdarstjóri Ríkisútvarpsins ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir reikningstímabilið með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. desember 2011


Svanhildur Kaaber
Stjórnarformaður


Margrét Frímannsdóttir


Ari Skúlason


Magnús Stefánsson


Magnús Geir Þórðarson

Framkvæmdarstjóri

Páll Magnússon

Yfirlit um heildarafkomu fyrir reikningstímabilið 1.9.2010 - 31.8.2011

	Skýr.	1.9.2010 - 31.8.2011	1.9.2009 - 31.8.2010
Rekstrartekjur	4	4.983.182.274	4.969.899.495
Rekstrargjöld			
Dagskrár- og framleiðslukostnaður		(3.505.541.407)	(3.398.679.576)
Dreifi - og sölukostnaður	4	(428.944.982)	(418.988.801)
Sameiginlegur rekstur og stjórnun	4	(495.351.517)	(478.803.029)
Afskriftir	8,9	(177.456.682)	(185.865.035)
		<u>(4.607.294.588)</u>	<u>(4.482.336.441)</u>
Rekstrarhagnaður		375.887.686	487.563.054
Fjármunatekjur	6	14.559.566	27.572.238
Fjármagnsgjöld	6	(317.097.288)	(338.414.177)
Gengismunur	6	(53.093.525)	82.217.891
Hrein fjármagnsgjöld		<u>(355.631.247)</u>	<u>(228.624.048)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		20.256.439	258.939.006
Tekjuskattur	7,15	(4.051.288)	(53.343.595)
Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins		<u>16.205.151</u>	<u>205.595.411</u>

Efnahagsreikningur 31.8.2011

Eignir

	Skýr.	31.8.2011	31.8.2010
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	4.108.956.317	3.990.111.626
Óefnislegar eignir	9	123.242.976	121.437.694
Reiknuð skattinneign	15	83.766.786	87.818.074
		<u>4.315.966.079</u>	<u>4.199.367.394</u>

Veltufjármunir

Birgðir	10	46.800.377	47.305.421
Samningsbundinn sýningarréttur	11	655.931.937	673.466.309
Viðskiptakröfur	12	261.431.890	250.536.648
Aðrar skammtímakröfur	12	57.390.905	69.010.869
Eign haldið til sölu		0	1.740.179
Markaðsbréf	12	207.315.124	200.036.724
Handbært fé	12	15.534.824	64.995.143
		<u>1.244.405.057</u>	<u>1.307.091.293</u>

Eignir samtals

5.560.371.136 5.506.458.687

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Hlutfé	13	839.723.000	839.723.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár		265.253.903	265.253.903
Ójafnað tap		<u>(368.211.978)</u>	<u>(384.417.129)</u>
Eigið fé samtals		<u>736.764.925</u>	<u>720.559.774</u>

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir	14	3.301.282.073	3.451.898.303
		<u>3.301.282.073</u>	<u>3.451.898.303</u>

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	16	640.844.482	661.233.319
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	319.679.019	303.042.716
Ógreidd laun og launatengd gjöld		460.690.473	247.942.267
Aðrar skammtímaskuldir	16	101.110.164	121.782.308
		<u>1.522.324.138</u>	<u>1.334.000.610</u>

Skuldir samtals

4.823.606.211 4.785.898.913

Eigið fé og skuldir samtals

5.560.371.136 5.506.458.687

Yfirlit um sjóðstreymi tímabilið 1.9.2010 - 31.8.2011

	Skýr.	1.9.2010 - 31.8.2011	1.9.2009 - 31.8.2010
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður tímabilsins		375.887.686	487.563.054
Afskriftir	8,9	177.456.682	185.865.035
Söluhagnaður fastafjármuna		(367.531)	(33.248)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		552.976.837	673.394.841
Vörubirgðir - lækkun		505.044	482.015
Sýningaréttir (hækkun) lækkun		17.534.372	(34.897.125)
Aðrar rekstrartengdar eignir - lækkun		724.722	36.651.488
Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun)		202.970.625	(197.672.925)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		774.711.600	477.958.294
Innborgaðir vextir		15.192.270	26.154.866
Greiddir vextir og gengismunur		(197.979.465)	(131.818.383)
Handbært fé frá rekstri		591.924.405	372.294.777
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	8,9	(327.282.345)	(63.982.945)
		(327.282.345)	(63.982.945)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda	14	(306.236.370)	(304.732.429)
		(306.236.370)	(304.732.429)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		(41.594.310)	3.579.403
Handbært fé í upphafi tímabilsins		265.031.867	261.566.921
Gengismunur af handbæru fé		(587.609)	(114.457)
Handbært fé í lok tímabilsins		222.849.948	265.031.867
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri		370.189.642	567.731.324

Yfirlit um eigið fé tímabilið 1.9.2010 - 31.8.2011

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Ójafnað tap	Eigið fé Samtals
Staða 1.9.2009.....	839.723.000	265.253.903	(590.012.540)	514.964.363
Heildarafkoma tímabilsins.....	0	0	205.595.411	205.595.411
Staða 31.8.2010.....	839.723.000	265.253.903	(384.417.129)	720.559.774
Staða 1.9.2010.....	839.723.000	265.253.903	(384.417.129)	720.559.774
Heildarafkoma tímabilsins.....	0	0	16.205.151	16.205.151
Staða 31.8.2011.....	839.723.000	265.253.903	(368.211.978)	736.764.925

1. Starfsemi

Ríkisútvarpið ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins og starfar á grundvelli laga nr. 6/2007.

Hlutverk Ríkisútvarpsins ohf. er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannabágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps. Ríkisútvarpinu ohf. er einnig heimilt að stunda rekstur sem ekki fellur undir útvarpsþjónustu í almannabágu en ber þá að halda fjárreiðum vegna þess aðskildum frá rekstri útvarpsþjónustu í almannabágu. Ekki var um slíkan rekstur að ræða á reikningsárinu.

2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

Eftirfarandi nýir og endurbættir staðlar (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC) tóku gildi á reikningsárinu en höfðu engin áhrif á reikningsskil félagsins:

IFRS 1 (endurbættur) - *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1.7.2010 eða síðar),

IFRS 3 (endurbættur) - *Sameining félaga* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1.7.2010 eða síðar),

IAS 32 (endurbættur) - *Fjármálagerningar, framsetning* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1.2.2010)

IFRIC 19 (endurbættur) - *Eftirgjöf fjárskulda með útgáfu fjármálagerninga* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1.7.2010 eða síðar),

Minniháttar breytingar voru gerðar á ýmsum stöðlum vegna árlegra endurbóta Alþjóðlegra reikningsskilanefndarinnar (flestar breytinganna taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1.7.2011 eða síðar).

Við samþykkt þessa ársreiknings hafa eftirfarandi nýir eða endurbættir staðlar og túlkanir verið samþykktir, en ekki tekið gildi:

IFRS 1 (endurbættur) - *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1.7.2011 eða síðar),

IFRS 7 (endurbættur) - *Fjármálagerningar, skýringar* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1.7.2011 eða síðar),

IFRS 9 - *Fjármálagerningar* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1.1.2013 eða síðar),

IAS 1 (endurbættur) - *Framsetning reikningsskila* (tekur gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1.1.2011 eða síðar),

IAS 21 (endurbættur) - *Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla* (tekur gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1.7.2011 eða síðar)

IAS 24 (endurbættur) - *Upplysingar um tengda aðila* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1.1.2011 eða síðar),

IAS 28 - *Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum* (tekur gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1.7.2011 eða síðar),

IAS 32 (endurbættur) - *Fjármálagerningar: Framsetning* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1.2.2011 eða síðar)

IAS 34 (endurbættur) - *Árshlutareikningar* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1.1.2011, eða síðar)

IFRIC 13 (endurbættur) *Tryggðarkerfi viðskiptavina* (tekur gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1.1.2011 eða síðar)

IFRIC 14 (endurbættur) *Takmörkun á réttindatengdum eignum, kvæðir um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra* (tekur gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1.1.2011 eða síðar).

3. Reikningsskilaaðferðir

Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Ársreikningur Ríkisútvarpsins ohf. fyrir reikningsárið 1.9.2010 - 31.8.2011 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Grundvöllur reikningsskilanna

Reikningsár Ríkisútvarpsins ohf. er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst árið eftir. Ársreikningur Ríkisútvarpsins ohf. fyrir reikningstímabilið 1. september 2010 til 31. ágúst 2011 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins.

Reikningshaldslegt mat

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður geta verið frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur á bak við matið eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær falla til og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Skráning tekna

Tekjur eru færðar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg að frádregnum afsláttum og vöruskilum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarétti flyst til kaupanda, unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti, líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af viðskiptunum og hægt er að meta kostnað sem tengist viðskiptunum á áreiðanlegan hátt.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við aðferð virkra vaxta.

Eign haldið til sölu

Fastafjármunir eru flokkaðir sem eign haldið til sölu þegar fyrirhugað er að selja eignina fremur en að nýta hana áfram í rekstrinum. Skilyrði þess að eign sé flokkuð sem eign haldið til sölu er að verulegar líkur séu á því að sala muni eiga sér stað og að hægt sé að selja eignina í núverandi ásigkomulagi. Gert er ráð fyrir að sala á eigninni eigi sér stað innan árs frá því eign var flokkuð sem eign haldið til sölu.

Fastafjármunir sem flokkaðir eru sem eign haldið til sölu eru færðir á því sem lægra er, bókfærðu virði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagrur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Fjármögnunarleigusamningar eru færðir til eignar og skuldar miðað við samningsfjárhæð eða fjárhæð sem jafngildir núvirtri lágmarks leigugreiðslu, hvort sem lægra reynist.

Leigugreiðslum er skipt á milli fjármagnskostnaðar og afborgana þannig að hlutfall fjármagnskostnaðar verði óbreytt út samningstímann. Fjármagnskostnaður er gjaldfærður nema þegar hann tilheyrir eignfærsluhæfri eign en þá er hann eignfærður í samræmi við reglur félagsins um meðferð lántökukostnaðar. Ófyrirséðar leigugreiðslur eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Greiðslur af rekstrarleigusamningum eru gjaldfærðar línulega á leigutímanum nema önnur kerfisbundin aðferð endurspegli betur ávinning af notkun eignarinnar. Ófyrirséðar leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til miðað við aðferð virkra vaxta.

Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum skatti. Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður skattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar línulega á áætluðum nýtingartíma að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Á hverjum reikningsskiladegi er vænt hrakvirði eigna og nýtingartími endurmetinn.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir (sýningaréttir/hugbúnaður) eru skráðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Nýtingartími eignanna byggir á samningsbundnum réttindum. Sýningaréttir eru gjaldfærðir við sýningu. Afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar í lok hvers reikningsskilatímabils. Eigin framleiðsla samanstendur af framleiðslukostnaði sem inniheldur keypt aðföng, launakostnað, beinan og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar.

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er farið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna til þess að komast að raun um hvort að eignir þessar hafi orðið fyrir virðisrýrnun. Komi fram slík vísbending er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er (sé um slíkt að ræða). Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki í hærra verð en það sem hefði verið ef virðisrýrnun hefði aldrei verið færð.

Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluverð er áætlað söluverð að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu og gengisbreytinga. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta væntri rýrnun á virði krafna þegar hlutlægar vísbendingar eru til staðar sem benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi sé lægra en áður var talið.

3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning samkvæmt aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á líftíma láns samkvæmt aðferð virkra vaxta.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins skuldbindandi atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti. Skuldbindingar eru metnar við núvirtu áætluðu framtíðarsjóðstreymi. Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er krafa færð til eignar til móts við skuldbindinguna.

Starfsþáttaryfirlit

Rekstur félagsins er á grundvelli laga um Ríkisútvarpið ohf. nr. 6/2007. Megin starfsemi félagsins er útvarpsþjónusta í almannabágu. Í hverjum mánuði er rekstraryfirlit liðins mánaðar lagt fyrir stjórn félagsins. Á grundvelli þess yfirlits er frammistaða metin og ákvarðanir teknar um ráðstöfun fjármuna. Rekstri félagsins er ekki skipt niður á starfsþætti þ.s. reksturinn er allur innan eins starfsþáttar, þ.e. hin lögbundna útvarpsþjónusta í almannabágu. Í mánaðarlega rekstraryfirlitinu er kostnaður brotin niður á ítarlegri hátt en fram kemur í rekstrarreikningi.

4. Sundurliðun rekstarliða

Rekstartekjur greinast þannig:

	1.9.2010 - 31.8.2011	1.9.2009 - 31.8.2010
Þjónustutekjur	3.054.472.839	3.249.464.146
Auglýsingar	1.555.788.295	1.367.290.361
Kostun	179.226.273	136.667.720
Aðrar rekstrartekjur	193.694.867	216.477.268
	<u>4.983.182.274</u>	<u>4.969.899.495</u>

Dreifí- og sölukostnaður greinist þannig:

Dreifikerfi	218.886.662	189.992.435
Auglýsingadeild	210.058.320	228.996.366
	<u>428.944.982</u>	<u>418.988.801</u>

Sameiginlegur rekstur og stjórnun greinist þannig:

Yfirstjórn (stjórn, skrifstofa útvarpsstjóra og fjármáladeild)	220.433.424	213.973.650
Húsnæðis- og annar rekstrarkostnaður	274.918.093	264.829.379
	<u>495.351.517</u>	<u>478.803.029</u>

Skýringar

5. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	1.9.2010 - 31.8.2011	1.9.2009 - 31.8.2010
Heildarlaun	1.667.672.356	1.706.268.919
Lífeyrissjóður	201.659.519	185.349.625
Önnur launatengd gjöld	204.502.877	199.013.455
	<u>2.073.834.752</u>	<u>2.090.631.999</u>
Heildarstöðugildi	298	302

Heildarlaun og þóknarir til tíu helstu stjórnenda félagsins námu 94,4 milljónum (2009/2010: 99 milljónir) á reikningstímabilinu, þar af til útvarpsstjóra 13,3 milljónir króna (2009/2010: 15 milljónir). Stjórnarlaun nema 6,1 milljónum króna (2009/2010: 6 milljónir króna).

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	1.9.2010 - 31.8.2011	1.9.2009 - 31.8.2010
Vaxtatekjur	14.559.566	27.572.238
	<u>14.559.566</u>	<u>27.572.238</u>
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(303.815.045)	(337.172.749)
Önnur vaxtagjöld	(13.282.243)	(1.241.428)
	<u>(317.097.288)</u>	<u>(338.414.177)</u>
Gengismunur	(53.093.525)	82.217.891
Hrein fjármagnsgjöld samtals.....	<u>(355.631.247)</u>	<u>(228.624.048)</u>

7. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 1.9.2010 - 31.8.2011 þar sem tekjuskattstofn félagsins er neikvæður.

Reiknuð skattinneign er færð í efnahagsreikning félagsins þar sem líkur eru taldar á því að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varfærnisssjónarmið réðu því að aðeins er 33,5% af skattinneign félagsins er færð í efnahagsreikning félagsins. Tekjuskattur félagsins er 20%.

Útleiðsla á virku skatthlutfalli:

	1.9.2010 - 31.8.2011		1.9.2009 - 31.8.2010	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	20.256.439		258.939.006	
Skatthlutfall, 20%/18%	<u>4.051.288</u>	20%	<u>46.609.021</u>	18%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>4.051.288</u>	20,0%	<u>46.609.021</u>	18,0%

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Dreifikerfi	Áhöld, tæki og innréttingar	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða 1.9.2009	3.194.933.975	528.226.179	848.702.783	65.700.000	4.637.562.937
Eignfært á tímabilinu	0	10.491.759	132.203.887	0	142.695.646
Selt á tímabilinu	(24.512.683)	0	0	0	(24.512.683)
Endurflokkað	0	0	(3.469.097)	0	(3.469.097)
Staða 31.8.2010	3.170.421.292	538.717.938	977.437.573	65.700.000	4.752.276.803
Eignfært á tímabilinu	0	57.460.065	226.510.821	0	283.970.886
Selt á tímabilinu	0	0	(565.567)	0	(565.567)
Niðurlagt á tímabilinu	0	(149.963.179)	(237.936.248)	0	(387.899.427)
Staða 31.8.2011	3.170.421.292	446.214.824	965.446.579	65.700.000	4.647.782.695
Afskriftir					
Staða 1.9.2009	478.231	221.512.171	369.626.951	126.765	591.744.118
Afskrift tímabilsins	67.700	37.294.423	135.281.382	52.400	172.695.905
Selt á tímabilinu	(545.931)	0	0	0	(545.931)
Endurflokkað	0	0	(1.728.915)	0	(1.728.915)
Staða 31.8.2010	0	258.806.594	503.179.418	179.165	762.165.177
Afskrift tímabilsins	0	40.743.684	124.176.740	52.400	164.972.824
Selt á tímabilinu	0	0	(412.194)	0	(412.194)
Niðurlagt á tímabilinu	0	(149.963.181)	(237.936.248)	0	(387.899.429)
Staða 31.8.2011	0	149.587.097	389.007.716	231.565	538.826.378
Bókfært verð					
Staða 31.8.2010	3.170.421.292	279.911.344	474.258.155	65.520.835	3.990.111.626
Staða 31.8.2011	3.170.421.292	296.627.727	576.438.863	65.468.435	4.108.956.317
Afskriftarhlutföll	0%	6-30%	7-20%	0-1%	

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins eru ekki veðsettir.

	Fasteignamat 31.8.2011	Brunabótamat 31.8.2011	Bókfært verð
Efstaleiti 1	3.274.900.000	3.663.400.000	3.170.421.292
Dreifikerfi	271.318.000	434.224.000	296.627.727
Aðrar eignir	0	0	641.907.298
	3.546.218.000	4.097.624.000	4.108.956.317

Skýringar

9. Óefnislegar eignir

	Hugbúnaður
Kostnaðarverð	
Staða 1.9.2009	57.973.475
Eignfært á tímabilinu	99.035.758
Staða 31.8.2010	157.009.233
Eignfært á tímabilinu	14.289.140
Niðurlagt á tímabilinu	(29.244.221)
Staða 31.8.2011	142.054.152
Afskriftir	
Staða 1.9.2009	22.402.409
Afskrift tímabilsins	13.169.130
Staða 31.8.2010	35.571.539
Afskrift tímabilsins	12.483.858
Niðurlagt á tímabilinu	(29.244.221)
Staða 31.8.2011	18.811.176
Bókfært verð	
Staða 31.8.2010	121.437.694
Staða 31.8.2011	123.242.976
Afskriftarhlutföll	20%

10. Birgðir

	31.8.2011	31.8.2010
Safnadeild	35.596.707	35.596.706
Söluvörur	5.130.312	6.389.689
Rekstrarvörur	6.073.358	5.319.026
	46.800.377	47.305.421

Niðurfærsla birgða nemur 12 milljónum króna (31.8.2010: 12 milljónir króna)
 Birgðir félagsins eru ekki veðsettar.

11. Samningsbundinn sýningarréttur á innlendu og erlendu dagskrárefni

	Samningsbundinn sýningarréttur
Staða 1.9.2009	638.569.184
Nettó breyting á tímabilinu	34.897.125
Staða 31.8.2010	673.466.309
Nettó breyting á tímabilinu	(17.534.372)
Staða 31.8.2011	655.931.937

Skýringar

12. Peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.8.2011	31.8.2010
Innlendar viðskiptakröfur	27.254.582	19.559.520
Erlendar viðskiptakröfur	31.866.544	39.342.487
Útistandandi afnotagjöld	3.637.100	7.700.810
Útistandandi auglýsingakröfur	198.673.664	183.933.831
	<u>261.431.890</u>	<u>250.536.648</u>

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði, mat á virðisrýrnun nemur 145 milljónum króna (31.8.2010: 259 milljónir).
Meðal innheimtutími viðskiptakrafna á reikningsárinu eru 30 dagar. (2009/2010: 38).

Gjaldfallnar viðskiptakröfur sem ekki hafa verið afskrifaðar óbeinni niðurfærslu

	31.8.2011	31.8.2010
Viðskiptakröfur 60-90 daga gamlar.....	3.293.842	3.908.150
Viðskiptakröfur eldri en 90 daga gamlar.....	24.887.387	16.973.363
	<u>28.181.229</u>	<u>20.881.513</u>

Hreyfingar á afskriftareikningi krafna voru eftirfarandi:

	31.8.2011	31.8.2010
Staða afskriftareiknings í upphafi tímabils.....	258.865.390	263.000.000
Endanleg afskrift tímabilsins.....	(143.689.258)	(81.662.753)
Breyting afskriftareiknings á tímabilinu.....	29.823.868	77.528.143
	<u>145.000.000</u>	<u>258.865.390</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.8.2011	31.8.2010
Virðisaukaskattur	36.483.653	28.191.303
Fyrirframgreiddur kostnaður	11.159.916	13.942.038
Fjármagnstekjuskattur	8.999.392	9.825.925
Ógreiddir óinnheimtir vextir	747.944	1.380.648
Aðrar kröfur	0	15.670.955
	<u>57.390.905</u>	<u>69.010.869</u>

Markaðsverðbréf

	31.8.2011	31.8.2010
Staða í upphafi tímabils	200.036.724	0
Keypt á tímabilinu	100.000.000	200.000.000
Selt á tímabilinu	(100.596.860)	0
Verðbreytingar	7.875.260	36.724
Staða í lok tímabils	<u>207.315.124</u>	<u>200.036.724</u>

Skýringar

12. Peningalegar eignir (framhald)

Handbært fé

	31.8.2011	31.8.2010
Sjóður	59.815	59.815
Bankainnistæður í íslenskum krónum	14.824.967	64.222.374
Bankainnistæður í erlendri mynt	650.042	712.954
	<u>15.534.824</u>	<u>64.995.143</u>

13. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	31.8.2011	31.8.2010
Hlutfé	839.723.000	839.723.000
	<u>839.723.000</u>	<u>839.723.000</u>

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 839.723.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

14. Langtímaskuldir

	31.8.2011	31.8.2010
Skuldir í CHF	34.100.779	36.984.776
Skuldir í DKK	0	20.674
Skuldir í EUR	134.178.631	167.592.482
Skuldir í USD	89.596.848	122.746.621
Skuldir í ISK	3.363.084.834	3.427.596.466
	<u>3.620.961.092</u>	<u>3.754.941.019</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(319.679.019)	(303.042.716)
Langtímaskuldir alls	<u>3.301.282.073</u>	<u>3.451.898.303</u>

Stofnað var til allra langtímaskulda félagsins áður en félaginu var breytt í opinbert hlutfélag á árinu 2007. Lán félagsins eru öll með ríkisábyrgð.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	31.8.2011	31.8.2010
Næsta árs afborganir	319.679.019	303.042.716
Afborganir 1.9.2012 - 31.8.2013 / 1.9.2011 - 31.8.2012.....	327.086.415	311.608.835
Afborganir 1.9.2013 - 31.8.2014 / 1.9.2012 - 31.8.2013.....	339.109.599	320.630.334
Afborganir 1.9.2014 - 31.8.2015 / 1.9.2013 - 31.8.2014.....	283.313.797	330.108.665
Afborganir 1.9.2015 - 31.8.2016 / 1.9.2014 - 31.8.2015.....	228.047.569	224.408.169
Afborganir síðar	2.123.724.693	2.265.142.300
	<u>3.620.961.092</u>	<u>3.754.941.019</u>

Skýringar

15. Reiknuð skattainneign

	Reiknuð skattainneign
Staða 1.9.2009	141.161.669
Reiknaður tekjuskattur vegna tímabilsins	(53.343.595)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2011	0
Staða 31.8.2010	87.818.074
Reiknaður tekjuskattur vegna tímabilsins	(4.051.288)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2012	0
Staða 31.8.2011	83.766.786

Reiknuð skattainneign er færð í efnahagsreikning félagsins þegar líklegt er talið að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Það er mat stjórnenda að undirliggjandi rekstur sé sterkur og mun skila skattskyldum hagnaði á næstu reikningstímabilum. Einnig er líklegt að ef til sölu fasteignar kemur þá muni það leiða til skattskylds söluhagnaðar. Það er því mat stjórnenda að rétt sé að fara upp skattainneign og við mat á fjárhæð hennar er horft til þess skattalega taps sem talið er að muni nýtast.

16. Peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.8.2011	31.8.2010
Innlendar viðskiptaskuldir.....	338.183.245	344.577.376
Erlendar viðskiptaskuldir.....	302.661.237	316.655.943
	640.844.482	661.233.319

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.8.2011	31.8.2010
Skuldir við lánastofnanir	319.679.019	303.022.042
Fjármögnunarleigusamningar	0	20.674
	319.679.019	303.042.716

Aðrar skammtímaskuldir

	31.8.2011	31.8.2010
Fyrirframinnheimtar tekjur.....	13.615.490	3.772.974
Ógreiddir áfallnir vextir.....	70.273.413	71.515.524
Aðrar skammtímaskuldir	17.221.260	46.493.810
	101.110.164	121.782.308

17. Ábyrgðir og önnur mál

Eftirlitsstofnun EFTA, er með mál til meðferðar er snertir fjármögnun og rekstur Ríkisútvarpsins ohf. Forráðamenn Ríkisútvarpsins ohf. telja ólíklegt að mál þetta muni hafa áhrif á starfsemi félagsins eða að fjárskuldbinding vegna málsins muni falla á félagið. Skuldbinding vegna þessa hefur því ekki verið færð í ársreikninginn.

18. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum

Áhættustýring

Innan félagsins er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem félagið býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gengisáhætta, útlánaáhætta og lausafjáraáhætta.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhættan nær til vaxtaberandi eigna og skulda. Vaxtaberandi eignir félagsins eru með breytilegum vöxtum. Vaxtaberandi skuldir félagsins í íslenskum krónum eru verðtryggðar með föstum vöxtum og eru því metnar á afskrifuðu kostnaðarverði í bókum félagsins. Þar sem skuldirnar eru verðtryggðar þá hefur þróun neysluvísitölu áhrif á bókfærða stöðu lánanna og sjóðstreymi tengt þeim. Vaxtaberandi skuldir í erlendum gjaldmiðlum bera breytilega vexti. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti.

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á vaxtaberandi eignir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.8.2011		31.8.2010	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	(175.132)	(350.263)	(311.460)	(622.921)

18. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum (framhald)

Gengisáhætta gjaldmiðla

Gengisáhætta gjaldmiðla er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gengisáhættan myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Meirihluti eigna og skulda félagsins er í íslenskum krónum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar félagsins sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Gengi þeirra miðast við lokagengi tímabilsins.

Mynt	31.8.2011	31.8.2010
CHF	141,69	118,35
GBP	185,13	186,25
EUR	164,03	153,35
SEK	18,00	16,37
DKK	22,02	20,60
NOK	21,27	19,13
USD	113,84	120,82

Gengisáhætta 31.8.2011

	Eignir	Skuldir	Nettó staða
CHF	727.314	36.921.360	(36.194.046)
GBP	13.689.410	8.256.348	5.433.062
EUR	6.940.359	340.310.740	(333.370.381)
SEK	3.702	1.851.293	(1.847.590)
DKK	4.680	22.698.714	(22.694.034)
USD	941.711	106.571.512	(105.629.801)
	<u>22.307.176</u>	<u>516.609.966</u>	<u>(494.302.791)</u>

Gengisáhætta 31.8.2010

	Eignir	Skuldir	Nettó staða
CHF	21.557.144	45.235.806	(23.678.662)
GBP	12.075	903.556	(891.481)
EUR	5.196.124	269.897.937	(264.701.813)
SEK	3.385	0	3.385
DKK	0	12.832.498	(12.832.498)
NOK	0	3.848.000	(3.848.000)
USD	1.070.243	166.643.772	(165.573.529)
	<u>27.838.970</u>	<u>499.361.569</u>	<u>(471.522.599)</u>

18. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum (framhald)

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé	31.8.2011		31.8.2010	
	5%	10%	5%	10%
CHF	(1.807.987)	(3.615.953)	(1.183.933)	(2.367.866)
GBP	740.431	1.480.861	(44.574)	(89.148)
EUR	(16.458.567)	(32.917.134)	(13.235.091)	(26.470.181)
SEK	(92.380)	(184.759)	169	339
DKK	(1.178.814)	(2.357.627)	(641.625)	(1.283.250)
NOK	0	0	(192.400)	(384.800)
USD	(5.081.732)	(10.163.463)	(8.278.676)	(16.557.353)
	(23.879.049)	(47.758.076)	(23.576.130)	(47.152.260)

Útlánaáhætta

Í útlánaáhattu felst áhættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að það tapar á fjármálagerningum sínum. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhattu. Ekki er tekið tillit til undirliggjandi trygginga við mat á hámarksútlánaáhattu.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:

	Bókfærð staða	
	31.8.2011	31.8.2010
Viðskiptakröfur	261.431.890	250.536.648
Aðrar kröfur	46.230.989	55.068.831
Markaðsbréf	207.315.124	200.036.724
Handbært fé	15.534.824	64.995.143
	530.512.827	570.637.346

Hámarksútlánaáhætta félagsins er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

18. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum (framhald)

Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem félagið gæti orðið fyrir vegna þess að það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar á réttum tíma. Félagið fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á félagið.

	Innan eins árs	1.9.2012 - 31.8.2013	1.9.2013 - 31.8.2014	1.9.2014 eða síðar	Samtals
Skuldir 31.8.2011					
Óvaxtaberandi	1.075.118.711	0	0	0	1.075.118.711
Með breytilegum vöxtum	73.678.931	73.678.931	73.678.931	36.839.465	257.876.258
Með föstum vöxtum	246.000.077	265.430.666	246.474.338	2.351.772.262	3.109.677.343
	1.394.797.719	339.109.597	320.153.269	2.388.611.727	4.442.672.312
	Innan eins árs	1.9.2012 - 31.8.2013	1.9.2013 - 31.8.2014	1.9.2014 eða síðar	Samtals
Eignir 31.8.2011					
Óvaxtaberandi	655.931.937	0	0	0	655.931.937
Með breytilegum vöxtum	222.849.948	0	0	0	222.849.948
	878.781.885	0	0	0	878.781.885
Nettó staða 31.8.2011	-516.015.834	-339.109.597	-320.153.269	-2.388.611.727	-3.563.890.427
	Innan eins árs	1.9.2011 - 31.8.2012	1.9.2012 - 31.8.2013	1.9.2013 eða síðar	Samtals
Skuldir 31.8.2010					
Óvaxtaberandi	1.018.079.045	0	0	0	1.018.079.045
Með breytilegum vöxtum	77.393.968	77.393.968	77.393.968	95.142.015	327.323.918
Með föstum vöxtum	225.628.074	234.214.868	243.236.367	2.724.517.158	3.427.596.467
	1.321.101.087	311.608.836	320.630.335	2.819.659.172	4.772.999.430
	Innan eins árs	1.9.2011 - 31.8.2012	1.9.2012 - 31.8.2013	1.9.2013 eða síðar	Samtals
Eignir 31.8.2010					
Óvaxtaberandi	324.047.517	0	0	0	324.047.517
Með breytilegum vöxtum	265.031.867	0	0	0	265.031.867
	589.079.384	0	0	0	589.079.384
Nettó staða 31.8.2010	-732.021.703	-311.608.836	-320.630.335	-2.819.659.172	-4.183.920.046

Skýringar

19. Kennitölur

Úr yfirliti um heildarafkomu:	1.9.2010 - 31.8.2011	1.9.2009 - 31.8.2010
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	553.344.368	673.428.089
Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur	11,1%	13,6%
Rekstrarhagnaður / rekstrartekjur	7,5%	9,8%
Afkoma tímabilsins / rekstrartekjur	0,3%	4,1%
Hlutfall þjónustutekna af rekstrartekjum	61,3%	65,4%
Hlutfall auglýsinga og kostunar af rekstrartekjum	34,8%	30,3%
Hlutfall kostunar af auglýsinga- og kostunartekjum	10,3%	9,1%
Hlutfall dagskrár - og framleiðslukostnaðar af rekstrartekjum	70,3%	68,4%
Úr efnahagsreikningi:	31.08.2011	31.08.2010
Greiðsluhæfi		
a) Lausafjárlutfall	0,79	0,94
b) Veltufjárlutfall	0,82	0,98
a) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir	b) Veltufjármunir/skammtímaskuldir	
Fjárhagslegur styrkur		
c) Eiginfjárlutfall	13,3%	13,1%
c) Eigið fé/heildarfjármagn		

20. Sjóðstreymisyfirlit

	1.9.2010 - 31.8.2011	1.9.2009 - 31.8.2010
Hagnaður tímabilsins	16.205.151	205.595.411
Afskriftir	177.456.682	185.865.035
Reiknaðir fjármagnsliðir	172.476.521	122.927.283
Aðrar breytingar	4.051.288	53.343.595
Hreint veltufé frá rekstri	370.189.642	567.731.324
Breyting á:		
Rekstartengdum eignum	18.764.138	2.236.378
Rekstartengdum skuldum	202.970.625	(197.672.925)
Handbært fé frá rekstri	591.924.405	372.294.777

21. Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn félagsins og leyfður til birtingar þann 29. desember 2011.

RÚV starfar samkvæmt lögum nr. 6/2007, sbr. lög nr. 122/2000, lögum nr. 174/2008, lögum nr. 53/2000, þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið dagsettum 23. mars 2007 og nýjum dagsettum 24. maí 2011.

RÚV starfrækir tvær útvarpsstöðvar, Rás 1 og Rás 2, eina sjónvarpsstöð, Sjónvarpið, textavarp og netmiðil, ruv.is.

Hlutverk **RÚV** er að uppfylla menningarlegar, þjóðfélagslegar og lýðræðislegar þarfir í íslensku samfélagi með því að miðla texta, hljóði og myndum.

RÚV kappkostar að miðla með vönduðum hætti fréttum, upplýsingum, menningarefni, fræðsluefni, skemmtiefni og afþreyingu. Sérstök áhersla er lögð á að rækta íslenska tungu, sögu og menningu.

RÚV leggur áherslu á að flytja fréttir og fréttatengt efni af sanngirni og hlutlægni.

RÚV leggur áherslu á að þjóna landsmönnum af natni með því að afgreiða fljótt og vel erindi sem berast og kanna viðhorf og skoðanir almennings á veittri þjónustu.

RÚV varðveitir frumflutt dagskrárefni á aðgengilegu formi.

RÚV gegnir öryggishlutverki og tekur þátt í almannavörnum landsins.



RÍKISÚTVARPIÐ OHF. | EFSTALEITI 1 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 515 3000